



Vaxtarsamningur Suðurlands

Tillögur verkefnisstjórnar að Vaxtarsamningi
Suðurlands, til aukinnar samkeppnishæfni og sóknar

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið - Apríl 2006



Útgefandi: Lónaðar- og viðskiptaráðuneytið
Umsjón og ábyrgð útgáfu: Verkefnisstjórn um Vaxtarsamning Suðurlands
Ritstjóri: Baldur Pétursson
Prentumsjón: Athygli
Prentun: Gutenberg
Ljósmyndir á forsíðu: Ragnar Th Axelsson
1. útgáfa
Upplag: 500 eintök
ISBN: 9979-871-54-7

Efnisyfirlit

I. FORMÁLSORD	5
II. NIÐURSTÖÐUR OG TILLÖGUR.....	6
III. INNGANGUR.....	7
III.1 ALMENNT YFIRLIT.....	7
III.2 STÖRF VERKEFNISSTJÓRNAR.....	8
IV. FORSENDUR, FYRIRMYNDIR OG FRAMTÍÐARSÝN.....	9
IV.1 SVÆÐIÐ OG AFMÖRKUN ÞESS.....	9
IV.2 HUGMYNDAFRÆÐI, FYRIRMYNDIR OG FORSENDUR.....	9
IV.3 VAXTARSAMNINGUR – SJÁLFBÆR FRAMKVÆMD TIL SÓKNAR	10
IV.4 FRAMTÍÐARSÝN	10
V. VAXTARSAMNINGUR HELSTU EINKENNI	11
V.1 HELSTU EINKENNI VAXTARSAMNINGS	11
<i>Einkenni Vaxtarsamnings</i>	11
<i>Skipurit Vaxtarsamnings</i>	12
<i>Markmið Vaxtarsamnings</i>	12
<i>Framkvæmd Vaxtarsamnings</i>	13
<i>Fjármögnun og kostnaður Vaxtarsamnings</i>	13
V.2 ÁHERSLA Á 3 KLASA / VAXTARKJARNNA	14
<i>Klasar Vaxtarsamnings</i>	14
V.3 EINKENNI OG ÁVINNINGUR AF STARFSEMI KLASA	16
VI. ÞRÓUN EFNAHAGS- OG ATVINNUMÁLA Á SUÐURLANDI.....	20
VI.1 SVEITARFÉLÖG Á SUÐURLANDI - ÁHRIFASVÆÐI.....	20
VI.2 MANNFJÖLDI.....	21
VI.3 ALDURSSKIPTING.....	26
VI.4 FJÖLSKYLDUSAMSETNING	27
VI.5 VINNUMARKAÐUR	27
VI.6 ATVINNULEYSI.....	29
VI. 7 TEKJUR OG EFNAHAGUR	29
VI. 8 FYRIRTÆKI	31
VI. 8 MENNTUN	32
VI.9 SAMGÖNGUR.....	34
VI. 10 STÖRF Á VEGUM RÍKISINS Á SUÐURLANDI.....	38
VII. SAMKEPPNISHÆFNI - SVÓT GREINING.....	41
STYRKLEIKAR - SAMKVÆMT SVÓT-GREININGU	42
VEIKLEIKAR – SAMKVÆMT SVÓT-GREININGU	43
ÓGNANIR – SAMKVÆMT SVÓT-GREININGU.....	44
TÆKIFÆRI – SAMKVÆMT SVÓT-GREININGU.....	46
VIII. KLASAR TIL AUKINNAR SAMKEPPNISHÆFNI FYRIRTÆKJA OG SVÆÐA	48
VIII.1 NÁMSKEIÐ UM UPPBYGGINGU, REKSTUR OG NÝTINGU KLASA TIL AUKINNAR SAMKEPPNISHÆFNI FYRIRTÆKJA OG SVÆÐA	49
VIII. 2 ALÞJÓÐLEG VERKEFNI – NPP, NORA, EES/ESB, SÞ, OFL.	50
IX. ALÞJÓÐLEG ÞRÓUN, ALÞJÓÐAVÆÐING, HUGMYNDAFRÆÐI OG FYRIRMYNDIR	52
IX.1 ÁHERSLUR Í RÍKJUM OECD.....	52
IX.2 ÁHERSLUR Í BYGGÐAMÁLUM Í FINNLANDI – OULU – VAXTAKJARNI / KLASI.....	54
<i>Byggðamál</i>	54
<i>Vaxtarsamningur: Growth Agreement 2006 (GA 2006)</i>	54

X. EINSTAKA TILLÖGUR	55
MENNTUN OG RANNSÓKNIR.....	55
1. Háskólanet á Suðurlandi.....	56
2. Efling rannsókna og fræðastarfs í Vestmannaeyjum.....	59
3. Rannsókn- og fræðasetur á Kirkjubæjarklaustri.....	61
4. Suðurlandssetur Náttúrufræðistofnunar Íslands í Vík.....	62
5. Efling Hafrannsóknastofnunar í Vestmannaeyjum.....	63
6. Surtseyjarstofa.....	64
7. Náttúrugripa- og fiskasafn Vestmannaeyja.....	65
FERÐAÞJÓNUSTA OG MENNING.....	66
8. Markaðstofa ferða- og kynningarmála Suðurlands.....	66
9. Menningarsamningur við Suðurland.....	68
10. Efling þróunartækifæra í nálægð þjóðgarða og verndarsvæða.....	69
11. Ferða- og fræðasetur á Suðurlandi.....	70
12. Menningar- og sýningarsetur Hrunamannahrepps.....	71
13. Sóknarfæri í uppsveitum Arnessýslu.....	72
14. Fræðasetur í íslenskri þjóðmenningu, Skógum.....	73
15. Jarðeldasýning á Kirkjubæjarklaustri.....	74
16. Tilgátuklaustur á Kirkjubæjarklaustri.....	75
17. Strandsögusafn Íslands í Vík.....	76
18. Uppbygging safns á Hólmi í Landbroti.....	77
19. Alþjóðlegur köfunarskóli í Klettsvík.....	78
20. Uppgröftur gosminja – Pompei norðursins.....	79
21. Endurbygging Herjólfsbæjar í Herjólfsdal.....	80
22. Tyrkjaránið, söguasetur og safn.....	81
MATVÆLAFRAMLEIÐSLA OG SJÁVARÚTVEGUR.....	82
23. “Tilbúinir réttir fyrir stórneytendamarkað”.....	83
24. Þróun samstarfs til eflingar bleikjuframleiðslu.....	84
25. Eldi á óhefðbundnum sjávardýrum.....	85
26. Þróunar-, markaðs- og sölumiðstöð sjávarafurða í Vestmannaeyjum.....	86
27. Vinnsla aukaafurða úr sjávarfangi.....	87
SAMGÖNGUR.....	88
28. Samgöngubætur milli Reykjavíkur og Selfoss.....	89
29. Efnahagsleg áhrif bættra samgangna við Vestmannaeyjar, með áherslu á Bakkafjöru.....	90
30. Uppbygging Kjalvegur – tenging Norður- og Suðurlands.....	91
31. Jarðgöng í gegnum Reynisfjall.....	92
32. Farsímavæðing við stofnvegi og á helstu ferðamannastöðum.....	93
33. Uppbygging tengivega á Suðurlandi.....	94
34. Urbætur á samgöngum við Vestmannaeyjar.....	95
AÐRAR TILLÖGUR.....	96
35. Orkufrekur iðnaður á Suðurlandi.....	96
36. Kötluvíkur, Vík í Mýrdal.....	96
37. Umhverfisvottað fyrirmyndarsamfélag.....	98
38. Fjölgun starfa og flutningur opinberra stofnana til Suðurlands.....	99
39. Efling nýsköpunar og atvinnuþróunar í Vestmannaeyjum.....	100
40. Fjarkennsla til meginlandsins.....	101
41. Íþrótt- og ólympíumiðstöð á Laugarvatni.....	102
42. Heilsusamfélag Suðurlands.....	103
43. Hestamennska og hrossarékt á Suðurlandi.....	104
44. Ungmenna- og tómstundabúðir í Skógum undir Eyjafjöllum.....	105
VIÐAUKI I	106

I. Formálsorð

Aukin alþjóðavæðing og opnun hagkerfa hefur á umliðnum árum aukið verulega samkeppni og kröfur á hendur atvinnulífi, byggðum og svæðum, um skilvirkni og árangur. Aukna alþjóðavæðingu má glögglega sjá á sviði atvinnulífs, þar sem alþjóðleg samvinna fer sífellt vaxandi, hvort sem um er að ræða útrás íslenskra fyrirtækja eða erlent samstarf á Íslandi. Sem dæmi má nefna EES-samninginn sem er eitthvert stærsta skref sem tekið hefur verið hér á landi á sviði alþjóðavæðingar og opnað fyrir alþjóðlegt samstarf Íslendinga á flestum sviðum atvinnulífs vegna sameiginlegra reglna innan EES-svæðisins sem leiddu til frjáls flæðis á sviði vöru, þjónustu, fjármagns og vinnuafis, auk annarra atriða s.s. á sviði rannsókna, menntamála o.fl.

Á sama tíma hafa einstök svæði og byggðir víðast hvar fengið aukið hlutverk og ábyrgð, þar sem víða í heiminum, m.a. í Evrópu, hefur framkvæmd og umsjón ýmissa verkefna verið í vaxandi mæli færð frá ríki til sveitarfélaga s.s. ráðuneytum - til svæðanna sjálfra. Á seinustu árum hefur þessi þróun breytt áherslum í svæða- / byggðamálum frá því að vera varnarstefna fyrir ákveðnar atvinnugreinar, til alhliða aukinnar samkeppnishæfni og vaxtar atvinnulífs og svæða. Vaxandi áhersla hefur verið lögð á uppbyggingu rannsóknaraðstöðu, háskólastarfs og samstarfs þess við atvinnulíf, sem og aukið samstarfi almennt í atvinnulífi.

Hjá stofnunum s.s. OECD má einnig sjá vaxandi umfjöllun um svæðisbundinn hagvöxt, og stofnunin hefur aukið athuganir og ráðgjöf á þessu sviði. Þetta gefur sterka vísbendingu um að starf á þessu sviði sé mikilvægur hlekkur í samræmdri og skilvirkri efnahags-, skipulags- og hagþróun einstakra svæða og landa, þar sem alþjóðavæðing og samstarf óháð landamærum skiptir sífellt meira máli. Þróun á þessu sviði er ótvírætt frá svokallaðri atvinnugreinastefnu (sectoral policy) til svæðastefnu (regional policy) með áherslu á samkeppnishæfni, þar sem tekið væri tillit til fjölmargra efnahagslegra og félagslegra þátta. Í nýlegri skýrslu OECD¹, koma áður nefnd atriði skýrt fram þar sem m.a. er lögð áhersla á 5 atriði en þau eru :

1. Uppbygging aðstöðu (vísindagarða) fyrir háskóla- og rannsóknastarf – þekkingakjarnar.
2. Áhersla á samstarf og klasaupbyggingu og ráðgjöf á því sviði - vaxtarsamningar.
3. Auka samstarf atvinnulífs, háskóla og rannsóknarstofnana – klasar - aukið fjármagn aðila.
4. Samkeppnishæf starfsskilyrði – efnahags- og gengismál, góðar samgöngur og menntun.
5. Áhersla á sérstöðu og styrkleika hvers svæðis fyrir sig – samkeppnishæfni atvinnulífs.

Segja má að þessi 5 atriði séu kjarninn í sókn atvinnulífs og svæða til aukinnar samkeppnishæfni og vaxtar í framtíð, þar sem byggðamál eru í raun orðin samofin við stefnu stjórnvalda í málum er varða atvinnuþróun, rannsóknir og nýsköpun og mynda því eina heild. Verkefnisstjórnin hefur lagt áherslu á þessi atriði.

Áður nefnd þróun hefur gert kröfur um aukið samstarf á milli hinna ýmsu aðila, opinberra sem einkaaðila, þar sem samkeppnishæfni einstakra byggða byggir í vaxandi mæli á fjölmörgum þáttum á sama hátt og samkeppnishæfni einstakra fyrirtækja. Á seinustu árum hefur mikilvægi aukins samstarfs í atvinnulífi komið í ljós, m.a. í formi klasa eins og vaxtarsamningar hér á landi byggja á. Þetta má glögg sjá viðsvegar um heiminn og bent hefur verið á í ýmsum skýrslum m.a. í ofangreindri skýrslu OECD.

Í nýlegri skýrslu segir Michael E. Porter prófessor hjá Harvard háskóla m.a. “Áhersla á klasa hefur þróast sem ein af megin aðferðum til að auka samkeppnishæfni og hagþróun svæða síðastliðinn áratug. Hundruð klasaverkefna hafa verið sett í gang viðsvegar um heiminn og fjöldinn fer vaxandi. Slíkar áherslur sem eru mismunandi í framkvæmd eru nú viðurkenndur hluti af efnahagslegri framþróun.”² Mikilvægt er því að nýta slíka aðferðafræði og þekkingu til framþróunar á Íslandi, með innlendu sem erlendu samstarfi, eins og gert er í skýrslu þessari.

Sú sýn, verkfæri og markmið sem hér eru sett fram eru veigamikill grunnur að frekari árangri í framtíð varðandi uppbyggingu svæðisins. Árangri einstakra svæða má að vissu leyti líkja við fyrirtæki þar sem árangur byggist á raunhæfu stöðumati og því að taka tillit til breyttra aðstæðna, nýta ný vinnubrögð og tækni til sóknar. Ábyrgð á byggðamálum er að færaðst í meira mæli til viðkomandi byggðarlaga, sem gerir kröfur um nýjar áherslur. Á sama tíma er mikilvægt að starfsskilyrði atvinnulífs og byggða séu hér samkeppnishæf miðað við okkar samkeppnislönd – ekki síst í grundvallaratriðum s.s. gengis- og efnahagsmálum. Þetta gildir ekki síst þar sem alþjóðleg samkeppni er orðin verulega mikil – þar sem lítilsháttar frávik í starfsskilyrðum frá því sem erlendis gerist, getur haft víðtæk áhrif á atvinnulíf þar sem samkeppnishæfni svæða byggist hvað mest á samkeppnishæfu atvinnulífi.

Til að treysta sem best byggðapróun einstakra svæða er afar mikilvægt að skapa kraftmikið, sjálfbært og skapandi ferli, sem hefur ábyrgð á byggðamálum viðkomandi svæða. Tækifærin koma ekki og banka á dymar í byggðamálum frekar en á öðrum sviðum, og því er skilvirkt starf á einstaka svæðum afar mikilvægt. Starfi á sviði byggðamála lýkur hinsvegar aldrei frekar en starfi innan fyrirtækja.

Verkefnisstjórn um Vaxtarsamning Suðurlands

¹ Building Competitive Regions, Strategies and Governance, OECD 2005

² The Cluster Initiative Greenbook, Örjan Sövell, Göran Lindqvist, Christian Ketels, forword by Michael E. Porter, 2003.

II. Niðurstöður og tillögur

NIÐURSTÖÐUR

Suðurland á sér mikla möguleika til vaxtar og þróunar og aukinnar samkeppnishæfni, með þeim aukna fjölbreytileika og bættum lífskjörum sem því fylgir. Þetta byggist á þeim styrkleikum og tækifærum sem fyrir hendi eru á svæðinu, sem og þeim áherslum og tillögum sem hér eru kynntar. Það er jafnframt mat og framtíðarsýn verkefnisstjórnar að fyrir árið 2020 verði íbúatala svæðisins um 26.500. Í fjölskylduvænu samfélagi sem verður eftirsótt vegna atvinnutækifæra, góðrar þjónustu, möguleika til menntunar og nýtingu frítíma, sem byggist á fjölbreyttu, framþróðu, sérhæfðu og samkeppnishæfu atvinnulífi. **Gert er ráð fyrir að íbúum Suðurlands í heild fjölgi árlega að meðaltali um a.m.k. 1,2%.**

Í umfjöllun verkefnisstjórnar var lögð áhersla á 5 megin atriði sem mikilvægt er að leggja áherslu á í stefnumótun og verkefnum í þessari skýrslu sem og annarri stefnumótun stjórnvalda er svæðið varðar.

1. Uppbygging aðstöðu (vísindagarða) fyrir háskóla- og rannsóknastarf – þekkingakjarnar.
2. Áhersla á samstarf og klasaupbyggingu og ráðgjöf á því sviði - vaxtarsamningar.
3. Auka samstarf atvinnulífs, háskóla og rannsóknarstofnana – klasar - auknið fjármagn aðila.
4. Samkeppnishæf starfsskilyrði – efnahags- og gengismál, góðar samgöngur og menntun.
5. Áhersla á sérstöðu og styrkleika hvers svæðis fyrir sig – samkeppnishæfni atvinnulífs.

Með hliðsjón af þessum áherslum má flokka tillögur um aðgerðir í þrjá flokka:

1. Efla helstu byggðakjarna s.s. Árborgarsvæðið og Vestmannaeyjar og jaðarbyggðir á svæðinu.
2. Tillaga um vaxtarsamning.
3. Aðrar tillögur um áherslur og verkefni.

Vakin er sérstök athygli á mikilvægi samkeppnishæfra starfsskilyrða s.s. í gengismálum þar sem breytingar á þeim atriðum hafa mikil áhrif á afkomu atvinnulífs, hvort sem þau stunda útflutning eða eru á innlendum samkeppnismarkaði. Þetta á einnig við önnur atriði s.s. samgöngumál sem er hluti af innviðum hvers þjóðfélags.

TILLÖGUR

1. Efling helstu byggðakjarna s.s. Árborgarsvæðis, Vestmannaeyja og jaðarsvæða.

Markmið er að efla helstu byggðakjarna svæðisins s.s. Árborgarsvæðið og Vestmannaeyjar sem kjarna stjórnsýslu, menntunar, rannsókna og þjónustu, auk þess sem jaðarsvæði verði eflað. Sérstaklega verði horft til þess að byggja upp frekari aðstöðu fyrir háskóla- og vísindastarf til að efla þekkingarkjarna svæðisins.

2. Vaxtarsamningur

Gerður verði Vaxtarsamningur Suðurlands frá miðju ári 2006 til ársloka 2009. Ávinningur vaxtarsamnings er að festa í sessi til langs tíma kraftmikið og skilvirkt starf sem miðar að auknum hagvexti svæðisins, auknum fjölbreytileika í atvinnulífi, efla svæðisbundna sérþekkingu og vaxtagreinar og fjölgun starfa. Þetta verði gert með því m.a. að stuðla að uppbyggingu og vexti klasa og tengslaneta helstu aðila á eftirfarandi kjarnasviðum:

- 1) Mennta- og rannsóknarklasi
- 2) Menningar- og ferðaþjónustuklasi.
- 3) Sjávarútvegs- og matvælaklasi.

Árlega verði varið 30 - 40 m.kr. til verkefnisins, sem fjármagnað verði af ríki, sveitarfélögum, stofnunum og atvinnulífi. Skipuð verði stjórn Vaxtarsamnings sem í eigi sæti fulltrúar frá helstu aðilum á svæðinu.

3. Tillögur um beinar aðgerðir á einstaka sviðum

Samhliða því að starfsemi vaxtarsamnings komi til framkvæmda, er afar brýnt að ráðist verði í aðgerðir á einstaka sviðum. Forgangstillögum um aðgerðir er hér skipt í 4 megin flokka:

1. Mennta- og rannsóknarklasi

- Háskólanet Suðurlands - fjárhagslegur grunnur treystur.
- Rannsókn- og fræðasetur á Kirkjubæjarklaustri.
- Efling rannsókn- og fræðaseturs í Vestmannaeyjum.
- Surtseyjarstofa í Vestmannaeyjum.

2. Menningar- og ferðaþjónustuklasi

- Markaðsstofa Suðurlands.
- Uppbygging og varðveisla minja og menningarsögu Vestmannaeyja (4 tillögur).
- Uppbygging ferðamannaleiða í Mýrdal.
- Alþjóðlegur köfunarskóli í Klettsvík, Vestmannaeyjum.

3. Sjávarútvegs- og matvælaklasi

- Eldi á óhefðbundnum tegundum.
- Matarkistan Suðurland.
- Vinnsla aukaafurða úr sjávarfangi.

4. Tillögur á öðrum sviðum

- Fjögurra akgreina vegur á milli Reykjavíkur og Selfoss.
- Jarðgöng í gegnum Reynisfjall.
- Úrbætur í samgöngum við Vestmannaeyjar.

Þessum tillögum er öllum lýst aftur í skýrslu þessari. Áhersla er lögð á að hraða framkvæmd þessara tillagna.

III. Inngangur

III.1 Almenn yfirlit

Þann 10 mars 2005, skipaði iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Valgerður Sverrisdóttir, verkefnisstjórn til að vinna að aðgerðum í byggðamálum á Suðurlandi og í Vestmannaeyjum. Í skipunarbréfi verkefnisstjórnarinnar segir m.a.: “Þann 3. maí 2002 samþykkti Alþingi tillögu til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002 – 2005. Í III. kafla þingsályktunarinnar eru settar fram tillögur um aðgerðir til styrktar einstökum byggðarlögum landsins. Margvíslegt starf hefur verið unnið á grunni þessarar stefnumörkunar, m.a. er varðar byggðakjarna og vaxtarsamning fyrir Eyjafjarðarsvæðið, sem þegar er kominn til framkvæmda frá júlí 2004, og fyrir liggur skýrsla og ákvörðun iðnaðarráðherra um sambærilegar áherslur við gerð vaxtarsamnings fyrir Vestfirði.

Á grunni þessarar stefnumörkunar hafa farið fram umræður um sambærilegt starf fyrir Suðurland og Vestmannaeyjar. Því hefur iðnaðarráðherra nú ákveðið að efna til sambærilegrar vinnu er nái til Suðurlands og Vestmannaeyja, þar sem taka skal mið af þeim áherslum sem unnar voru fyrir Eyjafjörð og Vestfirði. Skipuð verði verkefnisstjórn sem fari með umsjón þessa verkefnis, og er hlutverk hennar að gera tillögu til ráðherra um stefnumörkun í byggðamálum á Suðurlandi, m.a. með sérstöku tilliti til Vestmannaeyja og hvaða kostir komi helst til greina við að treysta vöxt og samkeppnishæfni svæðisins. Með tillögum fylgi áætlun um aðgerðir þar sem komi markmið þeirra, forsendur, ábyrgð á framkvæmd, þátttakendur, ásamt tíma- og kostnaðaráætlun. Óskað er eftir að verkefnisstjórnin taki mið af skýrslum sem nýlega voru unnar fyrir ráðuneytið og varða Eyjafjörð og Vestfirði.”

Í verkefnisstjórnina voru skipaðir:

Baldur Pétursson, deildarstjóri, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, formaður,
Bergur Elías Ágústsson, bæjarstjóri, Vestmannaeyjum,
Elliði Vignisson, kennari, varaforseti bæjarstjórnar, Vestmannaeyjum,
Friðrik Pálsson, hótelsstjóri, Reykjavík,
Guðrún Erlingsdóttir, forseti bæjarstjórnar, Vestmannaeyjum,
Orri Hlöðversson, bæjarstjóri, Hveragerði,
Elín Einarsdóttir, oddviti Mýrdalshrepps, Vík,
Þorvarður Hjaltason, framkvæmdastjóri, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Selfossi
Þorvaldur Guðmundsson, formaður bæjarráðs Árborgar og
Eyjólfur Árni Rafnsson, framkvæmdastjóri Hönnunar, Reykjavík.

Með verkefnisstjórninni störfuðu Karl Friðriksson, framkvæmdastjóri á Iðntæknistofnun og Kristján Óskarsson, sérfræðingur á Iðntæknistofnun, Róbert Jónsson og Örn Þórðarsson frá Atvinnuþróunarsjóði Suðurlands og Páll Marvin Jónsson, forstöðumaður Rannsókn- og fræðaseturs Vestmannaeyja.

Meginþunginn í tillögugerð nefndarinnar byggir á atriðum er varðar eflingu háskóla- og rannsóknarstarfs, auknu samstarfi þess við atvinnulífið, sem og auknu samstarfi almennt innan atvinnulífsins s.s. í formi klasa eins og fram kemur í niðurstöðum. Samhliða verði almenn starfsskilyrði á svæðinu treyst. Einnig verði byggt enn frekar á helstu styrkleikum og tækifærum svæðisins á sviði sjávarútvegs- og matvælaframleiðslu, menntunar og rannsókna og menningar og ferðaþjónustu. Á þessum 3 stöðum byggir verkefnisstjórnin helstu tillögur sínar, ásamt því að benda á umbætur í samgöngumálum og samskiptum sveitarfélaga sem geta styrkt umræddar stöðir.

Markmið tillagnanna er fyrst og fremst að auka hagvöxt svæðisins og fjölga atvinnutækifærum og treysta byggðakjarna svo þeir geti enn frekar sinnt því lykilhlutverki sínu að vera miðstöð atvinnu, menningar og þjónustu á svæðinu, og er Vaxtarsamningur – einskona verkfæri til að ná þessum markmiðum. Samstillt átak aðila s.s. frá sveitarstjórnnum, atvinnulífi, fjármálastofnunum ríkisvalds, rannsóknarstofnunum og háskólum, er nauðsynlegt til að árangur náist.

III.2 Störf verkefnisstjórnar

Verkefnisstjórnin hefur nú unnið rösklega í tæpt eitt ár að gagnasöfnun, viðtölum við heimamenn og aðra, á sama tíma og miðlað hefur verið til landsins erlendri ráðgjöf á sviði byggðamála. Samvinna og samstarf hefur verið við vaxtarsamninga annarra svæða. Í starfi verkefnisstjórnar hefur verið lögð áhersla á samspil og aukna samvinnu allra aðila; einstaklinga, samtaka, atvinnulífs, sveitarfélaga og opinberra aðila – sem og aukið samstarf á milli dreifbýlis og þéttbýlis. Á sama tíma hefur verið lögð sérstök áhersla á samkeppnishæfni svæðisins á öllum sviðum með hliðsjón af þróun alþjóðavæðingar. Segja má að störf verkefnisstjórnar séu nýstárleg – þar sem m.a. er tekið mið af alþjóðlegum áherslum og nýjungum á sviði atvinnu- og byggðamála, en þau eru m.a.³

1. Uppbygging aðstöðu (vísindagarða) fyrir háskóla- og rannsóknastarf – þekkingakjarnar.
2. Áhersla á samstarf og klasaupbyggingu og ráðgjöf á því sviði - vaxtarsamningar.
3. Auka samstarf atvinnulífs, háskóla og rannsóknarstofnana – klasar - aukið fjármagn aðila.
4. Samkeppnishæf starfsskilyrði – efnahags- og gengismál, góðar samgöngur og menntun.
5. Áhersla á sérstöðu og styrkleika hvers svæðis fyrir sig – samkeppnishæfni atvinnulífs.

Í megin atriðum má segja að áherslum í störfum verkefnisstjórnar megi skipta í 4 flokka


1. Gagnasöfnun,
2. Samstarf við helstu aðila á svæðinu.
3. Upplýsingamiðlun frá erlendum aðilum og
4. Skipuleg greining á sóknarfærum svæðisins.

Vinna á áður nefndum áherslusviðum hefur síðan komið fram í margvíslegum fundum víðsvegar á Suðurlandi og í Vestmannaeyjum, verkefnum og samstarfi, við innlenda sem erlenda aðila. Þann 5. október 2005 var t.d. haldinn kynningarfundur á Hótel Selfossi sem bar yfirskriftina Vaxtarsamningur Suðurlands, umfjöllun um áherslur og tillögur.

Með fjölmörgum fundum í Vestmannaeyjum og á Suðurlandsundirlendi hefur verið lögð áhersla á samstarf við aðila á svæðinu, almenning sem sérfræðinga. Á fundinum 5. október var fenginn erlendur sérfræðingur, Alec Hansen, til að fjalla um samkeppnishæfni og klasamál, en hann er forseti The Competitiveness Institute sem jafnframt rekur ráðgjafarfirmatækið Economic Competitiveness Group í Bandaríkjunum en hann hefur rannsakað þetta fyrirbæri frá árinu 1992. Alec hefur m. a. unnið að klasaverkefnum fyrir Alþjóðabankann og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

Í máli hans kom m.a. fram að upphafið að klasarannsóknum má rekja til þess að prófessor Michael Porter við Harvard háskóla fór að rannsaka hvernig hnattvæðingin varð fyrirtækjum eða svæðum til framdráttar og komst að því að þeir aðilar sem nutu góðs af þróuninni áttu ýmislegt sameiginlegt. Það kom í ljós að fyrirtæki innan svæða sem nutu góðs af hnattvæðingunni tengdust oft á einhvern hátt. Þau unnu saman að verkefnum, þjálfun starfsfólks var svipuð eða jafnvel sameiginleg og það sama átti við um vöruþróun. Jafnframt áttu þau oft í góðu samstarfi við hið opinbera sem veitti þeim aðstoð við ýmsa efnahagslega innviði. Þetta ákvað hann að kalla klasa og sagði hann þetta vera sérhæfða samsöfnun fyrirtækja sem ná betri árangri.

Þá komu til sögunnar hagfræðingar sem höfðu sérhæft sig í efnahagslegri þróun og bentu á að slíkir klasar hefðu orðið til af sjálfu sér og bentu máli sínu til stuðnings á Hollywood eða Detroit-borg. Ennfremur veltu þeir því fyrir sér hvort hægt væri að stuðla að því að slíkir klasar yrðu til. Þetta er það sem Ísland er að vinna að í dag, þ.e. að reyna að mynda klasa í ýmsum landshlutum þar sem mikil áhersla er lögð á sjávarútveg, matvælaframleiðslu eða ferðamannaíðnað. Það er mikilvægt að fá þessi fyrirtæki (eða svæði) til þess að sérhæfa sig enn frekar, skilgreina það svið sem hæfir þeim best og jafnvel að þau bæti við þeim rannsóknarræðum sem þörf er á. Efnahagslegur vöxtur er mjög "dýnamískt" fyrirbæri sem smitar út frá sér sérstaklega í gegnum tengslanet og klasar eru þess eðlis að þeir tengjast yfirleitt saman. Þetta eru atriði sem þekkjast út um allan heim.



^{3 3} Building Competitive Regions, Strategies and Governance, OECD 200

IV. Forsendur, fyrirmyndir og framtíðarsýn


IV.1 Svæðið og afmörkun þess

Þar sem talað er um íbúafjölda svæðisins er miðað við svæðið frá sveitarfélaginu Ölfusi í vestri til Skaftárhrepps í austri að Vestmannaeyjum meðtöldum og þjónar þessi skilgreining einungis tölfraðilegu hlutverki. Þetta er sama svæði og fyrri kjördæmaskipan.

Þrátt fyrir þessa skilgreiningu munu áhrif byggðaaðgerða í þessum kjarna ná út fyrir þetta svæði til austurs og vesturs.

Höfuðborgarsvæðið hefur einnig veruleg áhrif á byggðakjarna Suðurlands í kringum Árborgarsvæðið sökum nálægðar og stærðar þess. Í raun má segja að Árborgarsvæðið sé einskonar útjaðar höfuðborgarsvæðisins og njóti margvíslegs ávinnings er því fylgir.

Einng er ljóst að um leið og ákveðin kjarnabyggð styrkist á Suðurlandi, hefur það ekki einungis jákvæð áhrif á nærliggjandi byggðarlög, heldur og einnig á þau byggðarlög sem fjær liggja á svæðinu.



Öflugur þéttbýliskjarni sem er innan við 1-2 klst. akstursleiðar bætir grannsvæðum aðgengi að þjónustu, afþreyingu, menningarstarfsemi, menntun, sérhæfðri heilbrigðisþjónustu og þar með búsetuskilyrði þeirra. Skilyrði til atvinnurekstrar batna einnig vegna nálægðar við þjónustu, þekkingu, stærri markað, og fleiri viðskiptatækifæri, auk þess sem ferðamannastraumur eykst til þessara svæða.

IV.2 Hugmyndafræði, fyrirmyndir og forsendur

Í störfum nefndarinnar og mótun tillagna hefur verið lögð megin áhersla á samstarf og ráðgjöf við hina ýmsu aðila á svæðinu, einkaaðila sem opinbera aðila, atvinnulíf og launþega – sem og aukið samstarf á milli dreifbýlis og þéttbýlis. Á sama tíma hefur einnig verið lögð megin áhersla á nýjungar í vinnubrögðum um byggðamál og ráðgjöf erlendra sérfræðinga á sviði byggðamála – þar sem horft er til reynslu og þróunar, með hliðsjón af áhrifum alþjóðavæðingar á samkeppnishæfni atvinnulífs, svæða og einstakra landa. Segja má að forsendum þessara tillagna megi skipta í fernt:

1. Áhersla á sérstöðu og styrkleika svæðisins
2. Uppbygging háskóla- vísindastarfs og þekkingarkjarna
3. Aukið samstarf atvinnulífs, háskóla og rannsóknarstofnana s.s. með klasasamstarfi.
4. Samkeppnishæf og góð starfsskilyrði – sem forsendu sóknar.

Störf nefndarinnar eru nokkuð nýstárleg – og taka mið af alþjóðlegum áherslum og nýjungum á sviði byggðamála og því mótast tillögur af þessum áherslum. Í þessu sambandi hefur m.a. verið horft til reynslu Finnlands með kjarnauppbyggingu byggðar, þar sem áhersla er lögð á öflugt starf háskóla, rannsóknarstofnana og samstarf þessara stofnana við atvinnulíf, m.a. með samstarfsverkefnum s.s. vaxtarsamningum sem hafa skilað góðum og markvissum árangri. Kjarni í öflugri byggðaðbrun er samkeppnishæfni svæða með öflugum samstarfi helstu aðila, ekki einungis innan viðkomandi svæða og landa – heldur og ekki síður á alþjóðavettvangi. Jafnframt er í tillögum nefndarinnar stuðst við erlenda reynslu og ráðgjöf á sviði byggðamála, þar sem nýtt er það sem vel hefur tekist erlendis.

IV.3 Vaxtarsamningur – sjálfbær framkvæmd til sóknar

Til að tryggja framgang þessara áherslna verði slíkt gert með sérstöku skipulegu samstarfi einkaaðila og opinberra aðila - sem hér er kallað vaxtarsamningur – einskona sjálfbæru stjórnunar- og framkvæmdarferli. Í tillögum verkefnisstjórnar er lagt til að vaxtarsamningur gildi frá miðju ári 2006 til ársloka 2009. Stefnt skal að því að hann verði þá tekinn til endurskoðunar á sama hátt og gert hefur verið t.d. í Finnlandi.

Framkvæmdin miðar að frekari uppbyggingu viðkomandi kjarna með klasafyrirkomulagi og samstarfsneti aðila s.s. einstaklinga, háskóla, rannsóknarstofnana, atvinnulífs, sveitarfélaga og ríkis um slíka uppbyggingu, þar sem byggt verði á vinnuaðferðum er því tengjast, m.a með öflugum ráðgjafa- og stuðningsferli á þessu sviði, sjá nánar kafla um klasa. Kostnaður vegna þessa samstarfs verði borinn af þátttökuaðilum, ríki, sveitarfélögum, stofnunum og atvinnulífi.

Kjarni í þessu starfi er uppbygging klasa og tengslaneta helstu aðila á viðkomandi kjarnasviðum sem og öðrum sviðum og verkefnum er þeim tengjast í skipulegt netsamstarf. Víða erlendis hefur starfsemi klasa færst verulega í vöxt, ekki síst til að tryggja aukna samkeppnishæfni viðkomandi starfsemi atvinnulífs og svæða. Klasar geta því átt við hvort sem um er að ræða starfsemi í þéttbýli eða dreifbýli, þó að í báðum tilvikum sé æskilegt að ákveðnar forsendur í atvinnulífi séu til staðar, s.s. fjöldi fyrirtækja o.fl. Aukið mikilvægi klasa er ekki síst hluti af þróun alþjóðavæðingar og þeim breytingum sem orðið hafa í viðskiptaumhverfi á seinustu árum, ekki síst með auknu frjálsræði á öllum sviðum s.s. innan EES-samningsins.

Sterka klasa í atvinnulífi og byggðum má víða sjá á Vesturlöndum sem öðrum hlutum heimsins, innan Evrópu sem annars staðar. Verkefnisstjórnin hefur m.a. fengið hingað til lands alþjóðlega sérfræðinga á sviði klasa og kynnt sér slíkt fyrirkomulag erlendis eins og t.d. á Oulu svæðinu í Finnlandi, en þar hefur tekist að byggja upp alþjóðlegan klasa fyrirtækja á rafeindasviði á undanföllum árum, ekki síst á grunni klasa vaxtarsamninga eins og hér er byggt á. Varðandi nánari lýsingu á helstu atriðum Vaxtarsamnings er vísað í síðari kafla.

IV.4 Framtíðarsýn

Það er mat aðila að Suðurland eigi sér mikla möguleika til vaxtar, þróunar og aukinnar samkeppnishæfni, með þeim aukna fjölbreytileika og bættum lífskjörum sem því fylgir. Þetta byggist á þeim styrkleikum sem fyrir hendi eru á svæðinu, samhliða nýjum áherslum og aukinni sókn í þau tækifæri sem hægt er að nýta. Það er mat aðila að sýn til framtíðar byggist á þeim styrkleika og þeim miklu tækifærum sem framundan eru og mælt með því að hún verði eftirfarandi:

Fyrir árið 2020 verði íbúatala Suðurlands um 26.500 í fjölskylduvænu samfélagi, sem byggist á fjölbreyttu og samkeppnishæfu atvinnulífi og verður eftirsótt vegna góðrar þjónustu, möguleika til menntunar og nýtingar frítíma.

Kjarninn í þessari sýn er fjölbreytt, framþróað, sérhæft og samkeppnishæft atvinnulíf með sterk alþjóðleg tengsl. Þetta verði grunnur að eftirsóttu og fjölskylduvænu samfélagi, vegna góðrar þjónustu, möguleika til menntunar og nýtingu frítíma. Fyrir árið 2020 verði íbúatala Suðurlands komin í um 26.500.

Umfjöllun um markmið, fjölgun íbúa og starfa til 2009 og til 2020

Í þessari skýrslu er gert ráð fyrir að íbúum Suðurlands muni fjölga um 4.070 fram til ársins 2020, eða frá um 22.400 í árslok 2005 í um 26.470. Þetta þýðir að árleg fjölgun íbúa yrði um a.m.k 290 að meðaltali, eða 1,2%. Sé miðað við 65% atvinnuþátttöku af íbúafjölda þýðir þetta fjölgun starfa um 2.645 fram til 2020, eða frá 14.560 í um 17.206. Sé horft til fyrsta tímabils vaxtarsamnings, þ.e. 2006 – 2009 þýðir þetta fjölgun íbúa um 816, frá 22.400 og í 23.216 og fjölgun vinnuafls um 530 eða frá 14.560 í 15.090.

V. Vaxtarsamningur helstu einkenni


Varðandi helstu atriði þessa kafla er stuðst við efni frá skýrslu um vaxtarsamning Eyjafjarðarsvæðisins og Vestfjarða, samhliða annarri gagnavinnu er þetta varðar.

V.1 Helstu einkenni Vaxtarsamnings

Einkenni Vaxtarsamnings

- Sameiginleg stefnumörkun samstarfsaðila fyrir vaxtargreinar á svæðinu
- Tengir saman atvinnulíf, rannsóknarstofnanir, háskóla o.fl. og í skipulegt samstarfsnet
- Samanstendur af vaxtarklössum sem og stuðningsverkefnum

Eins og fram kemur hér eru einkenni vaxtarsamnings tengd sameiginlegri stefnumörkun og samstarfi helstu aðila er miða að uppbyggingu vaxtarkjarna og tengslaneta er það varðar.




Mynd: Með samstarfi innan vaxtarsamnings er unnið að stefnumótun og samkeppnishæfni atvinnulífs og svæða, á sviði klasa og samstarfs, sem stuðlar að myndun þekkingarkjarna (Centre of Expertise).

Hvað samstarfsformið varðar, má lýsa því með myndinni hér að ofan, þar sem sjá má helstu aðila s.s. háskóla og rannsóknarstofnanir, ráðgjafar og vísindagarða þar sem þeir eru, atvinnulíf, svæðisstofnanir og fjármálafyrirtæki sem og ríkis, bæja og sveitarfélaga. Framlag þessara aðila er í formi þekkingar og vísinda, verkefnastjórnunar, viðskipta, verkefnafjármögnunar og uppbyggingar innviða og fjármögnunar. Með samstarfi þessara aðila er mögulegt að móta samræmdari stefnu er varðar aukna samkeppnishæfni og vöxt, atvinnulífs og svæðisins.

Skipurit Vaxtarsamnings

Skipuriti vaxtarsamnings má lýsa í eftirfarandi mynd, en aðild að stjórn eiga almennt fulltrúar helstu aðila á viðkomandi svæði eins og sýnt var hér að framan, s.s. frá atvinnulífi, háskólum, rannsóknarstofnunum, ríki, bæjum, sveitarfélögum, svæðastofnunum og fjármálastofnunum.

Skipuritið er þó almennt svipað og gerist hjá fyrirtækjum á markaði, þar sem stjórn annast stefnumótun, en rekstur kemur í hlut framkvæmdastjóra og klasastjóra skv. nánari ákvörðunum og stefnu framkvæmdastjórnar. Hlutverk framkvæmdarstjóra er að annast rekstur vaxtarsamningsins en hlutverk klasastjóra er að hvetja til og efla samstarf / klasasamstarf fyrirtækja á markaði þeirra í milli og /eða við aðra aðila s.s. háskóla, rannsóknarstofnanir eða aðra aðila – innan eða utan svæðis.



Markmið Vaxtarsamnings


- Auka samkeppnishæfni svæðisins og efla hagvöxt.
- Þróa og styrkja vaxtargreinar svæðisins og efla svæðisbundna sérþekkingu.
- Að fjölga samkeppnishæfum vörum, þjónustu, fyrirtækjum og störfum.
- Nýta möguleika sem skapast með aðild að alþjóðlegum verkefnum. Að laða að alþjóðlega fjárfestingu og þekkingu

Markmið samningsins er að auka samkeppnishæfni svæðisins byggða á styrkleikum og tækifærum og efla þannig hagvöxt. Þetta verði gert með því að þróa og styrkja vaxtargreinar svæðisins og efla svæðisbundna sérþekkingu sem fjölgi um leið samkeppnishæfum vörum, þjónustu, fyrirtækjum og störfum. Jafnframt er mikilvægt að nýta með skilvirkum hætti möguleika sem skapast með aðild að alþjóðlegum verkefnum og tengslum og styrkja þannig Suðurland sem alþjóðlega miðstöð sérþekkingar og laða að alþjóðlega fjárfestingu og þekkingu.

Sérstök áhersla verði á hina margvíslegu aðferðafræði er treysti samkeppnishæfni atvinnulífs og þar með svæðisins. Eitt af þeim atriðum sem mikilvægt er að vinna að er nýting á innlendum sem erlendum samanburðarrannsóknnum á atriðum er varða samkeppnishæfni svæðisins við höfuðborgarsvæðið sem og samkeppnissvæði erlendis. Í þessu sambandi er mikilvægt að efla markvissa umfjöllun um samkeppnishæfni, s.s. með fundum og ráðstefnum, þar sem fengnir verða innlendir og erlendir sérfræðingar á þessu sviði, þar sem samkeppnishæfni er grundvallar forsenda árangurs til lengri tíma lítið.

Framkvæmd Vaxtarsamnings

- Efla uppbyggingu klasa á ákveðnum kjarnasviðum og verkefnum er þeim tengjast
- Veita ráðgjöf um klasa - er nái einnig til aðila utan kjarnasviða, sé þess óskað.
- Einstaka klasaverkefni verða sjálfstæð og óháð. Starfsemi einstakra klasa byggist á starfi sem þekkt er í klasaverkefnum. Vaxtarsamningur nái frá 2006 til ársloka 2009, en verði þá endurmetinn.
- Aðild að Vaxtarsamningi verði frá ríki, sveitarfélögum, atvinnulífi og stofnunum.
- Ráðinn verði framkvæmdaraðili og ráðgjafi er sinni þessum störfum. Skilgreina markmið og starfsemi, m.a. vöxt og fjölda starfa eftir klösum. Áhersla verði lögð á samkeppnishæfni, samanburðarrannsóknir, verkefni o.fl.



Meginverkefni vaxtarsamnings er að stuðla að uppbyggingu klasa og tengslaneta helstu aðila á viðkomandi kjarnasviðum og verkefnum er þeim tengjast í skipulegt netsamstarf. Þetta verði gert með áherslum sem byggjast á starfslýsingum sem þekktar eru í klasaverkefnum og einstaka klasaverkefni verði sjálfstæð og óháð og starfi á forræði viðkomandi aðila. Einnig verði sinnt ráðgjöf um aukið samstarf á sviðum utan kjarnasviða verði þess óskað. Mikilvægt er að í upphafi starfstíma verði veitt upplýsingamiðlun s.s. í formi námskeiðs með innlendum og erlendum aðilum um framkvæmd klasa.

Vaxtarsamningur, staða, aðgerðir og áhrif - verði einnig metin árlega. Eins og fram kemur á myndinni, er almennt hlutverk opinberra aðila, s.s. hvað fjármögnun varðar, meira en einkaaðila – þar sem hlutverk opinberra aðila er að styrkja þessa þróun eins og kostur er. Þegar frá líður og hlutur einstaklinga og fyrirtækja vex, minnkar að sama skapi hlutverk opinberra aðila. Hlutverk opinberra aðila er því að styðja við sjálfbæra þróun á þessu sviði.

Til að annast framkvæmd þessa verði gerður vaxtarsamningur opinberra aðila og einkaaðila er nái frá 2005 til 2008. Ráðinn verði framkvæmdaraðili og ráðgjafi er sinni þessum störfum. Meðal verkefna þeirra verði að skilgreina vöxt og fjölda starfa innan klasanna. Það skal áréttað að vaxtarsamningur og uppbygging klasa er engin töfalausn – enda engar töfalausnir til í byggðamálum, eða áherslum er miða að aukinni samkeppnishæfni atvinnulífs og svæða. Árangur byggist á langtímaáherslum og vinnu hinna ýmsu aðila, sem að málinu koma.

Fjármögnun og kostnaður Vaxtarsamnings

- Fjármögnun samningsins verði frá opinberum aðilum og einkaaðilum
- Gert er ráð fyrir að árlegur kostnaður verði um 30 - 40 milljónir kr⁴, sem skiptist á milli ríkis, sveitarfélaga, einkaaðila og stofnana.
- Kostnaður er m.a. vegna starfsmanna sem sinna ráðgjöf um klasa, þróunarverkefna ofl.
- Kostnaður vegna rekstrar einstakra klasa verður borinn af viðkomandi aðilum.

⁴ Rekstrarkostnaður í þessu sambandi inniheldur m.a. aðkeypta sérfræðipjónustu, ferðakostnað, laun framkvæmdastjóra og ráðgjafa, sem og allan annan rekstrarkostnað..

Gert er ráð fyrir að fyrst um sinn verði fjármögnun að mestu frá ríkinu, þar sem um byrjunarverkefni er að ræða. Á síðari stigum verði hlutur einkaaðila, stofnana og sveitarfélaga á svæðinu hærrí. Kostnaður vegna rekstrar og ráðgjafar einstakra klasa er hinsvegar borinn af viðkomandi aðilum. Í því sambandi er í meginatriðum gert ráð fyrir að í upphafi vinnu á sviði klasa geti viðkomandi aðilar fengið ráðgjöf gegn vægu gjaldi, en síðar verði greitt fyrir slíka ráðgjöf á markaðsverði.

Samstarfsaðilar vaxtarsamnings

Verkefnisstjórnin hefur ekki fjallað ítarlega um það hverjir kæmu að samstarfi um vaxtarsamning, en hins vegar er ljóst að æskilegt er að helstu aðilar á svæðinu sem málið varðar komi að slíku samstarfi. Það er því æskilegt að eftirfarandi aðilar komi t.d. að slíku samstarfi. Ríkið, fulltrúar bæjar og sveitarfélaga, háskóla, rannsóknarstofnana, samtök atvinnurekenda, samtök launþega og Útflutningsráð. Tekið skal fram að ekki hefur verið rætt við fulltrúa þessara aðila um slíkt samstarf að neinu marki, þó lauslega hafi verið minnst á slíka tillögu sem möguleika. Það er enda í verkahring stjórnvalda að ákveða framhald þessa máls.


V.2 Áhersla á 3 klasa / vaxtarkjarna

Klasar Vaxtarsamnings

Á umliðnum árum hefur vöxtur Suðurlands verið að þróast og byggst í meira mæli en áður á aukinni sérhæfingu á ákveðnum sviðum sem og styrkleikum svæðisins. Það er því tillaga verkefnisstjórnar að byggt verði á þessum styrkleikum og þeim tækifærum sem þeir um leið skapa með því að styrkja enn frekar þessa 3 kjarna og byggja upp og styrkja klasamyndun á þessum sviðum sem eru:

- Sjávarútvegs- og matvælaklassi
- Mennta- og rannsóknaklassi
- Menningar- og ferðaþjónustuklassi

Atvinnustarfsemi á þessum þremur sviðum á Suðurlandi byggir þegar á þeim styrkleikum sem fyrir hendi eru og hafa byggst upp á umliðnum árum. Ekki er því verið að "búa til" eitthvað nýtt – enda ekki mögulegt að byggja upp klasa frá grunni – þar sem kjarni í slíku ferli myndast af þróun í atvinnulífnum sjálfu. Hinsvegar er hægt og afar mikilvægt, að stuðla að vexti þeirra klasa/kjarna sem fyrir eru - eins og þeirra þriggja sem hér hafa verið nefndir – þar sem þeir hafa sterkustu einkenni af klasa í atvinnulífi á svæðinu.



Einstaka þáttum vaxtarsamningsins verður nú lýst nánar.

Klasar – framkvæmdir - aðgerðir

- Skapa aðstæður fyrir nýsköpun og markaðssetningu
- Skapa aðstæður til að nýta nýjustu þekkingu á hverju sviði
- Auka samvinnu aðila í rannsóknum og þekkingariðnaðarfyrirtækjum
- Nýta mannauð og styrkja og auka starfsþjálfun og menntun
- Stuðla að innlendum sem erl. tengslanetum milli aðila á viðkomandi sérsviðum
- Bæta samhæfingu aðgerða sveitarstjórna, svæðastjórna og landsstjórnar á sínum sérsviðum

Framkvæmd vaxtarsamnings er að skapa aðstæður fyrir nýsköpun og markaðssetningu og aðstæður til að nýta nýjustu þekkingu á hverju sviði, með öflugum samstarfi aðila. Þetta verði gert með skilvirkum samstarfi aðila í rannsóknum og þekkingariðnaðarfyrirtækjum til að nýta sem best mannauð og styrkja og auka starfsþjálfun og menntun.

Með samstarfinu verði ekki síður stuðlað að svæða-, lands- og alþjóðlegum tengslanetum milli aðila á viðkomandi sérsviðum. Einnig verði stuðlað að samhæfingu og aðgerðum sveitarstjórna, svæðastjórna og landsstjórnar á viðkomandi sérsviðum.



ÞRÍJÁR STÖÐIR VAXTARSAMNINGS

Til viðbótar því að efla klasastarfsemi og tengslanet byggir starfsemi vaxtarsamnings á þremur megin stoðum, þ.e.

- Samkeppnishæfum starfsskilyrðum og góðum samgöngum,
- Stuðla að framkvæmd tillagna í þessari skýrslu og öðrum sem og alþjóðlegum samskiptum
- Stoðstarfsemi við atvinnulíf
- Stuðla að öflugum samstarfi háskóla, rannsóknarstofnana og atvinnulífs.

Í **fyrstu stoð** er átt við almenn starfsskilyrði atvinnulífs hér á landi og að þau séu samkeppnishæf miðað við það sem erlendis gerist, þar sem það er afar mikilvæg forsenda fyrir samkeppnishæfni atvinnulífs og svæða. Þessu til viðbótar koma svo starfsskilyrði sem aðilar á Vestfjörðum geta boðið í samkeppni við önnur svæði hér á landi sem erlendis. Þetta er mikilvægt þar sem atvinnulíf er orðið mjög hreyfanlegt og alþjóðlegt. Hluti af starfsskilyrðum eru góðar samgöngur en í skýrslunni er að finna tillögur Verkefnisstjórnar á því sviði.


Í **annarri stoð** er átt við tillögur þær sem í skýrslunni er að finna og verði með einhverjum hætti komið í framkvæmd, en þeim er skipt í forgangstillögur og aðrar tillögur, flokkaðar eftir áherslusviðum. Það er því eitt af þeim verkefnum sem stjórn vaxtarsamnings þarf að sinna, að vinna að því með viðeigandi aðila að þessum tillögum verði komið í framkvæmd, eftir því sem aðstæður og möguleikar gefa tilefni til. Annar hluti þessarar stoðar er að teysta sem best og auka alþjóðleg samskipti aðila á svæðinu. Þetta er mikilvægt til að treysta sem best vaxtarmöguleika svæðisins – þar sem þeir styrkleikar og tækifæri sem nýta má til vaxtar byggja m.a. á auknum alþjóðlegum verkefnum og tengslum sem sífellt fara vaxandi á tímum alþjóðavæðingar.

Í þriðju stoð er átt við stoðstarfsemi við atvinnulíf, s.s. þá þjónustu sem til staðar er hjá ráðgjafaraðilum á vegum opinberra aðila eða einkaaðila, en nefna má aðila s.s. atvinnuþróunarfélög. Þjónusta og ráðgjöf af slíku tagi er mikilvæg t.d. hvað varðar ráðgjafastarfsemi varðandi klasa og netsamstarf aðila, sem og alla aðra þjónustu við atvinnulíf. Síðast en ekki síst er mikilvægt að stuðla að öflugu samstarfi háskóla, rannsóknarstofnana og atvinnulífs.

V.3 Einkenni og ávinningur af starfsemi klasa

Einkenni klasaverkefna

Segja má að klasaverkefni sé skipulegt ferli til að auka vöxt og samkeppnishæfni klasa innan svæða, með þátttöku fyrirtækja, stjórnvalda og háskóla / rannsóknarstofnana. Á undanföllum árum hafa klasaverkefni orðið miðpunktur í ferli við að auka vöxt og samkeppnishæfni klasa.



Mynd: Frammistöðumódel klasa

Í umfangsmiklum könnunum sem framkvæmdar hafa verið á meðal klasa víðsvegar um heiminn í Ameríku, Evrópu, Ástralíu og Nýja Sjálandi,⁵ hefur komið fram að 85% þeirra sem tekið hafa þátt í klösum telja að klasar hafi aukið samkeppnishæfni þeirra fyrirtækja og 89% telja að það hafi aukið vöxt. 81% telja að þeir hafi náð sínum markmiðum, á meðan einungis 4% telja að markmið hafi ekki náðst.

Helstu markmið innan klasa má flokka í 6 flokka en þeir eru: 1. Rannsóknir og netsamstarf, 2. vöxtur klasa, 3. samvinna milli fyrirtækja, 4. menntun og þjálfun, 5. nýsköpun og tækni, og 6. hagsmunagæsla. Þetta má sjá á mynd á blaðsíðu 18. Á blaðsíðu 17 má einnig sjá algeng markmið klasa og sjaldgæfari markmið.

⁵ The Cluster Initiative Greenbook




Mynd: Algengustu markmið í starfsemi klasa

Ávinningur svæðisins – aukinn hagvöxtur

Opnun hagkerfa og aukin alþjóðavæðing hefur gert verulega auknar kröfur til fyrirtækja – en ekki síður til einstakra byggða og svæða um skilvirkari, markvissari og gegnsærri vinnubrögð sem taka mið af þessari þróun, ef ná á árangri á sviði byggðamála.

Á umliðnum árum hefur orðið ótvíræð þróun frá svokallaðri atvinnugreinastefnu (sectoral policy) til svæðastefnu (regional policy), þar sem uppruna hagvaxtar má í vaxandi mæli rekja til byggða- og vaxtarkjarna, frekar en einstakra atvinnugreina. Þetta má m.a. sjá á mörgum svæðum innan hinna ýmsu landa bæði í Bandaríkjunum og Evrópu. Aukið hlutverk og ábyrgð á þessu sviði kemur því í vaxandi mæli í hlut einstakra svæða (decentralisation approach – to local players). Þetta krefst nýrra vinnubragða hjá þeim aðilum sem aukna ábyrgð bera á þessum málum. Sjá nánar umfjöllun í kafla um klasa.




Breyttar aðstæður og þessi þróun byggir ekki síst á aukinni samkeppnishæfni einstakra svæða, vegna kjarnamyndunar, netsamstarfs og klasa í atvinnulífi. Af þessum sökum er afar mikilvægt fyrir hagvöxt og framþróun viðkomandi svæða að styrkja netsamstarf og klasastarf atvinnugreina sem kostur er. Verulegur árangur hefur orðið af klasamyndun víða erlendis, s.s. kringum Silicon Valley í Kaliforníu, Oulu í Finnlandi og fjölmörgum svæðum á N-Ítalíu, en þar hefur þróast mikil sérhæfing einstakra svæða, þar sem atvinnulíf er leiðandi á alþjóðamörkuðum á viðkomandi sviðum – sjá meðfylgjandi mynd. Sem dæmi um vöxt klasa má nefna Oulu svæðið í Finnlandi en þar hefur tekist að byggja upp klasa hátæknifyrirtækja sem er leiðandi á alþjóðamörkuðum – en innan þessa klasa er m.a. fyrirtækjarisinn Nokia.

Ávinningur atvinnulífs – bætt afkoma

Hver er annars vegar ávinningur atvinnulífsins af vaxtarkjörlum? Af hverju ættu fyrirtæki að huga að netsamstarfi eða klasamyndun? Og er það þess virði? Á sama hátt og það hefur verið ávinningur svæða að styrkja starfsemi klasa og netsamstarf til að efla samkeppnishæfni svæða og hagvöxt þeirra, er það ekki mögulegt nema að vöxturinn komi fyrst frá atvinnulífinu.

Sá árangur sem einstök svæði hafa náð á grunni klasa og netsamstarfs hefur því byggst á auknum vexti fyrirtækjanna – og um leið bættari afkomu og auknum hagnaði. Það er sá ávinningur sem atvinnulíf getur átt von á, takist verkefni á sviði netsamstarfs og klasa í viðkomandi tilfellum. Á einstaka svæðum á Suðurlandi er þegar fyrir hendi ákveðin kjarnamyndun í atvinnulífi, en “kjarni” málsins er einfaldlega að beita þeim vinnubrögðum sem skila árangri til vaxtar, sóknar og aukinnar samkeppnishæfni, m.a. auknu netsamstarfi fyrirtækja.



Mynd: Ávinningur atvinnulífs af starfi klasa, samkv. erl. athugunum.

Ef fyrirtæki vilja kanna möguleika á auknu netsamstarfi á ákveðnu sviði geta þau einfaldlega óskað eftir aðstoð ráðgjafa sem aðstoða þá fyrirtæki við að greina möguleika og valkosti - óháð því í hvaða starfsemi fyrirtækið er – verði þessar tillögur að veruleika. Gert er ráð fyrir að byrjunaraðstoð verði gegn vægu gjaldi upp að vissu marki, en þá verði um hefðbundna ráðgjafþjónustu að ræða. Þetta á þó eftir að útfæra nánar. Aukið netsamstarf hefur ekki sist skilað auknum árangri í ýmsu markaðsstarfi fyrirtækja. Netsamstarf getur þó orðið með ýmsu móti og tengst ýmsum þáttum í starfsemi, allt frá rannsóknum til markaðsmála.

Í erlendum rannsóknum hefur komið fram að árangur af starfsemi klasa einkennist m.a. af miklu netsamstarfi og trausti - samkeppni og samstarfi - miklum hreyfanleika og markvissri upplýsingaöflun - landfræðilegri nálægð - sérhæfðri opinberri fjárfestingu og stefnumótandi forystu og nánu bandalagi aðila. Sjá enn fremur umfjöllun í kafla um klasa.

Starfsemi klasa - Dæmi

Þegar fjallað er um klasa er mikilvægt að fram komi í hverju klasi og netsamstarf felast. Í megin atriðum má segja að aðilar og helstu atriði í starfsemi klasa skiptist í 3 flokka. Þessir flokkar eru: **1.** Leiðandi fyrirtæki á viðkomandi sviði og svæði. **2.** Tengsl þeirra við helstu þjónustu- og aðfangasala. **3.** Starfsskilyrði og þjónusta á viðkomandi svæði.

1. Leiðandi fyrirtæki á viðkomandi sviði og svæði.

Í fyrsta lagi er um að ræða þau kjarnafyrirtæki sem mynda viðkomandi klasa. Ef um væri t.d. að ræða klasa í ferðaþjónustu væri um að ræða þau fyrirtæki sem hann mynduðu, sem gætu verið

ferðaskrifstofur, samgöngufyrirtæki s.s. flugfélög, fyrirtæki sem tengjast ferðapjónustu o.fl. Um væri að ræða leiðandi fyrirtæki á viðkomandi sviði. Á milli þessara aðila væri samstarf sem byggði á gagnkvæmum ávinningi um aukna samkeppnishæfni, vöxt og frekari þróun á einstaka sviðum rekstrar og markaðsmála, sem aðilar koma sér saman um.

2. Nettengsl þjónustu- og aðfangasala.

Í öðru lagi er um að ræða tengsl þessara kjarnafyrirtækja við helstu þjónustu- og aðfangasala. Markviss tengsl og samstarf við þessa aðila geta treyst og eflt samkeppnishæfni og rekstrarskilyrði klasans. Þetta samstarf er mikilvægt til að hraða þróun og vexti fyrirtækjanna, með sameiginlegum áherslum á þá þætti sem skipta mestu máli fyrir viðkomandi klasa. Í þessu sambandi geta áherslur verið þess eðlis að það borgi sig að vinna að sameiginlegum áherslum í samstafi aðila, þar sem slík vinna væri tæplega á færi eins fyrirtækis.



3. Starfsskilyrði og þjónusta.

Grunnurinn að árangursríkum rekstri fyrirtækja og klasa er að fyrir hendi sé samkeppnishæft starfsumhverfi. Í því sambandi er átt við atriði s.s. mannauð, aðgengi að menntuðu og þjálfuðu vinnuafli, aðgengi að fjármagni, starfsskilyrði atvinnulífs almennt, tæknistig á svæðinu, sem og alla aðra innri gerð svæðisins. Þar er átt við atriði s.s. samgöngur innan sem til og frá svæðinu. Kjarni málsins í starfsemi klasa er einfaldlega að nýta kosti skipulegs samstarfs til að auka samkeppnishæfni viðkomandi fyrirtækja og um leið svæðisins. Með aukinni alþjóðavæðingu og aukinni samkeppni innanlands og erlendis, er nauðsynlegt að beita öllum þeim atriðum sem fyrir hendi eru og gefist hafa vel til að ná auknum árangri.

Á tímum alþjóðavæðingar og breyttra aðstæðna er það einfaldlega meira og meira undir einstaka svæðum komið hvernig þeim tekst að spila úr þeim styrkleikum og tækifærum sem eru til staðar. Á sama tíma hafa kjarnasvæði vaxandi hlutverki að gegna í hagþróun viðkomandi landa, af ástæðum sem rekja má til breyttra aðstæðna, opunar markaða og aukins frelsis á öllum sviðum sem og aukinni alþjóðlegri samvinnu og alþjóðavæðingu, eins og glögggt má sjá m.a. með EES-samningnum. Allt þetta eru breytingar á aðstæðum og starfsskilyrðum sem krefjast um leið breyttra vinnubragða, til að auka samkeppnishæfni og hagvöxt. Eitt af þeim atriðum sem gagnast geta í þessari baráttu er starfsemi klasa - þrátt fyrir að slíkt kunni ekki að henta í öllum tilvikum.

Í lokin er ekki úr vegi að velta fyrir sér hvað sé klasi. Nokkrar skilgreiningar eru til á því, en sú sem er hvað þekktust er skilgreining Michael Porters, prófessors við Harvard háskóla í Bandaríkjunum, en hann skilgreinir klasa á eftirfarandi hátt: **“Klasi er hópur fyrirtækja, þjónustuaðila, stofnana og tengdra aðila á sama svæði og á ákveðnu sviði sem keppa hver við annan – en hafa einnig með sér náð samstarf.”**



VI. Þróun efnahags- og atvinnumála á Suðurlandi


VI.1 Sveitarfélög á Suðurlandi - áhrifasvæði

Suðurland, áhrifasvæðið sem verkefnisstjórninni er ætlað að koma með tillögur í byggðamálum um, nær yfir Ánessýslu, Rangárvallasýslu og V-Skaftafellssýslu en eftirtalin 16 sveitarfélög tilheyra Suðurlandi:

Sveitarfélagið Árborg, Hveragerðisbær, Sveitarfélagið Ölfus, Bláskógabyggð, Hrunamannahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Grímsness- og Grafningshreppur, Hraungerðishreppur, Villingaholtshreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Rangárþing Eystra, Rangárþing Ytra, Ásahreppur, Mýrdalshreppur, Skaftárhreppur og Vestmannaeyjabær.

Þeirra fjölmennast er Sveitarfélagið Árborg sem varð til við sameiningu Eyrarbakkahepps, Sandvíkurhepps, Selfossbæjar og Stokkeyrarhepps árið 1998.

Annað fjölmennasta sveitarfélagið er Vestmannaeyjabær. Hveragerðisbær er þriðja stærsta sveitarfélagið, en önnur sveitarfélög eru Sveitarfélagið Ölfus (áður Ölfushreppur), Bláskógabyggð (sem varð til árið 2002 við sameiningu Biskupstungnahrepps, Laugardalshrepps og Þingvallahrepps), Hrunamannahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur (sem varð til árið 2002 með sameiningu Skeiðahrepps og Gnúpverjahrepps), Grímsness- og Grafningshreppur (sem varð til með sameiningu Grímsnesshrepps og Grafningshrepps árið 1998), Hraungerðishreppur, Villingaholtshreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Rangárþing Eystra (sem varð til árið 2002 með sameiningu Austur-Eyjafjallahrepps, Vestur-Eyjafjallahrepps, Austur-Landeyjahrepps, Vestur-Landeyjahrepps, Fljótshlíðahrepps og Hvolhrepps), Rangárþing Ytra (sem varð til árið 2002 með sameiningu Holta- og Landsveitar, Djúpárhrepps og Rangárvallahrepps), Ásahreppur, Mýrdalshreppur og Skaftárhreppur.




Mynd: Sveitarfélög á landinu 2004. Hringur er dreginn um Suðurland
Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga. Copyright Sigurgeir Skúlason.

Varðandi aðgerðir í byggðamálum er nauðsynlegt að skoða undirstöður og samsetningu samfélagsins sem fjallað er um.


VI.2 Mannfjöldi

Sveitarfélög á Suðurlandi eru misjöfn að stærð og íbúafjölda, sex sveitarfélög eru með yfir 1.000 íbúa, fimm með íbúafjölda á bilinu 500 til 1.000 og fimm með undir 500 manns. Sveitarfélagið Árborg er stærsta sveitarfélagið með 6.522 íbúa eða 30% af heildaríbúafjölda landsvæðisins, næst koma Vestmannaeyjar með 4.227 íbúa eða 19% af heild. Hveragerði, Ölfus, Rangárþing Eystra og Ytra eru með á bilinu 1.450 til 2.021 íbúa eða 7-9% af heildaríbúafjölda svæðisins. Í Árnessýslu búa langflestir eða 13.300 íbúar sem eru 61% af íbúum Suðurlands. Íbúum fer fækkandi eftir því sem austar dregur og færast fjær höfuðborgarsvæðinu, í Rangárvallasýslu búa 3.251 íbúi eða 15% og í V-Skaftafellssýslu búa 1.015 íbúar eða 5% íbúa Suðurlands. Í Vestmannaeyjum búa eins og áður sagði 4.227 íbúar eða 19% af heildaríbúafjölda Suðurlands.


Á árunum 1993 til 2004 fjölgaði íbúum á Suðurlandi um 1.001 úr 20.792 í 21.793 eða um 5%. Mest var fjölgunin í Árborg, þar fjölgaði íbúum um 1.271 (24%) og Hveragerði um 382 (23%). Hins vegar fækkaði íbúum talsvert á einangraðri svæðum Suðurlands, þ.e. í V-Skaftafellssýslu og Vestmannaeyjum. Í Vestmannaeyjum fækkaði fólk um 659 (13%) á sama tímabili, í Mýrdalshreppi um 85 (14%) og Skaftárhreppi um 113 (18%).




Mynd: Mannfjöldi í sveitarfélögum á Suðurlandi 1. desember 2004.
Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd: Mannfjöldapróun á Suðurlandi frá 1993-2004
 Heimild: Hagstofa Íslands




Mynd: Mannfjöldapróun í sveitarfélögum á Suðurlandi frá 1993-2004
 Heimild: Hagstofa Íslands




Mynd: Langtímaþróun fólksfjölda í einstökum landshlutum 1901-2004
 Bil á milli súlna er u.þ.b. 10 ár.
 Heimild: Hagstofa Íslands.

Þegar mannfjöldaþróunin á Suðurlandi síðustu 12 ár er skoðuð kemur í ljós að fækkunin er mest austast á svæðinu í Mýrdals- og Skaftárhreppi auk Vestmannaeyja. Fjölgun hefur hins vegar orðið vestast í landshlutanum í Árborg, Hveragerði og Ölfus, auk Bláskógabyggðar, Hrunamannahrepps og Ásahrepps. Einnig hefur fjölgað smávægilega í Hraungerðishreppi, Gaulverjabæjarhreppi og Rangárfingi Ytra.



Mynd: Mannfjöldabreyting eftir sveitarfélögum 1993-2004
 Heimild: Hagstofa Íslands

Flutningsjöfnuður á landsbyggðinni hefur verið neikvæður á árunum 1986 til 2003, en þó hefur hann verið hlutfallslega minni á Suðurlandi en víða annars staðar, auk þess hefur þróunin snúist við þar og hefur fólki fjölgað þar á síðustu árum, 5% í landshlutanum öllum og allt upp í 23-25% í Hveragerði og Árborg. Fækkun hefur þó orðið í Vestmannaeyjum og V-Skaftafellssýslu um 13-18 af hundraði.



Mynd: 4. Tíðni aðfluttra umfram brottflutta

Heimild: Byggðastofnun / Hagstofa Íslands

Á árunum 2000 til 2005 flytja 13,6% fleiri til höfuðborgarsvæðisins en frá því. Á árunum 1995 til 2000 er sambærileg tala 22,4%. Hlutfallslegur jákvæður flutningsjöfnuður eykst á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum árið 2005. Nokkuð dregur úr neikvæðum flutningsjöfnuði til Vestfjarða og Norðurlands vestra á árunum 2000 til 2005 frá fyrra tímabili. Á Austurlandi er 56,7% jákvæður flutningsjöfnuður, brottfluttir eru 1.343 og aðfluttir eru 2.345. Á Suðurlandi hefur orðið viðsnúningu á árunum 2000 til 2005 og er flutningsjöfnuður jákvæður, aðfluttir eru 1.832 og brottfluttir eru 1.343, eða 26,7% árið 2005. Frá útlöndum koma 7.773 og til útlönda flytja 3.913 og er hlutfall mismunar flutningsjafnaðar 98,6% árið 2005.

Á síðasta ári fluttu 3.860 fleiri íbúar til landsins en frá því, til höfuðborgarsvæðisins fluttu 1.426 og til landsbyggðar 2.434 íbúar. Til Suðurlands fluttu 2.314 íbúar, brottfluttir íbúar eru 1.825 og því eru aðfluttir umfram brottflutta 489 árið 2005. Neikvæð íbúapróun er í Grímsnes og Gnúpverjahreppi, Villingaholtshreppi, Mýrdalshreppi, Skaftárhreppi og Vestmannaeyjum.

Það eru einkum fjórar orsakir sem valda breytingum í byggðum landsins og hafa leitt til fólksflutninga af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins. Breytingar á landbúnaði og fiskveiðum eru hinar hefðbundnu orsakir en aukinn hluti þekkingar í framleiðslu og breytt gildismat fólks eru nýjar orsakir. Þekkingin í framleiðslunni liggur í þeirri tækni sem notuð er við framleiðsluna, vélum, verkþekkingu, markaðssetningu og fleiru þess háttar og við það skapast oft aukin hagræðing sem leiðir til fækkunar starfa í beinni framleiðslu.

Tafla 1. Búferlaflutningar eftir sveitarfélögum 2005.

Búseta	Fluttir alls			Fluttir innan sveitarfélags	Fluttir milli svf. innan landsvæðis			Fluttir milli landsvæða			Fluttir milli landa		
	Aðfl.-umfr.-brottl.	Að-fluttir	Brott-fluttir		Aðfl.-umfr.-brottl.	Að-fluttir	Brott-fluttir	Aðfl.-umfr.-brottl.	Að-fluttir	Brott-fluttir	Aðfl.-umfr.-brottl.	Að-fluttir	Brott-fluttir
Allt landið	3.860	28.664	24.804	35.758		11.152	11.152	0	9.739	9.739	3.860	7.773	3.913
Höfuðborgarsvæðið	1426	16876	15450	22485		8832	8832	-71	3909	3980	1497	4135	2638
Landsbyggð	2434	11788	9354	13273		2320	2320	71	5830	5759	2363	3638	1275
Suðurland	489	2.314	1.825	2.221		482	482	265	1.396	1.131	224	436	212
Sveitarf. Árborg	410	876	466	888	135	239	104	232	544	312	43	93	50
Hveragerðisbær	56	316	260	249	-26	44	70	68	237	169	14	35	21
Sveitarf. Ölfus	59	266	207	237	-34	37	71	32	154	122	61	75	14
Bláskógabyggð	20	117	97	55	4	18	14	-13	57	70	29	42	13
Hrunamannahr.	3	54	51	32	6	13	7	-18	14	32	15	27	12
Skeiða- og Gnúpv. Hr.	-14	19	33	11	-6	8	14	-5	5	10	-3	6	9
Grímsn.- og Grafn.hr.	5	66	61	24	-21	13	34	11	35	24	15	18	3
Hraungerðishreppur	1	15	14	1	1	10	9	-4	1	5	4	4	0
Villingaholtshreppur	-3	14	17	0	-5	2	7	3	11	8	-1	1	2
Gaulverjabæjarhr.	0	19	19	3	-5	7	12	1	7	6	4	5	1
Rangárþing Eystra	3	115	112	109	-34	15	49	21	65	44	16	35	19
Rangárþing Ytra	-1	150	151	95	-8	32	40	-8	85	93	15	33	18
Ásahreppur	13	26	13	1	4	10	6	3	9	6	6	7	1
Mýrdalshreppur	-8	26	34	12	-5	8	13	-7	12	19	4	6	2
Skaltfárhreppur	-9	23	32	10	-2	0	2	-11	18	29	4	5	1
Vestmannaeyjar	-46	212	258	494	-4	26	30	-40	142	182	-2	44	46

Heimild: Bygðastofnun / Hagstofa Íslands

Þess í stað skapast störf í stoðgreinum framleiðslunnar, þ.e markaðsmálum, menntun, tækniþróun o.fl. Samkvæmt upplýsingum frá Bygðastofnun eru t.d um 70% starfa í stoðgreinum fiskveiða og fiskvinnslu unnin á höfuðborgarsvæðinu. Samkvæmt könnun frá 1997 eru ófullnægjandi atvinnuaðstæður, menntunar- og menningaraðstæður og lífskjaraaðstæður einnig helstu ástæður búseturöskunar.


Meðal atvinnuaðstæðna má nefna of litla fjölbreytni atvinnutækifæra einkum fyrir menntað fólk, að fiskvinnsla og landbúnaður eru ekki samkeppnisfær í kjörum og óöryggi íbúa sjávarbyggða um stöðuga atvinnu. Ófullnægjandi menntunar- og menningaraðstæður eru að ekki er kostur á framhaldsnámi, mikill kostnaður við framhaldsnám barna og ófullnægjandi aðstaða til menningarlífs og afþreyingar.

Ófullnægjandi lífskjaraaðstæður s.s hár framfærslukostnaður, hátt vöruverð og fleira getur átt við minni þéttbýlisstaðina, þar sem samkeppni er lítil sem enginn. Aðrir þættir sem hafa áhrif á lífskjaraaðstæður eru t.d lélegar samgöngur og að ekki séu nægjanlega nútímalegar aðstæður í minnstu þéttbýlistöðunum.

Vægi fjórða þáttarins, þ.e. breytt gildismat fólks, einkum ungs fólks, hefur aukist jafnt og þétt á síðari árum. Nýsköpun, alþjóðahyggja, hreyfanleiki í búsetu, sjálfstæði og vaxandi áhugi á umhverfismálum, menningu og bættum lífsgæðum eru allt þættir sem hafa áhrif á breytt gildismat fólks. Það sem hefur valdið þessari breytingu eru m.a bættar samgöngur, sem þó eiga tölvuvert í land með að uppfylla kröfur samfélagsins, upplýsingastreymi í fjölmiðlum, víðferli fólks og bætt almenningmenntun.

VI.3 Aldursskipting


Á Suðurlandi voru 21.793 íbúar þann 1. desember árið 2004. Til að sýna aldursdreifingu á svæðinu öllu og nokkrum völdum stöðum þar hefur verið sett upp aldurstre fyrir svæðin og þau sett ofan á aldurstre fyrir landið allt (ólitaðar súlur í grunnni). Myndunum er ætlað að gefa vísbendingar um ólíkar aðstæður á svæðunum.



Mynd: Suðurland í heild.
Heimild Byggðastofnun.

Mynd: Vestmanneyjar

Aldursdreifing á Suðurlandi fylgir landsmeðaltali að mestu leyti, utan þess að ívið færri eru í aldurshópnum 25 til 35 ára og börn innan við 5 ára. Á móti kemur að ívið fleiri af heild eru í aldurshópnum 10 til 19 ára á Suðurlandi, en á landinu öllu. Einnig eru karlar fjölmennari en konur. Í Vestmannaeyjum er svipaða sögu að segja, nema þar eru framangreind frávik aðeins ýktari. Þessi dreifing er að miklu leyti einkennandi fyrir landsbyggðina.



Mynd: Sveitarfélagið Árborg
Heimild Byggðastofnun.

Mynd: Skaftárhreppur

Aldursdreifing í Árborg fylgir mjög landsmeðaltali, athyglisvert er þó að karlar 15 til 19 ára eru hlutfallslega fleiri í Árborg en landinu öllu, en í öðrum hópum aðeins færri (25-29 ára og 40-44 ára). Úr Skaftárhreppi er allt aðra sögu að segja, þar er aldursdreifing mjög skekkt, sem og kynjaskipting. Óeðlileg dreifing af þessu tagi hefur áhrif á samfélagið í heild, og þá sérstaklega samfélagslega þátttöku íbúa og þjónustu sem þarf að veita þeim.

VI.4 Fjölskyldusamsetning


Meðalfjöldi í kjarnafjölskyldu** er hærri á Suðurlandi (3,96 einstaklingar) en á höfuðborgarsvæðinu (3,47 einstaklingar) og landinu öllu (3,65 einstaklingar), en til kjarnafjölskyldu teljast hjón eða fólk í skráðri sambúð með börn 17 ára og yngri, einhleypir karlar og konur sem eru með börn undir 17 ára aldri. Hlutfall karla eldri en 50 ára er hærri en á landinu öllu, en hlutfall kvenna á sama aldri nánast það sama, sem bendir til þess að hlutfall einhleypra karla er hærri á Suðurlandi en á landinu öllu. Einstæðar mæður eru mun færri hlutfallslega á Suðurlandi (7,7%) miðað við landið allt (9,6%) og höfuðborgarsvæðið (10,6%). Hjónabönd eru hlutfallslega fleiri á Suðurlandi en á landinu öllu og höfuðborgarsvæðinu skv. mannfjöldatölum frá Hagstofu Íslands, og það á jafnt við um hjónabönd með börnum sem án barna. Óvígðar sambúðir eru á sama hátt fleiri á svæðinu.

** Tölur um fjölskyldustærð eru frá Hagstofu Íslands fyrir árið 2003.

VI.5 Vinnumarkaður

Suðurland er langstærsta og öflugasta landbúnaðarsvæði landsins, rétt innan við 30% bújarða á landinu er á Suðurlandi. Fjöldi búfjár er hlutfallslega mestur á Suðurlandi, t.d. 38% nautgripa, 35% allra hrossa, 27% svína. Athyglisvert er að hlutur sauðfjár er minni í landshlutanum eða um 18% af heildarfjölda sauðfjár, (aðeins Norðurland vestra er þó með fleira sauðfé). Hlutur Suðurlands er yfirleitt langstærstur í mikilvægustu búgreinum búvöruframleiðslunnar og um þriðjungur af stofni búnaðargjalds yfir landið allt.⁶ Úrvinnsla landbúnaðarafurða er mikilvæg atvinnugrein á Suðurlandi og þar eru nokkur öflugustu fyrirtæki landsins á því sviði, meðal þeirra eru Sláturfélag Suðurlands og Mjólkurbú Flóamanna.

Hlutfallsleg breyting á fjölda starfa 1999-2004



Heimild: Byggðastofnun; Hagstofan

Sjávarútvegur er aðallega stundaður í Vestmannaeyjum og Þorlákshöfn, auk nokkurrar vinnslu á Stokkseyri og Eyrarbakka. Vestmannaeyjar eru einn helsti útgerðarstaður landsins með rétt yfir 10% af úthlutuðu aflamarki í þorskígildum sem hlutfall af heildaraflamarki. Aðeins Akureyri hefur stærri hlutdeild. (Heimild: Sjávarútvegsráðuneyti, Sjávarútvegurinn í tölum 2004). Mikil og góð þekking og reynsla er af sjávarútvegi, fiskveiðum og vinnslu. Nokkur stærstu og öflugustu sjávarútvegsfyrirtæki landsins eru á Suðurlandi.

Íðnaður á Suðurlandi stendur ágætlega, þrátt fyrir áföll í framleiðslu-íðnaði s.s. fataiðnaði. Mikil hefð er í byggingariðnaði og uppbygging bæði í tengslum við fólksfjölgun í Árnessýslu og fjölgun


⁶ Heimild: Hagtölur landbúnaðarins 2004.

frístundahúsa á Suðurlandi öllu. Stærsta plastiðnaðarfyrirtæki landsins Set ehf. er í Árborg, glerverksmiðjan Samverk ehf. er á Hellu, Límtré ehf. og Flúðasveppir ehf. eru á Flúðum, Kjörís ehf. í Hveragerði, svo nokkur dæmi séu nefnd. Verslun og þjónusta er mjög öflug og skýrist að einhverju leyti af fjölgun sumarhúsa og vaxandi viðveru árið um kring. Flest stærri fyrirtæki í verslun eru með rekstur á Suðurlandi eða stefna þangað innan skamms tíma. Vöruframboð, verð og þjónusta í verslun eru að mestu sambærileg við það sem tíðkast í Reykjavík.

Ferðapjónusta hefur vaxið jafnt og þétt og er Suðurland mest sótti landshlutinn, með fleiri náttúru- og ferðamannaperlur en nokkur annar landshluti. Framboð gistirýmis á Suðurlandi er 12,5% af heildarframboði og aðeins á höfuðborgarsvæðinu er meira gistirými í boði (33%). Störfum í opinberri þjónustu og við samfélagslega þjónustu af ýmsu tagi fjölgar í takt við íbúafjölgun á svæðinu. Umönnunar- og heilbrigðisþjónusta er víða sterk og byggir á langri hefð, og má nefna forskot Hveragerðis sem dæmi í því sambandi.

Rétt er að taka fram að sífellt fer í vöxt að íbúar á Suðurlandi sækji vinnu til höfuðborgarinnar og hafa rannsóknir af því tagi sýnt m.a. að 10% af vinnuafli Árborgar sækji vinnu til höfuðborgarinnar. Einnig eru mörg dæmi um að íbúar höfuðborgarinnar sækji vinnu á Suðurlandi. Hægt er að halda því fram að Árborg og Hveragerði tilheyri sameiginlegu atvinnu- og búsetusvæði höfuðborgarinnar.

Hlutfallsleg breyting á fjölda starfa 1999-2004




*Hlutfall starfa eftir atvinnugreinum á Suðurlandi og landinu öllu árið 2003.
Heimild: Byggingastofnun.*

Það sem helst einkennir atvinnulíf á Suðurlandi er að þar er blómlegt og fjölbreytt atvinnulíf, með valkostum við flestra hæfi. Mest er það áberandi næst höfuðborgarsvæðinu en dregur úr eftir því sem austar dregur. Nokkuð hefur dregið úr fjölbreytni og styrk atvinnulífsins í Vestmannaeyjum í tengslum við þá fólksfækkun sem þar hefur orðið. Nálægð við höfuðborgina og sífellt batnandi samgöngur verða til að bæta atvinnuástand og fjölga valkostum á vinnumarkaði á Suðurlandi í framtíðinni.

Heildarfjöldi starfa á Suðurlandi í árslok 2003 var samtals 11.470 eða 7,4% af heildarfjölda starfa á landinu öllu. Myndin að ofan sýnir skiptingu þeirra og skýrir sig að mestu sjálf. Hlutdeild starfa í landbúnaði undirstrikar mikilvægi atvinnugreinarinnar fyrir svæðið, fiskveiðar og –vinnsla eru einnig mikilvægar atvinnugreinar og er þar hlutur Vestmannaeyja umfangsmestur. Vægi framangreindra atvinnugreina hefur áhrif á hlutfall starfa í öðrum atvinnugreinum á Suðurlandi, án þess að það dragi endilega úr mikilvægi þeirra.

VI.6 Atvinnuleysi




Mynd: Meðalatvinnuleysi á mánuði á Suðurlandi, höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni 1995 til 2004

Heimild: Vinnumálastofnun.

Atvinnuleysi á Suðurlandi hefur verið talsvert fyrir neðan meðaltal síðustu ára, hvort heldur sem litið er til höfuðborgarinnar eða landsbyggðarinnar. Sveiflur í atvinnuleysi á Suðurlandi fylgja sveiflum annars staðar. Þeir hópar sem mest hafa verið áberandi meðal atvinnulausra hafa verið ungir karlar 20-25 ára og konur á aldrinum 30-35 ára. Einnig hefur atvinnuleysi verið áberandi í Vestmannaeyjum. Rétt er þó að taka fram að atvinnuleysi á Suðurlandi er með minna móti en víðast annars staðar.

VI. 7 Tekjur og efnahagur


Meðalatvinnutekjur í aðalstarfi eftir landshlutum
(skv framtali árið 2005)




Heimild: Ríkisskattstjóri

Suðurland er annað tveggja landshlutasvæða þar sem meðallaun eru yfir 20% lægri framtalsárið 2004 en í Reykjavík og á Reykjanesi. Hinn landshlutinn er Norðurland vestra. Meðaltals árslaun í

Vestmannaeyjum eru svipuð og meðaltals árslaun í Reykjavík og Reykjanesi. Framtalsárin 1998 og 1999 voru meðaltals árslaun í Vestmannaeyjum um 10% hærri en í Reykjavík og Reykjanesi.



Meðaltekjur eftir atvinnugreinum eru lægri á Suðurlandi framtalsárið 2004 en á öðrum viðmiðunarsvæðum. Meðaltekjur í landbúnaði eru 34% lægri á Suðurlandi en á höfuðborgarsvæðinu en hafa ber í huga að störf í landbúnaði á höfuðborgarsvæðinu eru hlutfallslega fá. Meðaltekjur í fiskveiðum eru 4,6% lægri á Suðurlandi en á höfuðborgarsvæðinu.



Heimild: Ríkisskattstjóri


Þar sem Vestmannaeyjar eru sér skattumdæmi er sérstaklega gerð grein fyrir því á myndinni. Eins og myndin sýnir eru meðaltekjur framteljenda í Vestmannaeyjum hærri en á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni allri árin frá 1998 til 2004. Á Suðurlandi eru meðaltekjur framteljenda 22% lægri en

meðaltekjur framteljenda á höfuðborgarsvæðinu, samkvæmt framtali árið 2004. Árið 1998 voru meðaltekjur framteljenda á Suðurlandi 3% lægri en meðaltekjur framteljenda á höfuðborgarsvæðinu sama ár.

Meðalárslaun framteljenda á höfuðborgarsvæðinu hafa hækkað úr tæplega 1,6 milljón króna árið 1998 í rúmlega 2,8 milljónir króna samkvæmt framtali árið 2004. Á sama tíma hafa meðalárslaun á Suðurlandi hækkað úr rúmlega 1,5 milljón króna í tæplega 2,2 milljónir króna. Myndin sýnir einnig að samkvæmt framtali 2004 voru meðalárslaun á landsbyggðinni hærri en meðalárslaun á Suðurlandi, eða rúmlega 2,3 milljónir króna.

VI. 8 Fyrirtæki

Hlutfall fjölda launagreiðenda eftir atvinnugreinum 2003




Hlutfall fjölda launagreiðenda eftir atvinnugreinum árið 2003

Heimild: Bygðastofnun

Fjöldi launagreiðenda á Suðurlandi árið 2003 var 2.073, sem er um 10% af heildarfjölda launagreiðenda á landinu öllu, en þeir voru 21.264. Hlutfall launagreiðenda í landbúnaði er hærri á Suðurlandi en landinu öllu, eins og sjá má á myndinni að ofan og endurspeglar það mikilvægi atvinnugreinarinnar á svæðinu.

VI. 8 Menntun


Menntun eftir landshlutum meðaltal árána 2000 - 2002
(íbúar 16 til 74 ára)



Heimild: Byggðastofnun / Hagstofa Íslands

Á Suðurlandi hafa 34,6% íbúa eingöngu lokið grunnskólaprófi á móti 25,5% á höfuðborgarsvæðinu. Íbúar sem eingöngu hafa lokið grunnenntun er hæst á Norðurlandi vestra 45,1%. Íbúar á Suðurlandi sem lokið hafa framhaldsskólamenntun eru 29,4%, sem er herra en í öðrum landshlutum eða svipað og á höfuðborgarsvæðinu. Hlutfall íbúa á Suðurlandi sem lokið hafa háskólamenntun er 7,5% á móti 17,8% á höfuðborgarsvæðinu. Tækifærin á Suðurlandi liggja því einkum í að minnka hlutfall þeirra sem eingöngu hafa lokið grunnskólaprófi og auka hlut þeirra íbúa sem lokið hafa háskólamenntun, enda afar mikilvægt að auka hlut háskólamenntunar á tímum alþjóðavæðingar, þar sem hagkerfi eru að þróast í átt að þekkingarþjóðfélögum.


Heildarfjöldi íslenskra háskólanema



Heimild: Byggðastofnun / Hagstofa Íslands

Háskólanemum hefur fjölgað á landinu úr 8.381 árið 1997 í 15.974 árið 2004, eða um rúmlega 90% á tímabilinu sem er um 9,5% aukning á ári að meðaltali.

Hlutfall háskólanema eftir landshlutum miðað við fjölda íbúa



Heimild: Byggðastofnun / Hagstofa Íslands

Hlutfall háskólanema á höfuðborgarsvæðinu er 6,2% árið 2004. Á Suðurlandi hefur hlutfall háskólanema hækkað úr 1,6% árið 1997 í 3,9% árið 2004. Hlutfall háskólanema er lægst á Suðurnesjum 1,3% árið 2004.

Fjöldi nema eftir háskólum og lögheimili nemenda.

	1997				2000				2004			
	Allt landið		Suðurland		Allt landið		Suðurland		Allt landið		Suðurland	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Háskóli Íslands	5.549	66	153	46	6.670	64	249	50	8.712	55	365	43
Háskólinn á Akureyri	415	5	8	2	649	6	7	1	1.496	9	137	16
Háskólinn í Reykjavík					643	6	32	6	1.355	8	36	4
Hólaskóli									88	1	8	1
Kennaraháskóli Íslands	718	9	80	24		12	133	27	2.245	14	195	23
Landbúnaðarhásk. á Hvanneyri					1.263	1	20	4	164	1	22	3
Tækniháskóli Íslands									943	6	57	7
Viðskiptaháskólinn á Bifröst					177	2	14	3	417	3	23	3
Aðrir háskólar	1.699	20	92	28	1.089	10	18	8	554	4	9	1
Samtals fjöldi háskólanema	8.381	100	333	100	10.491	100	473	100	15.974	100	852	100

Heimild: Byggðastofnun / Hagstofa Íslands

Nemendum í Háskóla Íslands hefur fjölgað úr 5.549 árið 1997 í 8.712 árið 2004. Háskólanemum með lögheimili á Suðurlandi hefur fjölgað á tímabilinu voru 333 árið 1997 og eru 852 árið 2004 og er fjölgunin á tímabilinu rúmlega 250%. Hlutfall háskólanema með lögheimili á Suðurlandi árið 2004 er hæst í Háskóla Íslands 43% og í Kennaraháskóla Íslands 23% .

VI.9 Samgöngur

Samgöngur eru einn mikilvægasti þátturinn í grunngerð nútímasamfélags. Mikilvægi þeirra hefur vaxið gríðarlega á undanfönum árum og kemur þar margt til, stóruaknir vöruflutningar, fjölgun ferðamanna, stækkun atvinnusvæða o.fl. Atvinnulífið hefur breyst verulega og krefst þess að möguleikar á að fara á milli staða með skjótum og öruggum hætti séu fyrir hendi. Einnig er augljóst að góðar samgöngur hafa mikla þýðingu fyrir þróun byggðar í landinu og mikilvægt er að verja fjármunum til að bæta samgöngur til staða sem gegna mikilvægu efnahagslegu hlutverki fyrir þjóðfélagið í heild. Þá eru úrbætur í samgöngumálum ekki síst mikilvægar til að tryggja aukið umferðaröryggi. Samgönguframkvæmdir eru þegar á heildina er litið hagkvæmar fyrir þjóðfélagið og draga þegar allt kemur til alls úr rekstrarútgjöldum hins opinbera, fyrirtækja og almennings.

Samgöngur skipta Sunnlendinga, eins og aðra landsmenn miklu máli. Aðstæður á Suðurlandi eru þó að sumu leyti ólíkar því sem er í öðrum landshlutum. Landsvæðið sem um ræðir er mjög stórt og lengd vegakerfisins mjög mikil. Heildarvegalengd er um 3000 km, sjá kort. Nærri lætur að um 25% allra vega á landinu séu á Suðurlandi. Fjallvegir er varla að finna á Suðurlandi fyrir utan Hellisheiðina sem er langfjölfarnasti vegurinn. Hafnir eru aðeins 2; í Þorlákshöfn og í Vestmannaeyjum og flugvellir sömuleiðis á Bakka og í Vestmannaeyjum. Vestmannaeyjar hafa mikla sérstöðu í samgöngumálum og eru samgöngubætur til Vestmannaeyja mjög til umræðu.

Vegir á Suðurlandi og tillögur um endurbætur.



Að mati verkefnisstjórnarinnar eru 5 meginverkefni framundan í samgöngumálum á Suðurlandi, þ.e. Helstu samgönguleiðir á Suðurlandi 2005 og tillögur um endurbætur

1. Breikkun Suðurlandsvegur (4 akreinar) á milli Selfoss og Reykjavíkur.
2. Ferja eða jarðgöng frá Vestmannaeyjum til Landeyjasands (Bakkafjara).
3. Brú yfir Hvítá. Vegur á milli Flúða og Reykholt.
4. Gjábackavegur á milli Laugarvatns og Þingvallar.
5. Suðurstrandarvegur á milli Þorlákshafnar og Grindavíkur.
6. Jarðgöng í gegnum Reynisfjall.

Fjögurra akreina vegur á milli Selfoss og Reykjavíkur

Umferð um veginn á milli Selfoss og Reykjavíkur hefur aukist gríðarlega á undanförunum árum. Samkvæmt umferðartölum undanfarin 14 ár hefur umferðin aukist á bilinu 70 til 90 %, eftir vegarköflum og á síðustu tveimur árum varð umferðaraukningin á bilinu 15 – 20%. Á árinu 2005 var meðaldagsumferðin á leiðinni á bilinu 6000 til 8800 bílar, sbr. meðfylgjandi línurit. Ástæður þessa eru margvíslegar; breytingar í atvinnulífi, fjölgun ferðamanna, fjölgun sumarhúsa á Suðurlandi, aukin hálandisumferð o.fl. Mjög margt bendir til að þessi þróun haldi áfram. Þar má benda á spár um tvö - til þreföldun erlendra ferðamanna á næstu 15 árum, verulegan vöxt og íbúafjölgun á Árborgarsvæðinu, fyrirsjáanlega fjölgun orlofshúsa og aukna þungaflutninga í kjölfar þess að strandflutningum hefur verið hætt. Einnig má nefna Hellisheiðarvirkjun Orkuveitu Reykjavíkur sem nýhafnar eru framkvæmdir við, en þar verður sett upp aðstaða til að kynna ferðamönnum virkjunina og reiknar fyrirtækið með um 250 þúsund heimsóknnum gesta árlega.


Í ljósi þessarar þróunar er nauðsynlegt að vegurinn frá Selfossi til Reykjavíkur verði breikkaður í 4 akreinar. Nú eru tvær akreinar frá Selfossi til Hveragerðis, á 2 km kafla á Hellisheiðinni og frá Litlu kaffistofunni til Reykjavíkur, en 3 akreinar á milli þessara kafla. Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni yrði heildarkostnaður við slíkan veg á milli Selfoss og Reykjavíkur, með nauðsynlegum breytingum á ræsum, brúm og safnvegum um 6 – 7 milljarðar króna. Þá er einnig nauðsynlegt að gera nýja brú yfir Ölfusá. Um verulegan flöskuháls er að ræða þegar umferðaralagið er mest og því brýnt að bæta úr. Þar til ný brú verður byggð er þó mikilvægt að gera þær lagfæringar sem mögulegar eru. Gróf kostnaðaráætlun bendir til að ný brú kosti um 800 milljónir króna.

Með umræddum framkvæmdum verður umferðin greiðari og hnökralausari og umferðaröryggi eykst. Rannsóknir benda til að fjögurra akreina vegur fækki slysum verulega og í nýlegri könnun tryggingafélaganna í samvinnu við áhugamannafélagið „Vini Hellisheiðar“ kom fram að kostnaður samfélagsins vegna tjóna á þessari leið árið 2004 nam rúmum milljarði króna, þar af var kostnaður tryggingafélaga og tjónvalda um 600 milljónir króna. Jafnframt kom fram að meðalkostnaður við eitt tjón á þessari leið var fjórfalt hærri en meðalkostnaður yfir landið. Það er því ljóst að arðsemi endurbóta er gríðarleg og framkvæmdin fljót að borga sig upp, fyrir utan það óbætánlega tjón sem hægt er að komast hjá.

Þá verður einnig að líta til þess að tryggja þarf samkeppnisstöðu Suðurlands gagnvart öðrum vaxtarsvæðum í nágrenni höfuðborgarsvæðisins, þ.e. Suðurnesjum, þar sem framkvæmdum við 4 akreina Reykjanesbraut mun ljúka á næsta ári og á Vesturlandi eru áform uppi um Sundabraut og tvöföldun Hvalfjarðarganga.

Tillaga að 12 ára samgönguáætlun verður lögð fram á Alþingi í haust og er því lagt til að ákvörðun um nauðsynlegar endurbætur á leiðinni verði tekin í tengslum við endurskoðunina þannig að endurbótum á leiðinni á milli Selfoss og Reykjavíkur ásamt brú yfir Ölfusá verði lokið á næstu 3 til 4 árum.

Selfoss - Reykjavík - þróun umferðar



Uppbygging tengivega

Samanlögð vegalengd tengivega á Suðurlandi er um 1000 km. og hefur slitlag verið lagt á um 300 km. Ástand þessara vega er slæmt þegar á heildina er litið og viðhald þeirra lítið. Þrátt fyrir þetta gegna þeir æ stærra hlutverki með sívaxandi umferð sem augljóslega mun aukast áfram á næstu árum. Miklar breytingar hafa orðið í atvinnulífi til sveita sem hafa leitt af sér mun meiri umferð en áður var og umferð ferðamanna bæði innlendra og erlendra hefur stórukaust enda eru margir vinsælustu ferðamannastaðir landsins á Suðurlandi. Mikilvægt er að gert verði átak í uppbyggingu tengivega á Suðurlandi og er lagt til að framlög til þeirra verði fjórfölduð þannig að ljúka megi uppbyggingu þeirra á næstu 20 árum.

Samgöngur til Vestmannaeyja

Á undanföllum árum hafa úrbætur í samgöngum til Vestmannaeyja verið mjög til umfjöllunar. Ýmsir kostir hafa verið ræddir, m.a. hafa farið fram frumrannsóknir á möguleikum og hagkvæmni jarðganga. Niðurstöður jarðfræðirannsókna benda til að jarðgöng séu raunhæfur kostur en óljóst hvort hagkvæmni sé til staðar. Þó hefur verið bent á greinilegar misfellur í þeim hagkvæmniathugunum sem gerðar hafa verið og sem skipta sköpum um hvort skynsamlegt sé að ráðast í framkvæmdir. Því er brýnt að gera viðamikla hagkvæmniathugun til að fá úr þessu skorið. Lögð er áhersla á að gera úrbætur í samgöngumálum Vestmannaeyinga nú þegar. Styrkja þarf strax bæði flugsamgöngur og ferjusiglingar með fjölgun ferða. Jafnframt þarf að gera rannsóknir á varanlegum úrbótum, bæði á möguleikum og hagkvæmni jarðganga sem og á byggingu ferjuhafnar í Bakkafjöru. Lögð er rík áhersla á að niðurstöður liggja fyrir sem fyrst þannig að hægt verði að taka ákvörðun um bættar samgöngur til Vestmannaeyja.

Aðrar samgönguframkvæmdir

Þrátt fyrir að megináhersla sé lögð á þau verkefni sem á undan eru rakin er einnig brýn þörf á einstökum samgönguframkvæmdum á svæðinu. Skal þeirra helstu getið hér.

Brú yfir Hvítá- Bræðratunguvegur. Um er að ræða vegarlagningu og brúargerð sem styttr leiðina á milli Flúða í Hrunamannahreppi og Reykhólts í Bláskógabyggð um 30 km. og skapar mun betri tengingu á milli sveitarfélaganna í uppsveitum Árnassýslu og er ein mikilvægasta forsenda sameiningar sveitarfélaganna. Framkvæmdin er á samgönguáætlun en tryggja verður fullnaðarfjármögnun verksins.

Gjábakkavegur. Gjábakkavegur liggur frá Þingvallavatni til Laugarvatns. Um nýjan veg verður að ræða sem auðveldar mjög samgöngur til efri hluta Árnassýslu frá Reykjavík. Framkvæmdin er ekki síst mikilvæg með tilliti til stórukaustinnar ferðamannaumferðar og mikillar fjölgunar sumarhúsa á

svæðinu. Framkvæmdin er á samgönguáætlun, en undirbúningur hefur stöðvast vegna kröfu umhverfisráðuneytisins um nýtt umhverfismat. Brýnt er að niðurstaða fái sem fyrst þannig að hægt verði að hefja framkvæmdir.

Suðurstrandarvegur. Suðurstrandarvegur er fyrirhugaður vegur á milli Þorlákshafnar og Grindavíkur. Mikilvægi hans er margþætt. Í fyrsta lagi tengir hann Suðurlandsvegum saman eins og fyrirheit voru gefin um við síðustu kjördæmabreytingu. Í öðru lagi er þessi nýja leið mikilvæg í atvinnulegu tilliti, ekki síst fyrir ferðaþjónustuna og greiðari leið frá Keflavíkurlugvelli inn á helstu ferðamannasvæði landsins og í þriðja lagi er framkvæmdin mikilvæg frá öryggis- og almannavarnarsjónarmiði. Reykjanesskaginn er virkt eldfjallasvæði og þar býr meiri hluti landsmanna. Því er mjög mikilvægt að hafa fleiri samgönguleiðir mögulegar ef til náttúruhamfara kemur. Gert er ráð fyrir að Suðurstrandarvegur fái 400 milljónir króna af svokölluðu „símafé“ en það dugar ekki til að ljúka framkvæmdum. Því verður að tryggja fullnaðarfjármögnun á næstu samgönguáætlun.

Jarðgöng í gegnum Reynisfjall. Vegurinn yfir Reynisfjall er einn aðal farartálminn á þjóðvegi 1 allt austur á land og þar er ein af hættulegustu beygjum í vegakerfinu. Veruleg samgöngubót væri því að gerð slíkra gangna. Eðlilegt er að ráðist verði í þessa framkvæmd á næstu árum.

Kjalvegur. Um er að ræða byggingu heilsársvegur sem styttr ferðatíma á milli Suðurlands og Norðurlands. Framkvæmdin yrði góð viðbót við samgöngukerfið og skapaði valkost við þjóðveg 1 um Vesturland. Jafnframt myndi vegurinn opna almenningi betri aðgang að hálendi Íslands en nú er. Gert er ráð fyrir að um einkaframkvæmd yrði að ræða og hefur verið stofnað hlutafélag um verkefnið.

Stórskipahöfn í Þorlákshöfn. Nú fara fram verulegar endurbætur og stækkun á höfninni í Þorlákshöfn. Þrátt fyrir framkvæmdirnar mun höfnin ekki flokkast sem stórskipahöfn og áfram verður því um meðalstóra höfn að ræða. Ein af forsendum vaxtar og stóriðju á svæðinu er að stórskipahöfn sé í nágrenninu og að hafnir á Suðurlandi (þ.m.t. Vetmannaeyjum) taki mið af næstu kynslóð skipa. Fyrir liggur að staðsetning stóriðju í Þorlákshöfn er einkar hagstæð af ýmsum ástæðum og því æskilegt að þar verði í framtíðinni komið upp stórskipahöfn. Þá er ljóst að verulegt hagræði gæti orðið með slíkri höfn fyrir vöruflutninga og ferjusiglingar á milli Íslands og annarra landa vegna styttri siglingaleiðar. Því er mikilvægt að kannaðir verði allir möguleikar á gerð stórskipahafnar í Þorlákshöfn.

Fjarskipti

Í nútímasamfélagi eru öflug fjarskipti nauðsynleg forsenda lífvænlegrar byggðar og í raun jafn mikilvæg og greiðar hefðbundnar samgöngur. Verkefnisstjórnin telur mikilvægt að jafnrétti ríki í aðgengi að grunnnetinu á samkeppnishæfu verði og að þjónusta verði aðgengileg sem flestum óháð búsetu og leggur áherslu á að stjórnvöld tryggi það með framlögum til uppbyggingar dreifikerfisins.


Einn mikilvægasti öryggisþáttur í dreifbýli er aðgangur að farsímakerfum. Útbreiðsla GSM kerfisins er takmörkuð og ákveðið hefur verið að leggja niður NMT kerfið. Því er nauðsynlegt að byggja upp GSM dreifikerfi, sem nýtir langdrægari senda en þá sem nú eru í notkun, til að ráða bót á þessum annmörkum.

Þá telur verkefnisstjórnin einnig mikilvægt að byggt verði upp öflugt gagnaflutningsdreifikerfi en tölvunotkun með tilheyrandi gagnaflutningi er orðin eitt af lykilatriðum nútíma atvinnuhátta.

VI. 10 Störf á vegum ríkisins á Suðurlandi

Varðandi upplýsingar um fjölda starfa á vegum ríkisins á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og Suðurlandi hins vegar er stuðst við tölur úr skýrslu frá mars 2004, um staðsetningu starfa á vegum ríkisvaldsins - Höfuðborgarsvæðið og Eyjafjörður, sem unnin var af Atvinnuþróunarfélagi Eyjafjarðar. Upplýsingar voru einnig fengnar hjá Hagstofu Íslands, af heimasíðum stofnana og ráðuneyta sem og með samtölum við starfsmenn stofnana.

Samkvæmt niðurstöðum eru um 794 störf á vegum ríkisvaldsins á Suðurlandi sem skiptast á níu ráðuneyti. U.þ.b. helmingur af þessum störfum eru við grunnstofnanir ríkisins eins og sýslumanns- og lögregluembætti, skattstofu og héraðsdómstól, heilbrigðis- og menntastofnanir. Við úrvinnsluna er ekki gert ráð fyrir þeim störfum sem eru á vegum Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra þar sem ekki liggur fyrir fjöldi þeirra starfa á höfuðborgarsvæðinu. Vegna mikils fjölda starfsmanna hjá ríkinu er erfitt að finna nákvæman fjölda og staðsetningu starfa, af þeim sökum getur verið að einhver starfsemi hafi orðið útundan. Í útreikningum hafa stofnanir sem eru að hluta fjármagnaðar af sveitarfélögum sem og ríkisfyrirtæki sem eru hlutafélög, ekki verið talin með.



Mynd: *Hlutfall starfa hjá ríkinu eftir ráðuneytum - Höfuðborgarsvæðið - Suðurland*


Á myndinni hér að ofan má sjá hvernig störf skiptast hlutfallslega milli höfuðborgarsvæðisins og Suðurlands m.v. heildarfjölda starfa á landinu. Í sumum tilvikum er enginn starfsmaður á sviði viðkomandi ráðuneytis eða stofnana þeirra á Suðurlandi en þau fimm ráðuneyti/stofnanir sem ekki eru með störf á Suðurlandi eru Hagstofa Íslands, Alþingi, sjávarútvegsráðuneytið, utanríkisráðuneytið og umhverfisráðuneytið. Af heildar mannfjölda á Íslandi búa 62,8% á höfuðborgarsvæðinu en 7,42% á Suðurlandi.

Tafla 1. Samanburður á ríkisstörfum á höfuðborgarsvæðinu og Suðurlandi



	Höfuðborgarsvæðið	Suðurland
Heildarfjöldi ríkisstarfa á landinu öllu = 17,586		
Fjöldi starfa á vegum ríkisins	12.637	794
Fjöldi íbúa	184.244	21.790
Hlutfall ríkisstarfa af heildarfjölda ríkisstarfa	71,86%	4,51%
Hlutfall íbúa af heildarfjölda íbúa landsins	62,76%	7,42%
Fjöldi ríkisstarfa á Suðurlandi ef hlutfallið væri 7,42%, af heildarfjölda ríkisstarfa – þ.e. í samræmi við íbúafj.		1305
Fjöldun ríkisstarfsmanna til að ná hlutfalli íbúafjölda 7,42% - þ.e. 1305 - 794 störf = 511 störf.		511

Skv. þeim upplýsingum sem liggja fyrir eru 17.586 störf á vegum ríkisins á landinu öllu en heildarfjöldi er ekki nákvæmur þar sem ekki fengust tæmandi upplýsingar. Eins og fram kemur í töflu 1 eru 12.637 störf á vegum ríkisins á höfuðborgarsvæðinu eða um 72%, þrátt fyrir að þar búi einungis um 63% fólksfjölda landsins. Væri hlutfall ríkisstarfsmanna á höfuðborgarsvæðinu í takt við hlutfall íbúafjölda eða um 63% - ætti fjöldi ríkisstarfsmanna þar að vera um 11,037 í stað 17,586, eða 6,550 færri.

Sé litið á sambærilegt hlutfall fyrir Suðurland eru einungis **794** störf á vegum ríkisins á Suðurlandi eða einungis 4,5% - þrátt fyrir að þar búi 7,42% íbúanna. Ekki eru þó talin með störf er varða málefni fatlaðra á Suðurlandi. Þessi störf skiptast á milli 20 ríkisstofnana og eins og áður er lýst er um helmingur þeirra við grunnstofnanir ríkisins. Væri hlutfall ríkisstarfsmanna á Suðurlandi í takt við íbúafjölda svæðisins sem er 7,42% af heildarfjölda íbúa á landinu öllu, ætti fjöldi ríkisstarfsmanna að vera **1.305** en ekki 794, eða **511 feiri en þeir eru í dag.**



Með þessum samanburði er þó ekki verið að segja að þessi hlutföll eigi alfarið að vera þau sömu, þ.e. hlutfall ríkisstarfsmanna á viðkomandi landssvæðum eigi alltaf að endurspeglar hlutfall íbúafjölda. Hins vegar er eðlilegt að tekið sé tillit til slíks samanburðar og óeðlilegt getur verið að mikið misræmi sé þar á milli. Í nýlegri skýrslu um fasteignamarkaðinn á Íslandi ⁷, er einnig bent á að rekstrarútgjöld opinberra aðila séu mun meiri á höfuðborgarsvæðinu en tekjur á því svæði gefi tilefni til. Þessar vísbendingar gefa fullt tilefni til að stjórnvöld hugi vandlega að áherslum á uppbyggingu ríkisstofnana og verkefna á einstaka landshlutum – hér eftir sem hingað til.




⁷ Landfræðilegt litróf íslenska fasteignamarkaðarins, (bls. 52) Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, 2005.

Þegar myndir af störfum á vegum ríkisins eftir stofnunum eru skoðaðar má sjá að Vegagerðin, Landbúnaðarháskóli Íslands og Landgræðsla ríkisins eru einu stofnanirnar sem beint tengjast atvinnuvegunum, þar sem um er að ræða einhvern fjölda starfsmanna, en í þessum stofnunum starfa 18% af þeim ríkisstarfsmönnum sem eru á Suðurlandi.

Í þessu sambandi er rétt að benda á að störf sem tengjast landbúnaði, eru verulega umfram íbúahlutfall svæðisins sem verður að teljast góður árangur fyrir þetta svæði. Einnig skal tekið fram að í þessum tölum er ekki tekið tillit til um 30 – 40 starfa sem færast til Árborgarsvæðisins með flutningi landbúnaðarstofnunar til svæðisins, sem unnið er að og framundan er. Þetta eflir starfsemi tengda landbúnaði verulega á svæðinu, ekki síst þar sem um mörg háskólastörf er að ræða.

Tvær rannsóknarstofnanir eru á vegum Háskóla Íslands á Selfossi og í Vestmannaeyjum. Engin störf eru hjá öðrum stofnunum í rannsóknum og vísindum, eins og Orkustofnun, Iðntækistofnun og Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins.



Engar stofnanir á vegum ríkisins sem vinna að umhverfis- og skipulagsmálum eru staðsettar á Suðurlandi. Sama má nánast segja um menningarstofnanir en einungis er um sjö störf að ræða, eitt hjá RÚV og sex af átta stöðugildum á vegum Þingvallanefndar.

Þegar litið er á starfsemi á vegum ríkisins í heild sinni á Suðurlandi er ljóst að hlutfall starfa er mjög lágt hvort sem borið er saman út frá heildarfjölda starfa eða út frá íbúatölu. Þegar störf á vegum ríkisins eru staðsett á landsbyggðinni þarf að liggja fyrir ávinningur bæði fyrir það svæði sem valið er sem og stofnunina. Þegar ný störf eða stofnanir verða til á vegum ríkisins ætti ávallt að hafa í huga hvort það hentaði viðkomandi starfsemi að vera úti á landsbyggðinni og tvímælalaust að staðsetja hana þar ef svo er. Hins vegar skyldi fara varlega í að flytja heilu stofnanirnar eða störfin í þeim eina tilgangi að flytja þær. Við það skapast hættu á að mannauðurinn glatist, menning stofnunarinnar rýrnir og sá ávinningur sem hugsaður var af flutningnum verði takmarkaður.

VII. Samkeppnishæfni - SVÓT greining

Vaxtasamningur Suðurlands miðar að aukinni samkeppnishæfni fjórðungsins og sóknar í byggða- og atvinnumálum, byggir á stöðu- og framtíðarmati fyrir svæðið. Horft er sérstaklega til þeirra sviða þar sem fjórðungurinn hefur forskot og yfirburði yfir önnur landssvæði. Um leið þarf að kalla eftir aðgerðum á sviðum þar sem svæðið hefur dregist aftur úr.

Suðurland nær yfir víðfemt og ákaflega fjölbreytt landssvæði, bæði hvað varðar náttúrulegt umhverfi og aðstæður til búsetu. Til að mynda hefur vesturhluti svæðisins; Árnessýsla, með Árborg og Hveragerði í fararbroddi, orðið mjög jákvæðrar þróunar aðnjótandi, ekki síst vegna nálægðar við höfuðborgarsvæðið. Íbúafjöldun hefur verið þar meiri en annars staðar á landinu, uppbygging í verslun og þjónustu hefur verið mikil og valkostir í atvinnumálum fjölgað með bættum samgöngum og breyttu viðhorfi fólks í tengslum við búsetu- og atvinnuhætti. Hér er átt við þá þróun að vesturhluti svæðisins sé að verða hluti af sameiginlegu atvinnu- og búsetusvæði höfuðborgarsvæðisins.


Á svæðum þar í kring, lágsveitum og uppsveitum Árnessýslu og Rangárvallasýslu í heild, hefur þróunin verið hægari á undanförunum árum. Búast má við uppbyggingu og fjölgun á þessum svæðum í náinni framtíð og þá mest í tengslum við stækkandi áhrifasvæði suðvesturhorns landsins.

Svæðin austast í landshlutanum, Mýrdals- og Skaftárhrepp, auk Vestmannaeyja, hafa hins vegar glímt við erfiðari aðstæður og einhverja fólksfækkun. Þar hefur íbúum fækkað, samfélagsleg þjónusta hefur dregist saman, atvinnutækifærum hefur fækkað. Á þessum svæðum er þó einnig að finna fjölda styrkleika og tækifæra.

Eðlilegt er að vaxtarsamningur Suðurlands taki mið af þessari þróun og að meiri áhersla verði lögð á aðgerðir gagnvart svæðum sem eiga í vök að verjast, heldur en þeim sem eru í hvað mestri sókn.

Ef meta á samkeppnishæfni svæðisins, hvort sem er í heild eða út frá einstökum svæðum, þá getur verið gott að framkvæma svokallaða SVÓT-greiningu. Þar eru styrkleikar og veikleikar svæðisins í nútíð greindir, og metnar framtíðarhorfur; tækfæri og ógnanir, út frá utanaðkomandi áhrifum.

Til að framkvæmdahluti vaxtarsamningsins byggi á traustum grunni og verði árangursríkur þarf að nálgast hann með faglegum hætti.



Mynd: Vinnuferli tillögugerðar Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands í vaxtarsamning Suðurlands.

Til einföldunar á framsetningu, sérstaklega hvað varðar meðferð opinberra upplýsinga og talnagagna hefur svæðinu verið skipt í fimm flokka:

- A. Suðurland í heild**
- B. Árnessýsla, þar sem vöxtur er mikill og hraður.**
- C. Rangárvallasýsla, þar sem vöxtur er hægar.**
- D. Vestur Skaftafellssýsla, þar sem samdráttur og fækkun hefur orðið.**
- E. Vestmannaeyjar, þar sem fólksfækkun hefur orðið.**

Rétt er að taka fram að eftirfarandi mat á svæðunum er ekki algilt, heldur er leitast við að gefa sem raunhæfasta mynd af þeim mismunandi aðstæðum sem eru á hinum ólíku svæðum.

Þegar lagt er mat á styrkleika og veikleika svæðisins er fyrst og fremst horft til samanburðar við svæði og sveitarfélög í samkeppni, enda um samkeppnisgreiningu að ræða.

Greiningin byggir að mestu á aðferðafræði hefðbundinnar SVÓT-greiningar, þ.e. að styrkleikar og veikleikar séu í innra umhverfi þess sem greint er og hægt er að hafa bein áhrif á þau atriði. Ógnanir og tækifæri eru þá í ytra umhverfinu, þar sem lítil áhrif er hægt að hafa á viðkomandi atriði. Einnig má líta á að styrkleiki og veikleiki séu hluti af núverandi stöðu, og ógnanir og tækifæri séu þá í framtíðinni. En sama gildir þá að auðvelt er að hafa áhrif á núverandi stöðu en erfiðara á framtíðina.

Styrkleikar - samkvæmt SVÓT-greiningu

Helstu styrkleikar eru:	Suðurland í heild	Árnessýsla	Rangárvallasýsla	V-Skaftafellssýsla	Vestmannaeyjar
Nálægð við höfuðborgarsvæðið	X	X	X	X	
Hátt þjónustustig í verslun og almennri þjónustu	X	X	X		X
Frumvinnsla og úrvinnsla öflug, náttúrulegar aðstæður góðar	X	X	X	X	X
Atvinnusvæði tengt höfuðborgarsvæðinu	X	X	X		
Vegasamgöngur almennt góðar, innan svæðis og útfyrir svæði	X	X	X	X	
Rafrænar tengingar góðar	X	X	X		X
Fjölsóttustu ferðamannastaðir landsins	X	X	X	X	
Þekking í sjávarútvegi og fiskvinnslu	X	X			X
Hagstætt fasteignaverð	X		X	X	X
Samfélagsþjónusta s.s. heilbrigðisþjónusta, o.fl.	X	X	X	X	X
Vöxtur svæðisins	X	X	X		
Menningarstarfsemi, mannlíf og afþreying	X	X	X	X	X
Fjölskylduvænt og aðlaðandi umhverfi	X	X	X	X	X

Einn helsti styrkleiki Suðurlands, sérstaklega vestari hluti svæðisins, er nálægðin við höfuðborgarsvæðið og þeir valkostir í atvinnu-, búsetu, mennta- og menningarmálum sem það býður upp á. Austari hlutinn er ágætlega tengdur við suðvesturhorn landsins með þjóðvegi 1. Vestmannaeyjar skera sig úr hvað varðar samgöngur við höfuðborgina.

Viðskiptaumhverfi í Árnessýslu er sérstaklega aðlaðandi, sem þýðir að verslunum og þjónustufyrirtækjum hefur fjölgað mjög þar allra síðustu árin. Framboð og fjölbreytni í vöruvæði og vöruverði er meira en í flestum sveitarfélögum af sömu stærðargráðu. Þessi þróun hefur jákvæð áhrif á búsetuskilyrði í nágrennasveitarfélögum í austurátt.

Á Suðurlandi er mikil þekking í frumvinnslu, þ.e. sjávarútvegi og landbúnaði og úrvinnslu afurða. Landssvæðið er eitt helsta matvælaframleiðslusvæði landsins. Helstu náttúruperlur landsins eru á Suðurlandi eða í næsta nágrenni, um svæðið fer meiri fjöldi ferðamanna en nokkurn annan hluta landsins. Gott framboð er af gistingu en bæta má framboð af afþreyingu fyrir ferðamenn.

Samgöngur á Suðurlandi eru að mestu með ágætum, vegir liggja óvíða um fjallvegi og eru yfirleitt opnir og færir allt árið um kring. Engu að síður er áriðandi að kröfur um bætta samgöngur og aukið umferðaröryggi séu ávallt uppi, sérstaklega þegar horft er til aukinnar umferðar um svæðið allt. Færst hefur í vöxt að fólk hafi búsetu á Suðurlandi en stundi vinnu á höfuðborgarsvæðinu og reikna má með því að sú þróun haldi áfram og vaxi og því er mikilvægt að leggja grunn að fjölgun akreina í 4 á milli Reykjavíkur og Selfoss.

Rafrænar samgöngur eru víðast góðar og er háhraðatenging víðast hvar á vesturhluta svæðisins en þær þarf að bæta m.a. undir Eyjafjöllum og í dreifbýli í V-Skaftafellssýslu. Ljósleiðarasamband er á flestum þéttbýlisstöðum á Suðurlandi.

Eftirspurn eftir fasteignum, íbúðahúsnæði, sumarbústöðum og jörðum hefur aukist gríðarlega á síðustu misserum og hefur það leitt til hækkunar fasteignaverðs, mest í vesturhluta Suðurlands en minna eftir því sem austar dregur. Slíkt getur haft bæði jákvæð og neikvæð áhrif, en styrkir fyrst og fremst efnahagslegt öryggi fasteignaeigenda á svæðinu. Heilsugæsla og almenn heilbrigðisþjónusta er með ágætum á öllu Suðurlandi. Nálægð við höfuðborgarsvæðið, með góðum samgöngum auka öryggi og gæði íbúa svæðisins með aðgangi að sérfræði- og neyðarþjónustu á flestum sviðum.

Mannlíf er öflugt og fjölbreytt, þátttaka í menningarstarfsemi af ýmsum toga meiri en víða í fjölmennari samfélögum og fjölbreytt afþreying víðast í boði. Umhverfið er fjölskylduvænt og aðlaðandi og nálægð við náttúruna mikil.

Veikleikar – samkvæmt SVÓT-greiningu

Helstu veikleikar eru:	Suðurland í heild	Árnessýsla	Rangárvallasýsla	V-Skaftafellssýsla	Vestmannaeyjar
Samgöngur á milli Reykjavíkur og Suðurlands (Selfoss)	X				
Samgöngur við Vestmannaeyjar og austurhluta Suðurlands				X	X
Skortur á tækifærum til háskólamenntunar á svæðinu.	X				
Lágt menntunarstig og lágt hlutfall skapandi atvinnugreina	X	X	X	X	X
Lágt hlutfall rannsóknarstarfsemi og ríkisstarfa	X				
Skortur á heildstæðri framtíðarsýn fyrir allt svæðið	X				
Lágt þjónustustig almannaþjónustu				X	
Einhæft atvinnulíf			X	X	X
Fólksfækkun				X	X
Skortur á afþreyingu fyrir ferðamenn				X	
Íbúabróun óhagstæð				X	X
Skortur á frumkvæði og nýsköpun	X	X	X	X	X

Ef skoðaðir eru helstu veikleikar Suðurlands samkvæmt greiningunni að ofan, má nefna lágt menntunarstig og lágt hlutfall þekkingargreina og skapandi atvinnugreina, en slíkt er talið hafa áhrif á félagsauð. Þetta kann að hafa áhrif í þá átt að nýsköpun og frumkvöðlastarf sé minna á svæðinu en ella.

Heildstæð framtíðarsýn er talin skorta fyrir svæðið í heild, en tilhneiging er til að horfa á ákveðin svæði sem afmörkuð og jafnvel einangruð og kröfur oft gerðar til að þau séu sjálfum sér næg. Ekki er horft nægilega til ávinnings af samstarfi og samlegðaráhrifum.

Breytingar á atvinnuháttum og efnahagsumhverfi nútímans, þ.e. minnkandi vægi frumvinnslu hefur haft áhrif á svæðinu. Ein helsta atvinnugrein Suðurlands; landbúnaður, vegur sífellt minna og tekjur bænda dragast saman. Sérstaklega á þetta við í hefðbundnum sauðfjárbúskap, en benda má á að mjólkuriðnaður á svæðinu hefur verið að nútímavæðast með jákvæðum árangri, þannig að sóknarfæri eru í landbúnaði.

Samgöngur við Vestmannaeyjar eru mikil hindrun varðandi uppbyggingu atvinnulífs, sérstaklega í ferðaþjónustu, en áhrifanna gætir þó nánast á öllum sviðum. Mikilvægt er að rannsaka ítarlega hagkvæmar lausnir til að bæta samgöngur við Vestmannaeyjar. Í því sambandi skal sérstaklega bent á að líta ber á samgöngumál almennt í þéttbýli sem dreifbýli – sem algera forsendu fyrir samkeppnishæfu atvinnulífi á viðkomandi svæði, enda eru samgöngur hornsteinn og hluti af innviðum hvers þjóðfélags.

Einangrun í Vestur-Skaftafellssýslu er nokkur, en þar eru fjarlægðir og fámenni helsta hindrunin. Svæðið liggur þó í alfaraleið ef svo má segja, með þjóðveg 1 í gegnum svæðið. Talsverð fólksfækkun hefur orðið á viðkvæmum svæðum, íbúar Mýrdals- og Skaftárhrepps eru rétt um 500 í hvorum hrepp. Erfitt er að veita lögboðna almannþjónustu í slíku fámenni, sérstaklega þegar horft er til þess að hrepparnir eru einhverjir þeir víðfeðmustu á landinu. Sífellt verður erfiðara og kostnaðarsamara að halda almannþjónustunni uppi og erfitt getur verið að manna slík störf. Fámenni og einangrun leiðir til óhentugs viðskiptaumhverfis og fábreytni í verslun og þjónustu. Markaður er líftill og óhagstætt að þjóna honum og vekur ekki áhuga. Hátt vöruverð á afskekktari stöðum ýtir undir að íbúar versli utan svæðis, sem aftur hefur áhrif á versnandi viðskiptaumhverfi á stöðunum.

Ógnanir – samkvæmt SVÓT-greiningu

Helstu ógnanir eru:	Suðurland í heild	Árnessýsla	Rangárvallasýsla	V-Skaftafellssýsla	Vestmannaeyjar
Óstöðugt rekstrarumhverfi fyrir atvinnulíf, vegna gengissveiflna krónunnar	X				
Fólksfækkun og breytingar í aldurssamsetningu				X	X
Alþjóðavæðing, breytingar og erlend samkeppni	X	X	X	X	X
Neikvæð umræða um byggðamál	X				
Vaxandi kröfur um fjölbreytni í þjónustu, verslun, afþreyingu ofl.	X	X	X	X	X
Ein hæfni fámennra samfélaga			X	X	
Skortur á samstöðu innan svæðisins	X	X	X	X	X
Ein hæfni í atvinnumálum			X	X	X

Ein helsta ógnun við atvinnulíf á svæðinu, er óstöðugt rekstrarumhverfi sem fram kemur í miklum gengissveiflum og háum vöxtum. Fram hefur komið að íslenska gjaldeyriskerfið sé það allra smæsta í heimi með sjálfstæðan fljótandi (markaðsskráðan) gjaldmiðil og líklegt er að smæð þess magni upp allar gengissveiflur og vexti hér á landi langt umfram það sem eðlilegt er og ella væri, ef gjaldeyriskerfið væri hluti af stærra gjaldeyriskerfi. Smæð gjaldeyriskerfisins kann að valda því að gengi krónunnar er afar óstöðugt og viðkvæmt fyrir innlendum sem erlendum áhrifum, og magnar af þeim sökum upp allar sveiflur og áhrif (sveiflumagnari), sem um leið eykur áhættu alls gjaldeyris- og fjármálakerfisins. Dæmi um þetta má m.a. sjá á gengisþróun í tengslum við einstaka innlendar framkvæmdir sem og við kaup erlendra aðila á íslenskum skuldabréfum, þar sem tiltölulega litlar fjárhæðir í alþjóðlegum samanburði hafa mikil áhrif á gengisþróun krónunnar. Einstaka erlendar skýrslur og fréttir virðast einnig geta haft veruleg áhrif á gengið.⁸ Bera mætti hið smá íslenska gjaldeyriskerfi (eins og hverfi eða gata í stórborg) saman við stærra gjaldeyriskerfi – við lítinn bát og stórskip á sjó, þar sem báturinn er á sífelldri hreyfingu hvort sem það stafar af hreyfingum innan bátsins eða öldum utan hans, á meðan stærra skip hreyfast ekki í sambærilegum tilfellum. Starfsskilyrði atvinnulífsins eru því stöðug hvað þetta varðar í stóru skipi, á meðan ríkja miklar sveiflur í hinum smáa bát á úthöfum alþjóðlegs fjármálamarkaðar, með samsvarandi aukinni áhættu og kostnaði. Þessar gengissveiflur og háir vextir kosta einstaklinga og atvinnulíf miklar fjárhæðir og skaða um leið samkeppnishæfni, hagþróun og lífskjör. Slíkar sveiflur skaða meira landsbyggð eins og t.d. Suðurland til skemmri tíma, þar sem hærra hlutfall útflutnings- og samkeppnisgreina er á þeim svæðum en á höfuðborgarsvæðinu, eins og bent er á í nýlegri skýrslu um fasteignamarkaðinn.⁹

⁸ Útkoma skýrslu Fitch Rating um lánshæfismat Íslands 21. feb. .2006 og mikið fall krónunnar í kjölfarið, sem og fl. skýrslur.

⁹ Landfræðilegt lítróf íslenska fasteignamarkaðarins (bls. 6, 9, 11, 24), iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið 2005, sjá vefslóð, <http://www.idnadarraduneyti.is/utgefing-efni/skyrslur/nr/1754>

Sveitarfélög keppa sín á milli um íbúa, þar skara þau fram úr þau sveitarfélög þar sem boðið er upp á sem besta þjónustu, fjölbreytni er meiri og valkostir fleiri á flestum sviðum. Stöðugt hallar á fámennari og veikari sveitarfélögin í samkeppninni. Með auknum hreyfanleika fólks innanlands sem á milli landa standa sveitarfélög frammi fyrir aukinni samkeppni við önnur sveitarfélög sem hafa upp á hagstæðara og meira aðlaðandi umhverfi að bjóða.

Samstöðu skortir stundum innan svæða og á milli sveitarfélaga innan svæðisins. Áhugi á samvinnu er stundum lífíll og skilningur á ávinningi samstarfs eða sameiningar stundum takmarkaður.

Breytingar í umhverfinu, alþjóðavæðing og erlend samkeppni eru atriði sem takast verður á við, þó það kunnir að virðast ógn. Erfitt getur einnig verið að bregðast við hröðum breytingum í neyslúháttum og viðhorfum almennings, sífellt vaxandi kröfur um fjölbreytni og nýjungar geta gert framleiðendum erfitt fyrir, sem og seljendum vöru og þjónustu. Alþjóðavæðing vex í afþreyingu og getur haft áhrif á þátttöku fólks í menningar- og tómsundastarfi. Það er þó engin önnur leið en að takast á við breytta tíma og aðstæður.

Mannlíf og atvinnulíf í fámennari samfélögum getur skort nauðsynlega fjölbreytni. Þetta getur lýst sér í bjagaðri aldurs- og kynjasamsetningu, þar sem vantað getur ungt fólk á barneignaraldri. Með brottflutningi ungs fólks verður aldurssamsetning sífellt óhagstæðari, meðalaldur íbúanna hækkar og möguleikar á fjölgun minnka þegar fólki á barneignaraldri fækkar stöðugt. Þróun af þessu tagi hefur átt sér stað víða í dreifbýli og haft slæm áhrif, sérstaklega þegar horft er til þess að þessi aldurshópur hefur að jafnaði verið að mennta sig. Fábreytni hefur áhrif á það hvernig fólk upplifir möguleika á tækifærum til framtíðar.

Helstu sóknarfærin í atvinnumálum landsbyggðarinnar tengjast oft landbúnaði eða ferðaþjónustu og þar eru meðaltekjur oft lágar. Afar mikilvægt er því að efla þekkingartengda starfsemi með því efla háskóla- og rannsóknarstarfsemi og tengsl þessara þátta við atvinnulíf.

Umræða um byggðamál, ásamt úrræðum og lausnum í þeim málum hefur oft verið neikvæð og byggð á misskilningi þó sú umræða sé nú á seinustu tímum mun málefnalegri og jákvæðari.

Almannaþjónusta á vegum hins opinbera og þjónusta einkaaðila er umsvifaminni í fámenni en fjölmenni, valkostir eru færri og framboð einsleitara. Oft er aðeins um ákveðna grunnþjónustu að ræða og ekkert umfram það, t.d. í heilbrigðisþjónustu, menntun, verslun ofl. Almenn lífskjör teljast því oft lakari á fámennari og afskekktari svæðum en á suðvesturhorni landsins.

Helsta ógn í fámennari og einangraðri sveitarfélögum er sú ójafna samkeppni sem birtist í lakari samfélagslegum aðstæðum, fábreytni atvinnulífsins, minna menntunar- og menningarframboði og lífskjörum almennt, auk lakari þjónustu - en almennt er hægt að fá í fjölmennari sveitarfélögum, bæjum og borgum.

Á sama tíma hefur einnig mátt greina vaxandi áhuga íbúa þéttbýlisins á því að flytjast til fámennari staða – sökum friðsældar og oft á tíðum fjölskylduvænni aðstæðna. Auknir möguleikar á sviði fjarvinnslu hafa einnig aukið möguleika í þessa veru. Veruleg aukning íbúafjölda Árborgarsvæðisins er dæmi um þróun á þessu sviði en stór hluti af þeirri aukningu kemur frá höfuðborgarsvæðinu.

Tækifæri – samkvæmt SVÓT-greiningu

Helstu tækifæri eru:	Suðurland í heild	Árnessýsla	Rangárvallasýsla	V-Skaftafellssýsla	Vestmannaeyjar
Sameining og samvinna sveitarfélaga	X	X	X	X	X
Bættar vegasamgöngur til að stuðla að frekari vexti svæðisins	X				
Þróun í fjarskiptatækni, fjarvinnsla og fjarmenntun	X				
Landbúnaður og tengd starfsemi	X	X	X	X	
Ferðaþjónusta, í tengslum við náttúruperlur, sögu og menningu	X	X	X	X	X
Aukið samstarf á sviði markaðsmála	X	X	X	X	X
Rannsókn- og fræðastarf í tengslum við náttúrufar	X	X	X	X	X
Nálægð og/eða samstarf við höfuðborgarsvæðið	X	X	X	X	X
Efling og samstarf byggðakjarna	X	X	X	X	X
Vaxandi eftirspurn eftir búsetu utan höfuðborgarsvæðis	X	X	X	X	X
Aukin áhersla á fjölbreytta afþreyingu	X				
Hækkað menntunarstig og atgerfissókn	X	X	X	X	X
Efla starfsemi háskóla á svæðinu.	X				
Mótun sameiginlegrar framtíðarsýnar svæðisins	X				
Efla frumkvæði, nýsköpun og ákvarðanatöku varðandi eigin velferð	X				
Efla jákvæða ímynd svæðisins	X				
Vaxandi kröfur um fjölbreytni í þjónustu, verslun, afþreyingu ofl.	X	X	X	X	X
Aukin nýting náttúruauðlinda svæðisins	X	X	X	X	X
Framþróun matvælavinnslu	X	X	X	X	X
Heilsutengd þjónusta	X	X	X		X
Samvinna sveitarfélaga og einkaaðila um opinberan rekstur	X	X	X	X	X

Á Suðurlandi eru helstu náttúruperlur landsins og flestir fjölsóttustu ferðamannastaðirnir, það gefur sóknarfæri í gegnum alls konar þjónustu við ferðamenn. Sumarhúsa- eða fristundahúsabyggð er stærri á Suðurlandi en annars staðar auk þess sem viðvera fólks þar lengist og er farin að dreifast yfir allt árið.

Suðurland er langstærsta landbúnaðarsvæði landsins, náttúrugæði mikil og veðurfar með því hagstæðasta sem gerist hér á landi. Hagræðing í hefðbundnum landbúnaði, þróun og nýsköpun í frumvinnslu og úrvinnslu, ásamt öflugum starfi háskóla, rannsóknastofnana, fræðistarfi og þekkingaruppbyggingu í nánu samstarfi við atvinnulíf getur gefið ýmsa möguleika.

Helstu tækifærin til frekari vaxtar fyrir Suðurland byggja m.a. á bættum starfsskilyrðum s.s. bættum samgöngum, öruggari og hraðari samgöngum, með vegabótum, betri farartækjum, hraðri þróun í rafrænum samskiptum s.s. fjölmiðlum og gagnaflytingu.

Nálægðin við höfuðborgarsvæðið býður upp á mörg tækifæri og skapar svæðinu sérstöðu umfram flest önnur landssvæði.

Eftirspurn eftir húsnæði utan höfuðborgarsvæðisins hefur vaxið mikið, bæði með hækkanði fasteignaverði og ekki síður vaxandi áhuga á búsetu utan mesta þéttbýlisins, við hentug skilyrði hvað varðar framboð á húsnæði, verslun, þjónustu og afþreyingu.

Störf vel menntaðra sérfræðinga bjóða sífellt upp á fleiri möguleika varðandi fjarvinnslu, sem og þróun í rafrænum samskiptum. Kröfur um hagstæð búsetuskilyrði með þarfir fjölskyldunnar í fararbroddi vaxa. Með því að huga sérstaklega að þessum þáttum má hefja svokallaða atgervissókn, þ.e. að hvetja vel menntað fólk til að flytjast á Suðurland. Með því má um leið efla nýsköpun og frumkvæði fólks, en menntun er talin vera mikilvæg forsenda slíks starfs.

Á Suðurlandi eru margar mestu náttúruauðlindir landsins; orka, náttúruaðstæður og auðlindir af ýmsu tagi. Auka má nýtingu þeirra og skapa frekari verðmæti. Dæmi um þetta eru gufuafl á Hellisheiði og fiskgengd á vatnasvæði Hvítár og Ölfusár. Sérstætt náttúrufar og áhugaverð saga og menning getur boðið upp á fjölmörg tækifæri í ferðaþjónustu og ekki síður í rannsóknum og fræðastarfi af ýmsum toga.

Heilsutengd þjónusta af ýmsu tagi stendur mjög framarlega s.s. í Hveragerði og víðar. Öldrunarþjónusta og önnur þjónusta við eldra fólk getur gefið mikla möguleika í framtíðinni. Aðlaðandi og afslappandi umhverfi á Suðurlandi ætti að höfða til þessa fólks, sem og nálægðin við höfuðborgina.

Samvinna sveitarfélaga og einkaaðila, s.s. úthýsing verkefna, getur boðið upp á mikilvæg tækifæri fyrir fyrirtæki til að vaxa og dafna.

Matvælavinnsla stendur framarlega á Suðurlandi, með átaki í rannsóknum og þróun má efla veg atvinnugreinarinnar. Klasi sem byggði á samvinnu sunnlenskra matvælafyrirtækja og mennta- og rannsóknastofnana á matvælasviði gæti aukið veg sunnlenskrar framleiðslu enn frekar.

Sameiginlegt markaðsstarf varðandi Suðurland og sunnlenskar afurðir er mikilvægt. Suðurland gæti staðið fyrir hagstætt og aðlaðandi umhverfi til búsetu, með góðu framboði í verslun og þjónustu, öflugri almannaðjónustu og fjölbreyttum tækifærum í atvinnu-, mennta- og menningarmálum, ásamt fjölbreyttu framboði á afþreyingu af flestu tagi. Góðar samgöngur eru á og við svæðið. Mikil nálægð við höfuðborgina býður upp á samvinnu til að efla grunngerð svæðisins enn frekar og efla fjölbreytni og fjölga áhugaverðum tækifærum fyrir Suðurland.


VIII. Klasar til aukinnar samkeppnishæfni fyrirtækja og svæða

Eins og áður hefur komið fram er mikilvægt að vinna að auknum vexti og samkeppnishæfni atvinnulífs og byggða með öllum þeim leiðum sem hægt er, m.a. með aukinni starfsemi klasa og netsamstarfs. Fjöldmörg dæmi eru um árangur á einstaka svæðum með starfsemi klasa, og jafnframt hefur verið rannsakað hvaða þættir það eru sem eru hvað mikilvægastir við uppbygginu klasa og netsamstarfs í atvinnulífi. Það módel sem hvað helst er horft til í þessari skýrslu er það starf sem unnið hefur verið á þessu sviði á Oulu svæðinu í Finnlandi og hefur þegar verið lýst.

Einnig og ekki síður hefur verkefnisstjórnin unnið að því að fá til landsins erlenda þekkingu er varðar uppbyggingu og ráðgjöf við atvinnulíf til að efla starfsemi klasa og auka netsamstarf á milli fyrirtækja. Þess er þó að geta að ekki er um einhverjar töfralausnir að ræða heldur langtímastarf sem skilar árangri í þeim tilvikum sem slíkt hentar og þar sem unnið er að málum á markvissan og faglegan hátt til lengri tíma.

VIII.1 Námskeið um uppbyggingu, rekstur og nýtingu klasa til aukinnar samkeppnishæfni fyrirtækja og svæða

Þann 9. – 10. september 2003 var fengin hingað til lands Mr Ifor Flowcs-Williams frá Nýja Sjálandi, til að halda námskeið um uppbyggingu og eflingu klasa og hvað er hægt að gera til að auka samkeppnishæfni fyrirtækja og svæða með markvissum aðgerðum á þessu sviði. Námskeiðið var hluti af starfi Verkefnisstjórnar um byggðapróun við Eyjafjörð, en að því stóðu iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, Iðntæknistofnun Íslands, Útflutningsráð Íslands, Byggðastofnun og Rannís.



Ifor hefur haldið fjölda námskeiða um þessi mál víða um heim fyrir fyrirtæki, opinbera aðila og alþjóðastofnanir s.s. OECD og Alþjóðabankann. Námskeiðið var ætlað fyrirtækjum, stofnunum, opinberum aðilum, sveitarfélögum, samtökum, atvinnuráðgjöfum og öðrum er fást við að auka samkeppnishæfni atvinnulífs og svæða, m.a. með markvissri uppbyggingu klasa og tengslaneta í atvinnulífi.

Námskeiðið miðaði að því að efla þekkingu innlendra ráðgjafa og fyrirtækja á þessu sviði og tókst það afar vel. Fjöldi aðila sótti námskeiðið, ekki síst atvinnuráðgjafar, og það lagði grunn að frekari ráðgjöf og störfum innlendra aðila á þessu sviði, sem geta miðlað þessari þekkingu áfram til atvinnulífsins.

Á námskeiðinu var farið í helstu atriði sem skipta máli við aukið netsamstarf og uppbyggingu og var því skipt í 12 flokka, sjá meðfylgjandi box.

Varðandi nánari umfjöllun og ráðgjöf er vísað á ráðgjafafyrirtæki sem sérhæfa sig á þessu sviði, en nánari upplýsingar má fá hjá Iðntæknistofnun Íslands o.fl.

Nánari upplýsingar um þessa aðferðafræði má finna hjá Iðntæknistofnun, sem og hjá starfandi Vaxtarsamningum s.s. Vaxtarsamningi Eyjafjarðar (<http://www.klasar.is/>) og Vaxtarsamningi Vestfjarða (<http://www.atvest.is/index.php?pid=41>)

Klasar og Netsamstarf 12 þrep til vaxtar og þróunar

1. Kynning á notagildi

Kynning á notagildi klasa fyrir mögulegum þátttakendum og þýðingu þeirra fyrir hagþróun viðkomandi svæða,

2. Skilgreiningin á klösum innan svæða

Skilgreiningin á frumklösum og þróuðum klösum og forgangshlutverki þeirra í þróun. Þetta varðar m.a. skilgreiningu á viðfangsefni, umfang, fyrstu skref og þróun.

3. Greiningin á klasa

Söfnun upplýsinga er varða klasa innan svæðisins. Markmið og ferli skilgreind, umfang, samanburðargreining, fyrstu rannsóknir, tengsl við aðila í atvinnulífi, flokkun og áætlunargerð.

4. Stofnun stjórnar og hlutverk leiðtoga

Stjórn klasa og hlutverk, samstarf opinberra aðila og einkaaðila, aðkoma hagsmunaaðila, hlutverkaskipting – aðkoma ráðgjafa.

5. Stefnunótandi áætlun

Mótun á sýn klasa til framtíðar, þróun á stefnu og áætlunum.

6. Skilgreiningin á áföngum

Skilgreiningin á megin viðfangsefnum og framkvæmdaratriðum, tímasetning aðgerða.

7. Aðgerðaráætlun

Forgangsráði til skamms tíma, fyrstu aðgerðir og áherslur, stofnun vinnuhópa, styrking tengsla, fjölbreytileiki aðgerða, hlutverk verkefnisstjóra.

8. Kynningin á klasa

Kynningin á viðkomandi klasa, hverjir standa að samstarfinu, helstu áherslur o.fl.

9. Þróun klasa

Frekari uppbygging og styrkingin í klasastarfi, með skipulegu starfi og verkferlum.

10. Frekari útfærsla stefnunnar

Útfærsla á stefnu til lengri tíma - samkeppnisgreining, samanburður og frekari þróun. Tengsl við tengda klasa og fyrirtækjahópa, markaðssetning "branding" klasans, árlegir kynningarfundir á svæðinu o.fl.

11. Endurmat á starfinu

Reglulegt mat á starfsemi, samkeppnishæfni klasans, endurmat á verkefnum og áherslum.

12. Aukið umfang og vöxtur

Frekari skref til aukins vaxtar og samkeppnishæfni klasans. Sampætting klasastarfs við efnahagsstarfsemi á svæðinu, tenging við aðra klasa innan og utan svæðis sem og alþjóðlega starfsemi. Aukið hlutverk menntastofnana, rannsóknarstofnana o.fl., miðlun þekkingar og reynslu. Klasar og erlend fjárfesting – klasar sem sjálfbært þróunarferli.

Heimild: Cluster Navigation Ltd.

VIII. 2 Alþjóðleg verkefni – NPP, NORA, EES/ESB, Sp, ofl.

Á umliðnum árum hafa þjóðfélagsbreytingar, og þeir alþjóðlegu straumar og öfl sem nú eru ráðandi í hagkerfum þjóða og alþjóðaverslun, gerbreytt lögmálum, áherslum og vinnubrögðum fyrirtækja og þjóðfélaga í viðskiptum, verðmætasköpun og staðsetningu á framleiðslueiningum.

Verslun er drifkraftur í efnahagslegri framþróun og grunnur að alþjóðlegum viðskiptum og tækni sem breytist með sífellt vaxandi hraða. Á sama tíma hafa tæknibreytingar og framþróun í flutningum og fjarskiptum auðveldað og margfaldað viðskipti og samskipti þjóða og stuðlað að útbreiðslu hnattvæðingar fyrirtækja sem og hagkerfa.

Alþjóðavæðing hefur breytt þeim lögmálum innan fyrirtækja og þjóðfélaga sem áður giltu í alþjóðaviðskiptum sem leitt hefur til opnari markaða samhliða verulega aukinni samkeppni jafnt innan sem á milli einstakra landa. Alþjóðavæðing hefur þannig skapað bæði nýjar og breyttar ógnanir og tækifæri fyrir fyrirtæki, samtök, sveitarfélög, stjórnvöld og einstök lönd. Vaxandi alþjóðavæðing krefst aukins mannafla og fjármagns til alþjóðlegs samstarfs, eigi að vera mögulegt að bregðast við breyttum aðstæðum, nýta tækifæri og forðast ógnir sem þessari þróun eru samfara.

Vegna þessa er talið mikilvægt að einstök svæði taki aukinn þátt í þróun alþjóðavæðingar, með aukinni þátttöku útávið sem innávið, þ.e. með þátttöku í erlendum verkefnum eða samstarfi eða að fá slík verkefni til viðkomandi svæðis. Slík nálgun skapar ýmis sóknarfæri þar sem sérhæfing og þekking fær sín notið í auknu alþjóðlegu samstarfi. Vegna þessa er ekki úr vegi að nefna verkefni s.s. NPP, EES/ESB, NORA, Sp o.fl. Þessum verkefnum verður ekki lýst nánar hér en tekið dæmi.

Sem dæmi um alþjóðleg verkefni á sviði byggðamála má nefna að vorið 2002 gerðust Íslendingar aðilar að Norðurslóðaáætlun ESB NPP (Northern Periphery Programme) með samþykkt Alþingis á þingsályktun um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002 - 2005. Framlag Íslenskra stjórnvalda til áætlunarinnar eru 25 milljónir á ári til ársins 2006 og eru þau verkefni sem Íslendingar taka þátt í styrkt af þessu framlagi, en verkefnið njóta einnig framlaga og þátttöku samstarfsaðila frá öðrum löndum áætlunarinnar. Heildarfjármagn áætlunarinnar er um 5 milljarðar Íslenskra króna fyrir árin 2001–2006. NPP byggðáætlunin er rekin á svipuðum forsendum og rannsóknaráætlanir innan EES-samningsins, þ.e. byggja verður á hagnýtum hugmyndum og rannsóknum. Einstök verkefni fá síðan stuðning, eftir mat sérfræðinga í öllum aðildarlöndunum og er stuðningur einnig háður a.m.k. 40% - 50% mótframlagi umsóknaraðila.

Norðurhéruð Noregs, Svíþjóðar, Finnlands og Skotlands ásamt Færeyjum, Grænlandi og Íslandi eiga aðild að áætluninni. Norðurslóðaáætluninni er ætlað að stuðla að samstarfsverkefnum sem miða að því að finna lausnir og/eða stunda rannsóknir á sameiginlegum viðfangsefnum norðurhéraða. Áherslur verkefna geta verið af þrennum toga. Í fyrsta lagi verkefni tengd samgöngu- og fjarskiptamálum, í öðru lagi verkefni tengd atvinnuþróun og vistvænni nýtingu náttúruauðlinda og í þriðja lagi verkefni tengd eflingu samfélaga á norðurslóðum. Með aukinni alþjóðavæðingu sem og aukinni ábyrgð einstakra svæða, fyrirtækja og einstaklinga í þeirri þróun, eru verkefni sem NPP telur líkleg til að skila aukinni samkeppnishæfni og árangri á sviði byggðamála.

Nú þegar eru Íslenskir aðilar þátttakendur í sjö verkefnum af átján innan áætlunarinnar sem telja verður afar góðan árangur og sýnir um leið þá grósku og möguleika sem Íslenskum aðilum bjóðast með byggðaverkefnum sem þessum. Fyrir utan fyrrnefnd verkefni eru Íslendingar einnig aðilar að eftirfarandi verkefnum:

Development by branding the trade mark“ (BRANDR) er samstarfsverkefni milli fjögurra sveitarfélaga á norðurslóðum. Markmið þess er að skoða leiðir til markaðssetningar og ímyndarsköpunar sveitarfélaga t.a.m. með því að þróa „vörumerki“. Akureyrarbær tekur þátt í þessu verkefni.

„*Young Entrepreneur Factory“ (YEF)* er verkefni sem miðar að því að virkja unga frumkvöðla á norðurslóðum. IMPRA–Nýsköpunarmiðstöð tekur þátt í verkefninu og einnig munu nokkur atvinnuþróunarfélög á landsbyggðinni eiga aðild að verkefninu.

„*Rural Business Information Exchange Systems“ (RUBIES)* er verkefni um upplýsingatækni í dreifbýli. Gagnasöfnun um stöðu upplýsingatæknimála í dreifbýli ásamt þróun hugbúnaðar eru meðal aðgerða í verkefninu. Íslenska verkefnið Upplýsingatækni í dreifbýli og löntæknistofnun eiga aðild að verkefninu.

1. Háskólinn á Akureyri tekur þátt í símenntunar- og fjarkennsluverkefni sem kallast „*Community Learning Networks“* - <http://edge.ramk.fi>
2. Þróunarstofa Austurlands ásamt nokkrum sveitarfélögum á Austurlandi tekur þátt í verkefninu „*Small Town Networks“* sem miðar að sameiginlegri stefnumótunarvinnu sveitarfélaga. <http://www.smalltownnetworks.com>
3. Byggðastofnun ásamt sex Íslenskum þátttakendum taka þátt í Víkingaverkefninu „*Destination Viking - Sagas & Storytelling“* sem varðar uppbyggingu á menningarferðaþjónustu í tengslum við sögu víkinganna. Íslensku aðilarnir eru Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða með verkefni um Gísla sögu, Dalabyggð með Eiríksstaði og Leifsverkefnið, Safnahús Vesturlands með Egilsstofu, Grettistak sf. í Húnaþingi vestra, Reykjanesbær með víkingaskipið Íslending og uppsveitir Árnessýslu með verkefni um Þjórsárdal og Þjóðveldisbæinn. Þetta er jafnframt fyrsta Norðurslóðaverkefnið sem er undir stjórn Íslendinga.
4. Verkefnið „*Rural Business Women“* snýr að atvinnusköpun kvenna í dreifbýli. Atvinnu- og jafnréttisráðgjafar í Norðaustur og -vesturkjördæmi koma að verkefninu fyrir Íslands hönd.

Á heimasíðu Byggðastofnunar má finna nánari upplýsingar um áætlunina: <http://www.byggdastofnun.is/ErlentSamstarf/NPP> Einnig má finna upplýsingar um NORA áætlunina á síðunni <http://www.byggdastofnun.is/ErlentSamstarf/NORA>

IX. Alþjóðleg þróun, alþjóðavæðing, hugmyndafræði og fyrirmyndir

IX.1 Áherslur í ríkjum OECD

Í byrjun árs 2003 átti hluti verkefnisstjórnar Byggðapróunar á Vestfjörðum þess kost að sitja alþjóðlega ráðstefnu OECD um byggðamál. Helstu áherslur ráðstefnunnar voru eftirfarandi:¹⁰

Á umliðnum árum hafa einstök svæði og byggðir hvarvetna fengið aukið hlutverk og ábyrgð á sviði sveitarstjórna- og byggðamála, þar sem víða í heiminum, m.a í Evrópu, hefur framkvæmd og umsjón ýmissa verkefna á sviði byggðamála verið í vaxandi mæli færð frá opinberri stjórnarsýslu s.s. ráðuneytum - til svæðanna sjálfra. Þessi þróun hefur gert auknar kröfur um aukið samstarf á milli hinna ýmsu aðila, innan og utan viðkomandi svæða, opinberra sem einkaaðila, þar sem grunnur að skilvirkri byggðastefnu byggir á fjölmörgum samverkandi efnahagslegum, félagslegum og menningarlegum þáttum. Í þessu sambandi má helst líkja skilvirku starfi á sviði byggðamála við starfsemi fyrirtækja, þar sem samkeppnishæfni einstakra byggða byggir í vaxandi mæli á fjölmörgum þáttum innan og utan þeirra, á sama hátt og samkeppnishæfni einstakra fyrirtækja.

Opnun hagkerfa og aukin alþjóðavæðing hefur einnig gert verulega auknar kröfur á hendur einstökum byggðum og svæðum, (eins og fyrirtækjum) um skilvirkari, markvissari og gegnsærri vinnubrögð sem taka mið af þessari þróun, ef ná á árangri á sviði byggðamála. Innan OECD hefur verið í auknum mæli lögð áhersla á rannsóknir, athuganir og ráðgjöf á sviði byggðamála á umliðnum árum, sem kemur m.a. fram í vaxandi og fjölmörgum athugunum OECD á byggðamálum einstakra svæða og landa. Þessar athuganir byggja á fjölmörgum, efnahagslegum, félagslegum og menningarlegum þáttum og tengslum viðkomandi svæða og landa, sem miða að því að treysta og efla sjálfbæra þróun byggða, sem taka mið af þeim breytingum sem orðið hafa á umliðnum árum.

Á nýlegri ráðstefnu OECD taldi framkvæmdastjóri OECD, *Donald Jonston*, að byggðastefna einstakra svæða og landa hafi ekki skilað nægjanlegum árangri. Hann taldi hinsvegar að þróun á þessu sviði væri ótvírætt frá svokallaðri atvinnugreinastefnu (sectoral policy) til svæðastefnu (regional policy) þar sem tekið væri tillit til fjölmargra efnahagslegra og félagslegra þátta.

Þessi nýja stefna þyrfti að miða að aukinni samkeppnishæfni einstakra svæða með auknu samstarfi á milli allra þeirra sem málið varðaði, þar sem aukið hlutverk, ábyrgð og framkvæmd kæmi í hlut einstakra svæða (decentralisation approach – to local players). Þetta krefðist nýrra vinnubragða hjá þeim aðilum sem aukna ábyrgð bæru á þessum málum. Hann minnti einnig á LEED verkefnið innan OECD, sem sérlega áhugaverðan vettvang í þessu sambandi, þar sem einstakir aðilar, stofnanir, einkaaðilar og háskólar eru aðilar, en starfið miðaði að því að miðla þekkingu á milli svæða og landa á þessu sviði með margvíslegum aðferðum, rannsóknum og verkefnum. Á ráðstefnu OECD var sérstaklega fjallað um eftirfarandi málaflokka:

- **Samkeppnishæfni einstakra svæða**
- **Hlutverk einstakra ríkja við setningu reglna á sviði byggðamála**
- **Ábyrgð atvinnulífs varðandi byggðapróun viðkomandi svæða**
- **Einkenni og ímynd svæða – áherslur og verkefni**
- **Stefna varðandi endurbyggingu þeirra svæða sem eiga í vanda**
- **Hvað geta svæðastjórnir gert á sviði skipulagsmála**

Ekki verður fjallað um hvern þessara þátta í smáatriðum heldur einungis rakin þau megin atriði sem til umfjöllunar voru. Niðurstöður ráðstefnunnar má flokka í eftirtalin atriði:

- **Mikilvægi samkeppnishæfni svæða og byggða**
- **Aukin völd og ábyrgð svæða – aukin dreifstýring**
- **Mikilvægi samstarfs á milli hinna ýmsu hópa um byggðamál**
- **Mikilvægi samstarfs innan sem og á milli svæða og landa um byggðamál**
- **Klasar gegna miklu hlutverki í uppbyggingu byggðakjarna**
- **Aukið sjálfstæði svæða, kallar fram sterkari einkenni og ímynd þeirra**
- **Varðandi byggðamál eru engar tófralausnir til**

¹⁰ Sjá einnig vef Verkefnisstjórnar um byggðapróun við Eyjafjörð. http://www.brsi.is/brsi/brsi_pr_byggdaeyja.htm

Helstu atriði hvers þáttar um sig verða nú nefnd.

Mikilvægi samkeppnishæfni svæða og byggða

- Opnun markaða og hagkerfa hefur aukið samkeppni og kröfur á hendur atvinnulífi, fyrirtækjum, svæðum og byggðarlögum, óháð landfræðilegri staðsetningu þeirra.
- Byggðastefna er ótvírætt að þróast frá svokallaðri atvinnugreinastefnu (sectoral policy) til svæðastefnu (regional policy) þar sem tekið er tillit til fjölmargra efnahagslegra og félagslegra þátta. Þessi nýja stefna þyrfti að miða að aukinni samkeppnishæfni einstakra svæða með auknu samstarfi á milli allra þeirra sem málið varðaði, þar sem aukið hlutverk, ábyrgð og framkvæmd kæmi í hlut einstakra svæða (decentralisation approach – to local players). Þetta krefðist nýrra vinnubragða hjá þeim aðilum sem aukna ábyrgð bæru á þessum málum. (*Framkvæmdastjóri OECD, Donald Jonston*)
- Samkeppnishæfni einstakra svæða byggist í vaxandi mæli á öllum þeim atriðum sem varða viðkomandi svæði, s.s samgöngur, fjarskipti, innri gerð, umhverfi, rannsóknir, nýsköpun o.fl.
- Alþjóðavæðing hefur í mörgum tilvikum breytt þeim leikreglum sem áður giltu á þessu sviði varðandi samkeppnishæfni einstakra svæða. Taka verður mið af nýjum og breyttum leikreglum ef árangur á að nást.
- Byggða- og skipulagsstefna í Kaliforníu byggir á að skapa samkeppnishæft starfsumhverfi og þegar því er náð þá draga opinberir aðilar sig út.
- Í umræðum kom m.a. fram að í vaxandi mæli kepptu einstök svæði við hvert annað í stað einstakra landa. Þannig kepptu svæði eins og París, London, New York og Kalifornía um fólk og fyrirtæki í mun meira mæli en áður.
- Almenn var talið að einstök svæði ættu meiri möguleika vegna alþjóðavæðingar – þar sem markaðssetja mætti sérstöðu einstakra svæða á markvissari og betri hátt en áður.

Aukin völd og ábyrgð svæða – aukin dreifstýring

- Í Kaliforníu er nú í fyrsta skipti State Plan fyrir Kaliforníu – einskonar byggða- og svæðaskipulag fyrir fylkið. Þetta skýrist af vaxandi þörf á skipulögðum vinnubrögðum á þessu sviði til að tryggja árangur og samkeppnishæfni einstakra svæða sem og atvinnulífs. Aukin ábyrgð og hlutverk svæða krefst markvissari vinnubragða ef tryggja á vöxt.
- Í Bretlandi hafa stjórnvöld aukið valddreifingu til mikilla muna og minnkað að sama skapi miðstýringu á sviði sveitarstjórnar- sem og byggðamála. Þannig hefur verulegt vald verið fært til einstakra svæða, s.s. Skotlands.
- Í umræðum kom fram að dreifstýring hefði aukist til mikilla muna í Frakklandi á sviði byggða- og sveitarstjórnarmála. Núverandi stjórnvöld í Frakklandi munu leggja enn frekari áherslu á þetta atriði, en þau sem fyrir voru. Til að Frakkland geti eftt sína samkeppnishæfni – þá byggist það ekki síst á samkeppnishæfni einstakra svæða.

Mikilvægi samstarfs á milli hinna ýmsu hópa um byggðamál

- LEED verkefnið innan OECD er sérlega áhugavert sem vettvangur þar sem einstakir aðilar, stofnanir, einkaaðilar og háskólar eru aðilar, en starfið miðaði að því að miðla þekkingu á milli hópa, svæða og landa á þessu sviði með margvíslegum aðferðum, og verkefnum.

Mikilvægi samstarfs innan sem og á milli svæða og landa um byggðamál.

- Alþjóðavæðing hefur gert það að verkum að samstarf á milli svæða – ekki síst stórra og smárra er mun mikilvægara en áður – þar sem þau stærri virka oft sem aðgangur þeirra smærri að enn stærri markaði – og þau smærri eru mikilvæg undirstaða þeirra stærri.
- Aukið samstarf, samskipti sem og aðgangur er því bæði mikilvægur innávið innan einstakra svæða og landa – en ekki síður útávið. Mikilvægt er að greina stöðu og þróun einstakra svæða ef stefnumörkun á að bera árangur – á sama hátt og í hverju öðru fyrirtæki.

Klasar gegna miklu hlutverki í uppbyggingu byggðakjarna

- Varðandi uppbyggingu á klósum kom fram að mikilvægt væri að fjalla um þetta atriði, ekki síst til að gera það sýnilegra fyrir aðilum á markaði – þar sem þetta væri ekki mjög þekkt – en hinsvegar afar mikilvægt atriði.
- Í Kaliforníu er framhaldsmenntun og rannsóknir og nýsköpun undirstaða að klasamyndun á einstaka svæðum, t.d. í Silicon Valley.
- Erfitt eða ómögulegt er fyrir opinbera aðila að búa til klasa, en hægt er að stuðla að því að örva myndun klasa með hagstæðum skilyrðum. Klasarnir sjálfir myndast með frumkvæði og starfsemi fyrirtækjanna sjálfra – lausnin kemur ekki að utan – hún verður að koma frá aðilum innan svæðisins sjálfs.

Aukið sjálfstæði svæða, kallar fram sterkari einkenni og ímynd þeirra

- Umræður um einkenni og ímynd svæða hafa verið vanræktar sem viðfangsefni og vinna þar mun markvissara að þessum málum. Segja má að einkenni svæða séu að nokkru svipuð og einkenni eða vörumerki fyrirtækja eða einstakra afurða og eru sem slík mikilvæg atriði í markaðssetningu svæða og þeirri vöru og þjónustu sem þar er í boði.
- Um leið og sjálfstæði svæða innan Evrópu voru brotin niður á tímum Napoleóns, minnkuðu sérkenni þessara svæða. Þetta er nú að snúast við, sem er sífellt betur að koma í ljós - með auknu sjálfstæði svæða verður ímynd þeirra sterkari, s.s. með sérstöku vörumerki fyrir Bretagne. Svæðaeinkenni eru því hvarvetna að aukast.

Varðandi byggðamál eru engar töfralausnir til

- Varðandi byggðapróun verður að hafa í huga að það eru engar töfralausnir til – árangur á þessu sviði eins og ýmsum öðrum kemur í skrefum með árangri á mörgum sviðum, sem byggir á breiðum grunni frekar er fáum og afmörkuðum atriðum. (*Elisabeth Helander, framkvæmdastjóri byggðastefnusviðs ESB*)
- Byggðamál þurfa í mörgum tilvikum að breytast frá því að vera “viðbrögð við áföllum og vandræðum” til þess að verða “stuðningur við aðlögun og breytingar”. (*Michel Delebarre, borgarsjóri Dunkerque og fyrrum ráðherra sveitarstjórnarmála í Frakklandi*)
- Kalifornía er mesta einstaka landbúnaðarsvæði í heiminum, með miklum fjölbreytileika afurða og er sem svæði með efnahagsstarfsemi sem er það 5. stærsta í heiminum.

IX.2 Áherslur í byggðamálum í Finnlandi – OULU – vaxtakjarni / klasi

Verkefnisstjórn kynnti sér byggðamál í Finnlandi og þær aðferðir sem þar hefur verið beitt með athyglisverðum árangri. Sérstaklega var skoðað hvernig framkvæmd byggðaaðgerða hefur verið á Oulusvæðinu, en það hefur vaxið mjög ört m.a. vegna velgengni fyrirtækisins Nokia.

Byggðamál

Búferlaflutningar í Finnlandi hafa svipuð einkenni og við þekkjum hér. Fólk flyst úr dreifbýli í þéttbýli og frá norðurhéruðum til Helsinki og nágrennis sem er syðst í landinu. Ástandið er hins vegar ólíkt að því leyti að nokkrir aðrir kjarnar hafa byggst upp, svo sem Tampere, Turku, Espoo og Oulu, en markvisst hefur verið unnið að uppbyggingu byggðakjarna í Finnlandi. Mikilvægasta viðfangsefni finnsku byggðastefnunnar á árunum eftir 1990 var að aðlaga framleiðslugreinar alþjóðlegri samkeppni og finna leiðir til að mæta mjög miklu atvinnuleysi, sem var allt að 20% og á sumum svæðum enn hærra. Höfuðáhersla var lögð á að byggja upp greinar sem byggðu á þekkingu fremur en þær hefðbundnu atvinnugreinar þar sem samdráttur hafði orðið. Umfangsmikið net háskóla og tækniskóla skapaði góðan grunn fyrir þessar áherslur, ásamt vísindagörðum og svæðisbundnum rannsóknamiðstöðvum og endurmenntunarmiðstöðvum, en saman mynda þessir aðilar landsnet sem gengur undir nafninu **Centre of Expertise (CoE)**. Kerfið er aðlagað reglum ESB og byggir á ákveðnum prógrömmum sem eru í gangi á hverjum tíma. Vinna við að þróa þessar miðstöðvar var megináhersla í lögum um byggðastefnu, sem sett voru 1994. **CoE** var upphaflega hrint í framkvæmd með byggðaaætlun sem samþykkt var fyrir árin 1994-1998. Samkvæmt henni var landinu skipt upp í 11 CoE miðstöðvar, sem hverri um sig voru settar megináherslur í uppbyggingu á afmörkuðum sviðum. Að fenginni góðri reynslu var ákveðið að halda áfram með áætlunina og í núgildandi áætlun fyrir árin 1999-2006 eru 14 miðstöðvar og tvö landsnet.

Vaxtarsamningur: Growth Agreement 2006 (GA 2006)

Segja má að kjarninn í **vaxtarsamningi** sé samkomulag borgaryfirvalda og annarra aðila á viðkomandi svæði og opinberra aðila um að efla vaxtargreinar á ákveðnum sviðum atvinnulífsins. Þau svið sem lögð er áhersla á í OULU eru upplýsingatækni, líftækni, velferðartækni, margmiðlun og fjölmiðlun og umhverfistækni. Samkomulagið felur einnig í sér að sett eru upp tvö stuðningsverkefni, viðskiptaþjálfun og vörustjórnun og flutningatækni. Oulu svæðið stefnir að því að til verði örvandi umhverfi fyrir fyrirtæki, en einnig aðlaðandi aðstæður og góð lífsskilyrði fyrir íbúa svæðisins.

Meginmarkmið **GA 2006** er að efla klasa á afmörkuðum sviðum sem að ofan greinir. Í hverjum klasa er starfandi ákveðinn fjöldi fyrirtækja og þeim tengjast menntastofnanir, rannsóknarstofnanir og fleiri aðilar. Saman mynda þessir aðilar þétt samstarfsnet sem tengja saman fyrirtækjarekstur, rannsóknir og þjálfun starfsfólks, faglært starfslíð og stjórnun á iðnaðarferlum á ýmsum sviðum. Markmiðið er að árið 2006 hafi orðið til 150 ný fyrirtæki í Oulu, 6.000 ný störf og velta fyrirtækja hafi aukist um 1,5 milljarða Evra.

X. Einstaka tillögur

Menntun og rannsóknir

Breyttar aðstæður, aukin alþjóðavæðing og opnun hagkerfa hefur á umliðnum árum aukið verulega samkeppni og kröfur á hendur atvinnulífi, byggðum og svæðum, um skilvirkni og árangur. Þetta á einnig við um kröfur til atvinnulífs og mannauðs, í fyrirtækjum, svæðum sem löndum.

Þjóðfélög eru í óða önn að þróast í átt til enn frekari þekkingarhagkerfa, þar sem mannauður er lykilatriði í samkeppnishæfni, hagþróun og bættum lífskjörum. Þessi þróun krefst aukinnar áherslu á uppbyggingu mannauðs s.s. innan menntakerfis, ekki síst háskólamenntunar, eigi viðkomandi lönd og svæði að verða samkeppnishæf í verðmætum og lífskjörum.

Hjá stofnunum s.s. OECD má einnig sjá vaxandi umfjöllun um svæðisbundinn hagvöxt og þátt háskóla, rannsóknastofnana og samstarf þessara eininga við atvinnulífið, sem hlekk í samræmdri og skilvirkri hagþróun einstakra svæða og landa, þar sem alþjóðavæðing og samstarf óháð landamærum skiptir sífellt meira máli. Í nýlegri skýrslu OECD¹¹, koma áður nefnd atriði skýrt fram þar sem m.a. er lögð áhersla á 3 atriði en þau eru :

1. *Uppbygging aðstöðu (vísindagarða) fyrir háskóla- og rannsóknastarf – þekkingakjarnar.*
2. *Áhersla á samstarf og klasaupbyggingu og ráðgjöf á því sviði - vaxtarsamningar.*
3. *Auka samstarf atvinnulífs, háskóla og rannsóknarstofnana – klasar - aukið fjármagn aðila.*

Nýlega kom fram að Ísland á ekki háskóla á lista yfir 100 bestu háskóla í heimi og þykir mikilvægt að bæta þar úr, af áður nefndum forsendum. En áherslur í háskólamálum eiga ekki síður við um einstök svæði. Hversu vel eru einstök svæði landsins sett, hvað varðar skólamenntun, framhaldsskólamenntun og háskólamenntun?

Á Suðurlandi hafa 34,6% íbúa eingöngu lokið grunnskólaprófi á móti 25,5% á höfuðborgarsvæðinu. Íbúar sem eingöngu hafa lokið grunntmenntun er hæst á Norðurlandi vestra 45,1%. Íbúar á Suðurlandi sem lokið hafa framhaldsskólamenntun eru 29,4%, sem er hærra en í öðrum landshlutum. Hlutfall íbúa á Suðurlandi sem lokið hafa háskólamenntun er 7,5% á móti 17,8% á höfuðborgarsvæðinu. Tækifærin á Suðurlandi liggja því einkum í að efla háskólamenntun, enda afar mikilvægt að auka hlut háskólamenntunar á tímum alþjóðavæðingar, þar sem hagkerfi eru að þróast í átt að þekkingarþjóðfélögum. Sjá einnig bls. 32.

Staða Suðurlands hvað háskólamenntun varðar er þannig að hlutfall háskólamenntaðra er innan við helmingur þess sem er á höfuðborgarsvæðinu, þó staða á öðrum sviðum menntunar sé betri.

Af fyrrgreindum ástæðum er talið afar mikilvægt að gera áttak á sviði háskólamenntunar og rannsókna á Suðurlandi og taka ítarlegar tillögur mið af því.

¹¹ *Building Competitive Regions, Strategies and Governance, OECD 2005*

1. Háskólanet á Suðurlandi

Tillaga:

Tillagan miðast við að efla háskólastarfsemi á Suðurlandi. Að verkefninu standa öll sveitarfélög á Suðurlandi og hefur verið komið á fót starfshópi um málið sem nú starfar á vegum sveitarfélaganna og falið hefur verið að móta tillögur að því hvernig áformum um eflingu háskólanáms verður best hrint í framkvæmd.

Markmið:

Meginmarkmið verkefnisins er að auka framboð náms á háskólastigi sem kennt yrði á Suðurlandi. Áhersla er lögð á nám til fyrstu gráðu í fjölsóttum greinum. Horft er til þeirrar starfsemi á háskólastigi sem þegar er rekin af Fræðsluneti Suðurlands og vaxið hefur mikið á síðustu árum en á árinu 2003 voru 93 nemendur hjá Fræðslunetinu, 148 nemendur 2004 og 150 nemendur á árinu 2005. Þá verður leitað tenginga við aðra þá aðila á Suðurlandi sem leggja stund á kennslu og rannsóknir á háskólastigi. Leitað verður eftir samstarfi við nýsköpunarumhverfið og atvinnurekendur á Suðurlandi við framgang málsins. Til að tryggja opinn vettvang og farveg fyrir málið er hugmyndin að stofna hlutafélag sem opið yrði öllum þeim aðilum sem vilja vinna að framgangi þess. Það félag myndi síðan verða þungamiðjan í verkefninu og tryggja tengingar og samskipti við hinar ýmsu háskólastofnanir sem samið yrði við um framkvæmd kennslu í mismunandi greinum. Sunnlensk sveitarfélög hafa þegar sett til hliðar fjármagn úr sameiginlegum sjóðum til að greiða fyrir hluta af þessari uppbyggingu og stefnt er að því að verkefnið verði ein meginstöð Vaxtarsamnings Suðurlands sem er samstarfsverkefni sveitarfélaga á Suðurlandi, fyrirtækja og stofnana, auk iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis.

Rök:

Íbúar á Suðurlandi eru í dag um 22.400 og í vestanverðum landshlutanum er að finna mestu vaxtar-svæði á Íslandi. Á skólaárinu 2005/06 eru um 1.210 nemendur í framhaldsskólum á Suðurlandi, flestir í Fjölbrotarskóla Suðurlands á Selfossi eða um 850 talsins. Fáir valkostir í háskólanámi bjóðast innan landshlutans í dag. Á skólaárinu 2003/04 útskrifuðust 140 nemendur á háskólastigi frá Suðurlandi sem er 4,5% af heildarfjölda nemenda sem voru brautskráðir á háskólastigi á öllu landinu. Á sama tíma var mannfjöldi á Suðurlandi 7,7% af heildar mannfjölda á Íslandi. Þrátt fyrir að mikill fjöldi aki daglega til höfuðborgarsvæðisins til að sækja þangað vinnu og nám (samkv. könnun aka 13% af fólki á aldrinum 18-65 ára daglega til höfuðborgarsvæðisins) þá þurfa margir að flytjast þangað búferlum til að geta stundað námið. Samfélagslegur kostnaður vegna þessara þátta er mikill. Aukið framboð á háskólanámi í landshlutanum myndi skapa nýjar forsendur fyrir nýstúdentum og aðra þá sem hyggja á háskólanám á Suðurlandi.

Á Suðurlandi eru þegar stundaðar rannsóknir hjá hinum ýmsu aðilum á mörgum sviðum. Öflug kennsla á háskólastigi í landshlutanum rennir í framtíðinni sterkari stoðum undir þá starfsemi. Þá er líka mikilvægt að skapa tengingar við þá háskólastarfsemi sem þegar er í boði í landshlutanum, t.d. á Reykjum í Ölfusi og á Laugarvatni. Stofnun Háskólanets úr mörgum stofnunum sem fyrir eru, stuðlar með samnýtingu á aðstöðu og samvinnu vísindamanna, að skilvirkari rannsóknarstarfsemi og auðveldar aðkomu nýs fjármagns að rannsóknum og þróunarvinnu. Reynsla er fyrir því að slík starfsemi kalli í töluverðum mæli á þjónustu atvinnufyrirtækja á svæðinu. Sveitarfélög á Suðurlandi hafa sýnt vilja sinn í verki með því að leggja umtalsverða fjármuni til málefnsins. Það frumkvæði rennir traustari stoðum undir verkefnið og er um leið tækifæri fyrir framsækna háskólastofnanir á Íslandi til að skapa sér starfsumhverfi á Suðurlandi.

Ábyrgð á framkvæmd:

Í ofangreindum starfshópi eru fulltrúar frá eftirtöldum aðilum:

Atvinnuþróunarsjóði Suðurlands, Samtökum sveitarfélaga á Suðurlandi og Fræðsluneti Suðurlands.

Aðrir þátttakendur:

Viska, símenntunarmiðstöð Vestmannaeyjum, háskólar, menntamálaráðuneyti, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Framhaldsskólar á Suðurlandi, fagstofnanir grunnskóla á Suðurlandi og áhugaaðilar um aukna menntun á Suðurlandi þ.m.t. Vestmannaeyjum.

Kostnaðaráætlun:

Það verður verkefni starfshópsins að gera áætlun um stofn- og rekstrarkostnað Háskólanetsins.

Hér á eftir koma undirtillögur sem falla undir ofangreinda megingtillögu:

Alþjóðleg rannsóknarmiðstöð í landgræðslu í Gunnarsholti.

Að koma á fót alþjóðlegri rannsóknarmiðstöð í Gunnarsholti varðandi hnignun lands, jarðvegsrof og endurheimt landgæða. Miðstöðin hafi það meginhlutverk að þróa aðferðir við rannsóknir á landgræðslu og jafnframt það hlutverk að miðla þekkingu á því sviði, m.a. til vísindamanna í þróunarlöndunum. Rík reynsla er af landgræðslumálum og rannsóknum á því sviði í Gunnarsholti, enda stofnunin sú elsta á sínu sviði í heiminum, stofnuð 1907. Hnignun landgæða er vaxandi vandamál í heiminum.

Alþjóðlegt rannsóknarnet varðandi rannsóknir í landbúnaði.

Að koma á fót alþjóðlegu rannsóknarneti með grunn í sérfræðingum Landgræðslu ríkisins og Landbúnaðarháskóla Íslands á Reykjum og víðar, Mógilsár, rannsóknastöðvar í skógrækt, Suðurlands-skóga og fleiri. Markmið rannsóknarnetsins er að styrkja endurheimt lands á Suðurlandi og um allt land og auka árangur uppgæðslu, einkum nýskógrækt við erfiðar aðstæður. Unnið yrði áfram með merkar niðurstöður sem hafa verið gerðar á þessu sviði á rannsóknarstofnunum á Suðurlandi.

Jarðhitasetur Suðurlands.

Að koma á fót þekkingarmiðstöð í Hveragerði sem fengist við rannsóknir og kennslu á nýtingu jarðhita á breiðum grundvelli, til orkuvinnslu, hitunar, garðyrkju ofl. Náin samvinna yrði við Jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna, Háskóla Íslands og Rannsókn- og fræðasetur HÍ í Hveragerði sem fæst við vistfræðirannsóknir á hverum og laugum. Ennfremur þarf að sinna rannsóknum á nýtingu jarðhita til heilsubóta. Markmið setursins væri að auka hæfni og þekkingu á sviði jarðhitánýtingar, sérstaklega íslenska sérþekkingu, til hagsbóta fyrir atvinnulíf á Íslandi. Setrið hefði burði til að laða að sér alþjóðlega þátttakendur. Á Suðurlandi er mikil reynsla og mikil hagnýting á jarðhita, s.s. til garðyrkju, ylræktar, heilsubóta og virkjana. Þessa reynslu þarf að samhæfa og styrkja með kostun rannsókna á sviðinu.

Rannsóknir og þekkingarmiðlun á sviði lífræns landbúnaðar.

Markmiðið er að nýta og miðla þeirri reynslu sem bændur og aðrir hafa aflað sér með margháttari lífrænni framleiðslu á Suðurlandi, m.a. í grænmetis- og jurtarækt ásamt kjötframleiðslu, á sviði markaðsmála ásamt markaðsrannsóknum tengdum lífrænni vottun. Jafnframt að efla og styðja áframhaldandi þróun með það að markmiði að auka enn frekar afurðir og gæði þeirra, í samræmi við þarfir markaðarins.

Alþjóðlegur öryggis- og björgunarskóli á háskólastigi.

Að koma á fót alþjóðlegum öryggis- og björgunarskóla á háskólastigi. Skólinn hefði það hlutverk að bjóða upp á kennslu í öryggis- og björgunarfræðum tengdum náttúruhamförum, og tæki kennslan mið af náttúrufari á Suðurlandi og yrði opinn fyrir erlenda stúdenta. Náttúrufar Suðurlands er fjölbreytt og þar er að finna flestar gerðir náttúruvár, sem og fjölbreytta byggð og tæknikerfi. Mikil þekking er til staðar á svæðinu tengd jarðskjálftum og eldgosum.

Rannsóknir á áhrifum mengunar frá landbúnaði.

Að hefja rannsóknir á frárennslis- og mengunarmálum í byggð fjarri sjó. Suðurland yrði notað sem vettvangur fyrir rannsóknir á mengun í yfirborðsvatni sem stafar af áburðargjöf, húsdýraúrgangi og skolpi. Að skapa íslenska þekkingu sem nýttist sveitarfélögum við sýnatöku og úrvinnslu vegna ákvæða heilbrigðisreglugerðar og skapa gagnagrunn sem sýnir stöðu Íslands í samanburði við önnur lönd og nýttist ennfremur í menntun nema í mengunarvörnum. Í flestum löndum þar sem landbúnaður er stundaður er mengun í yfirborðsvatni og grunnvatni af völdum áburðarefna alvarlegt vandamál.

Umhverfismælingar í tengslum við mannvirkjagerð - tilraunasvæði.

Að koma á fót tilraunasvæði í umhverfismælingum í tengslum við mannvirkjagerð. Markmiðið er að rannsaka áhrif umhverfisþátta á mannvirki. Náttúrufar Suðurlands er fjölbreytt en þar er að finna flestar gerðir náttúruvár svo og fjölbreytta byggð ásamt tæknikerfum. Mikil þekking er til staðar á svæðinu tengd jarðskjálftum og eldgosum.

Rannsókn- og fræðasetur á Kirkjubæjarklaustri.

Að efla Kirkjubæjarstofu sem rannsókn- og fræðasetur með áherslu á einstakri náttúru, menningu og sögu Skaftárhrepps. Að gera grein fyrir einstöku náttúrufari svæðisins, eldvirkni, náttúruhamförum og fegurð, kirkju- og trúarsögu, auk víðáttu og einangrunar þess. Einnig að efla jarðfræðirannsóknir á svæðinu og gera jarðsöguna sýnilega. Nánar er fjallað um tillöguna síðar í kaflanum.

Suðurlandssetur Náttúrufræðistofnunar í Vík.

Komið verði upp Suðurlandssetri Náttúrufræðistofnunar Íslands í Vík í Mýrdal. Suðurlandssetur stofnunarinnar legði stund á grunnrannsóknir í dýrfræði, grasfræði og jarðfræði landsins og annaðist skipulega heimildarsöfnun um náttúru landsins. Suðurlandssetur Náttúrufræðistofnunar styrkti starfsemi stofnunarinnar og fjölgaði atvinnutækifærum í Vík. Nánar er fjallað um tillöguna síðar í kaflanum.

Efling Hafrannsóknarstofnunar í Vestmannaeyjum

Starfsemi útibús Hafrannsóknarstofnunar í Vestmannaeyjum verði eflid með fjölgun stöðugilda og verkefna sem útibúið tekur að sér á vegum stofnunarinnar. Nánar er fjallað um tillöguna síðar í kaflanum

Surtseyjarstofa

Stofnun og rekstur Surtseyjarstofu. Markmið stofnunar er að veita almenningi fræðslu um Surtsey og skipuleggja ferðir út í eyjuna. Nánar er fjallað um tillöguna síðar í kaflanum

Náttúrugripa- og fiskasafn Vestmannaeyja

Gerðar verða endurbætur á Náttúrugripa- og fiskasafni Vestmannaeyja og starfsemi þess útvíkkuð. Nánar er fjallað um tillöguna síðar í kaflanum

2. Efling Rannsókna og fræðastarfs í Vestmannaeyjum

Tillaga


Að endurskipuleggja og efla starfsemi Rannsókna- og fræðaseturs Vestmannaeyja með því að stofna sjálfseignarfélag um starfsemina og ráða í tvö ný stöðugildi í átaksvinnu til þriggja ára.

Markmið

Stofnað verður sjálfseignarfélagið Rannsókna- og fræðasetur Vestmannaeyja. Að félaginu koma allar þær rannsóknastofnanir sem hafa aðstöðu í Rannsókna- og fræðasetrinu í dag ásamt fyrirtækjum í bænum sem sjá hag af stofnun slíks félags. Jafnframt verður öðrum háskólum boðin þátttaka. Ráðnir verða tveir nýir starfsmenn við Rannsókna- og fræðasetrið, staða verkefnastjóra og staða tæknimanns. Ráðið verður í stöðurnar til þriggja ára með möguleika á framtíðarráðningu að þeim tíma loknum. Rannsókna- og kennsluástaðan verður bætt og grunnrekstur tryggður.

Rök

Eitt meginmarkmiðið með stofnun Rannsókna- og fræðasetursins árið 1994 var að leiða saman þær rannsóknastofnanir sem þá voru til staðar í Eyjum og tengja við útibú Háskóla Íslands sem tók til starfa á sama tíma. Með því að setja þessar stofnanir undir sama þak tókst að skapa þverfaglegt rannsóknarumhverfi innan raunvísinda. Þær rannsóknastofnanir sem hafa aðsetur í Setrinu í dag eru Háskóli Íslands, Hafrannsóknastofnunin, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Rannsóknþjónusta Vestmannaeyja og Náttúrustofa Suðurlands. Einnig er í húsinu Víska, fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja, en í dag stunda um 55 nemendur háskólanám þar í gegnum fjarnámsbúnað og fjöldi annarra tekur þátt í almennum námskeiðum Visku. Starfseminni í hinni endurbættu aðstöðu má skipta í fimm einingar; rannsóknastofnanir, símenntun og háskólanám, atvinnuþróun, rannsóknatengd ferðaþjónusta og almenningsfræðsla og loks aðrar stofnanir (sjá mynd 1).



Mynd. Flokkun fyrirtækja og stofnana Rannsókna- og fræðaseturs Vestmannaeyja.

Stofnanirnar innan *rannsókna* og *símenntunar* hafa nú þegar aðstöðu í Setrinu. *Aðrar stofnanir* eru stofnanir sem leigja aðstöðu í Setrinu en stunda ekki rannsóknir eða fræðslu. *Rannsóknatengd ferðaþjónusta* og *almenningsfræðsla* eru stofnanir sem æskilegt er að séu aðilar að Setrinu. Einnig er æskilegt að atvinnuráðgjafi frá Atvinnuþróunarsjóði Suðurlands verði staðsettur í Setrinu. Efling Rannsókna- og fræðasetursins mun því styrkja stöðir þekkingarsamfélagsins í Eyjum sem er lykillinn að jákvæðri byggðapróun og fjölbreyttu atvinnulífi.

Framkvæmd

Til þess að hinn þverfaglegi grunnur innan Rannsókna- og fræðasetursins nýtist sem best er mikilvægt að auka enn samstarf þeirra stofnana sem þar eru til húsa. Ráðið verður í tvö ný stöðugildi, stöðu verkefnastjóra og stöðu tæknimanns. Ráðið verður í stöðurnar til þriggja ára en að þeim tíma liðnum verður farið yfir stöðuna í þeim tilgangi að meta forsendur fyrir áframhaldandi starfsemi. Verkefnastjóri hefur það hlutverk að efla samstarfið innan Rannsókna- og fræðasetursins með því að draga að verkefni og setja upp eða aðstoða við skipulagningu samstarfsverkefna. Jafnframt mun hann vinna að markaðssetningu Rannsókna- og fræðasetursins gagnvart sérfræðingum og nemendum og setja upp námskeið í tengslum við stofnanir Rannsókna- og fræðasetursins. Tæknimaður mun hafa umsjón með tölvuveri, fjárfundabúnaði og námssofum ásamt því að veita tilfallandi aðstoð við rannsókn-, tölvu- og tækjabúnað þeirra stofnana sem koma að Rannsókna- og fræðasetrinu. Bæta þarf aðstöðuna í Setrinu enda er núverandi húsnæði löngu orðið

of lítið. Setja þarf upp rannsóknastofu þar sem hægt er að taka á móti nemendahópum. Þar verður einnig að vera aðstaða fyrir framhaldsnema og gestavísindamenn. Slík rannsóknastofa getur tengst tillögum um uppsetningu á aðstöðu fyrir tilraunaeldi og uppbyggingu Náttúru- og sædýrasafns. Einnig þarf að setja upp lesstofu og tölvuver í umsjón Visku. Fjölmargar þeirra tillagna sem á eftir koma tengjast og styðja við starfsemi Rannsókna- og fræðasetursins. Það er því mikilvægt að hafa einnig í huga þau óbeinu áhrif sem þessar tillögur munu hafa á starfseminu.

Ábyrgð á framkvæmd

Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands, Háskóli Íslands, Samstarfsnefnd Háskóla Íslands og Vestmannaeyjabæjar, Náttúrustofa Suðurlands, Hafrannsóknastofnunin, Rannsóknþjónusta Vestmannaeyja, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Viska - fræðslu og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja.

Aðrir þátttakendur

Aðrir háskólar, rannsóknastofnanir, fyrirtæki og áhugasamir aðilar um Rannsókna- og fræðasetur Vestmannaeyja.

Tímaáætlun

Hefst vorið 2006 með gerð stofnsamnings um Rannsókna- og fræðasetur Vestmannaeyja, ráðningu á starfsmönnum og endurbótum á aðstöðu. Verkefninu lýkur vorið 2009 en þá verður farið yfir stöðuna og tekin ákvörðun um áframhaldandi starf. Með öflugum og markvissu starfi ættu rekstrartekjur í formi styrkja og framlaga frá stofnendum að standa undir rekstrinum að þremur árum liðnum.

Kostnaðaráætlun

Stofnfjárframlag frá eigendum kr. 10 – 20 milljónir ásamt framlagi frá opinberum aðilum til endurbóta á aðstöðu kr. 20 milljónir.

Til að standa undir grunnrekstri og tveimur stöðugildum í þrjú ár kemur árlegt framlag frá ríki, Vestmannaeyjabæ og stofnfjáreigendum, kr. 20 milljónir.

Stofnkostnaður er því kr. 30-40 milljónir og árlegur rekstrarkostnaður kr. 20 milljónir.

3. Rannsókn- og fræðasetur á Kirkjubæjarklaustri

Tillaga

Að efla Kirkjubæjarstofu sem rannsókn- og fræðasetur, að hún þátti saman rannsóknir og fræðslu á einstakri náttúru, menningu og sögu svæðisins. Kirkjubæjarstofu verði falið hlutverk náttúrustofu, skv. lögum nr. 60/1992 um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, með sérstaka áherslu á eldvirkni.

Markmið

Að í Skaftárhreppi verði gerð grein fyrir einstöku náttúrufari svæðisins, eldvirkni, náttúruhamförum og fegurð þess, kirkju- og trúarsögu svæðisins verði gerð skil, auk einangrunar og víðáttu þess. Að efla jarðfræðirannsóknir á svæðinu og að gera jarðsöguna sýnilega.

Rök

Kirkjubæjarklaustur er í þjóðbraut og mikill ferðamannafjöldi sækir svæðið heim árlega. Kirkjubæjarklaustur er skilgreint sem hlið að væntanlegum Vatnajökulspjóðgarði. Svæðið er um margt einstakt og því þarf að gera skil, bæði með rannsóknum og fræðslu. Kirkjubæjarstofa var stofnuð árið 1997 og hefur um árabíl sinnt rannsóknar- og þróunarverkefnum auk þess að halda ráðstefnur, fræðslufundi, sýningar og hefur haft með höndum ýmis fróðleg verkefni við góðan orðstír. Dæmi um áhersluatriði:

- **Eldur;** Lifandi eldvirkni; Lakagígur, Móðuharðindi, Eldmessa Jóns Steingrímssonar eldklerks, Eldhraun, Eldgjá ofl.
- **Náttúruhamfarir;** Móðuharðindi (víðtækustu umhverfisáhrif á síðasta árpúsundi – Franska byltingin ofl.), sýnidæmi um hvaða áhrif umhverfisspjöll eða náttúruhamfarir geta haft, ofl.
- **Kirkjumenning;** Klausturlíf, trúrækni, kaþólskur siður, áhrif innávið og útávið, Eldklerkur og Eldmessa, “Sigur lífsins”, pílgrímaganga, rannsóknir á rústum og sögu nunnuklausturs ofl.
- **Einangrun- menning og saga;** skipsskaðar og strönd, fámenni og harðbýli, lífsbjargarviðleitni, úrræðasemi, vagga rafvæðingar, fyrsti verknámsskólinn, sagan í sandinum ofl.

Hugmyndin er að byggja upp öflugt rannsókn- og fræðasetur á Kirkjubæjarklaustri sem hefur með höndum öflugt varanlegt sýningarhald á eldvirkni svæðisins og mótun lands að gera, auk þess að gera baráttu mannsins við óblíð náttúruöflin skil. Auk sýningarhalds færi fram öflug rannsóknarvinna á jarðfræðilegum og sögulegum þáttum auk þess sem æskilegt er að upp byggist tenging við háskóla, íslenska og erlenda, því það er á fáum stöðum í heiminum sem hægt er að komast í eins nána snertingu við mótun náttúrunnar og á slóðum Skaftárelda. Áhersla Náttúrustofu á Kirkjubæjarklaustri verði lögð á eldvirkni en engin af starfandi náttúrustofum hefur þá sérstöðu.

Ábyrgð á framkvæmd

Kirkjubæjarstofa og Skaftárhreppur í samstarfi við sveitarfélagið Hornafjörð.

Aðrir þátttakendur

Háskóli Íslands, Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands, menntamálaráðuneytið, Náttúrufræðistofnun, umhverfisráðuneytið, fagstofnanir sem málið heyrir undir og áhugaaðilar.

Tímaáætlun

2006 - 2008

Kostnaðaráætlun

Eitt til tvö stöðugildi rannsókn- eða fræðimanna. Miðlun og fræðsla 1 – 1,5 ársverk. Framlag ríkissjóðs til náttúrustofu er ákveðið í fjárlögum hverju sinni og miðast við fjárhæð sem nemur launum forstöðumanns í fullu starfi að viðbætti fjárhæð sem er allt að jafnhá þeirri fjárhæð og rennur hún til reksturs náttúrustofu. Framlag ríkissjóðs er háð því að fyrir liggja samningur um rekstur náttúrustofu, sbr. 9. gr. Í samningi skal meðal annars kveðið á um aðsetur og starfssvæði náttúrustofu, framlag ríkissjóðs og fjárskuldbindingar sveitarfélaga vegna reksturs hennar sem skulu miðast við 30% af framlagi ríkisins.

4. Suðurlandssetur Náttúrufræðistofnunar Íslands í Vík

Tillaga

Komið verði upp Suðurlandssetri Náttúrufræðistofnunar Íslands í Vík.

Markmið

Náttúrufræðistofnun Íslands stundar grunnrannsóknir í dýrafræði, grasafræði og jarðfræði landsins og annast skipulega heimildasöfnun um náttúru landsins. Suðurlandssetur Náttúrufræðistofnunar í Vík styrkir starfsemi stofnunarinnar og fjölgar atvinnutækifærum í Mýrdal.

Rök

- a. Grunnrannsóknir í náttúrufræðum eru mikilvægar og kannski enn mikilvægari en áður, lög um umhverfismat framkvæmda gera kröfur til framkvæmdaaðila um að gera grein fyrir áhrifum framkvæmda á umhverfið þ.m.t. náttúrufar. Grunnrannsóknir í náttúrufræði geta verið tímafreakar og ekki er alltaf fullnægjandi að hefja rannsóknir þegar hugmyndir um framkvæmdir kvikna. Náttúrufræðistofnun skal skv. lögum „*stunda undirstöðurrannsóknir í dýrafræði, grasafræði og jarðfræði landsins og annast skipulega heimildasöfnun um náttúru Íslands*“ og einnig „*leiðbeina um hóflega nýtingu náttúrulegra auðlinda og aðstoða með rannsóknnum við mat á verndargildi vistkerfa og náttúru minja og annarrar landnotkunar á náttúruna.*“ Augljóst sýnist að verkefni stofnunarinnar séu næg og hún þoli vel þá styrkingu sem felst í opnun aðseturs á Suðurlandi.
- b. Skv. gildandi lögum „getur ráðherra heimilað eitt setur í hverjum landsfjórðungi að fenginni umsögn forstjóra stofnunarinnar og eftir því sem fé er veitt af fjárlögum“. Fyrir liggur jákvæð umsögn forstjóra stofnunarinnar um að Vík í Mýrdal komi vel til greina fyrir aðsetur stofnunarinnar á Suðurlandi og óskað hefur verið eftir að fjárlaganefnd veiti fjármagni til stofnunar og reksturs aðsetursins.
- c. Vík í Mýrdal er miðsvæðis á Suðurlandi, í um 2 klst. fjarlægð frá Reykjavík og samgöngur eru greiðar allt árið. Gagnaflutningstengingar eru góðar og sveitarfélagið hefur á síðustu árum byggt upp alla almenna þjónustu og er samfélagið vel samkeppnishæft hvað varðar almenn búsetuskilyrði. Náttúrufar svæðisins er stórfenglegt, afar fjölbreytt og áhugavert hvort sem er fyrir fræðimenn eða almenna náttúruunnendur.
- d. Mýrdalshreppur hefur undanfarin ár þurft að þola töluverða fólksfækkun og störfum á vegum ríkisins hefur fækkað á liðnum árum þvert ofan í byggðaaætlun ríkisstjórnar. Laun eru umtalsvert undir landsmeðaltali og afar mikilvægt er að auka fjölbreytni í atvinnulífinu. Þrátt fyrir þetta hefur með markvissri uppbyggingu þjónustu og krefjandi verkefnum tekist að byggja upp jákvætt andrúmsloft í sveitarfélaginu og eru nú t.a.m. að hefjast íbúðarhúsbýggingar í Vík eftir áralangt hlé. Sveitarstjórn hefur gert sitt til að snúa vörn í sókn og nú er afar mikilvægt að ríkisvaldið leggi sitt lóð á vogarskálina.
- e. Uppi eru hugmyndir um húsnæði á besta stað í Vík sem hentað gæti starfseminni sem skrifstofur, rannsóknastofur og geymslur.
- f. Forstjóri Náttúrufræðistofnunar hefur staðfest að sjónarmið stofnunarinnar sé óbreytt varðandi það að Vík í Mýrdal komi vel til greina fyrir setur Náttúrufræðistofnunar á Suðurlandi.

Ábyrgð á framkvæmd

Náttúrufræðistofnun Íslands, Mýrdalshreppur og Umhverfissráðuneyti

Aðrir þátttakendur

Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands

Tímaáætlun

2006 - 2007

Kostnaðaráætlun

Kostnaður greiðist af Náttúrufræðistofnun Íslands skv. fjárveitingum af fjárlögum.

5. Efling Hafrannsóknastofnunar í Vestmannaeyjum

Tillaga

Efling á starfsemi útibús Hafrannsóknastofnunar í Vestmannaeyjum með fjölgun stöðugilda og verkefna sem útibúið tekur að sér á vegum stofnunarinnar.

Markmið

Fjölga stöðugildum rannsóknamanna úr hálfu í tvö. Einnig að ráða sérfræðing til stofnunarinnar í Vestmannaeyjum. Með þessu yrði til öflug eining sem gæti tekist á við flóknari verkefni og myndi styrkja starfsemi Hafrannsóknastofnunarinnar og um leið efla Rannsókn- og fræðasetur Vestmannaeyja.

Rök

Útibú Hafrannsóknastofnunarinnar í Vestmannaeyjum hóf starfsemi 1. október 1986. Fyrstu átta árin hafði útibúið aðsetur í Vinnslustöðinni h/f eftir stofnun Rannsókn- og fræðaseturs Vestmannaeyja 1994 í húsnæði þess að Strandvegi 50. Útibúið er tengiliður stofnunarinnar við sjávarútveg í Vestmannaeyjum. Útibúið gegnir þýðingarmiklu hlutverki við gagnasöfnun hvers konar og til að afla upplýsinga um gang veiða í kringum landið. Í útibúinu fara einnig fram staðbundnar rannsóknir ásamt rannsóknum á landsvísu. Vestmannaeyjar henta mjög vel til sýnatöku og rannsókna á uppsjávartegundum, humri, skótusel, ýsu ofl. Með tilkomu sérfræðings og fjölgun rannsóknarmanna væri hægt að efla rannsóknir og sýnatöku á vegum útibúsins.

Í langtímaáætlun stofnunarinnar 2002 – 2006 er bent á það að vegna mannfæðar hafi útibúin ekki verið þess megnug að stunda rannsóknir í þeim mæli sem æskilegt væri. Því er æskilegt að stefna að a.m.k. tveimur stöðugildum í hverju útibúi. Einnig er bent á þann möguleika að útibúin gætu komið meira að ýmiskonar forvinnu gagna en nú er. Með eflingu útibúanna og auknum mannafla má reikna með því að rannsóknir á þeirra vegum, eða í nánum tengslum við höfuðstöðvarnar í Reykjavík, eigi eftir að aukast. Það má geta þess að árið 2001 voru framlög til Hafrannsóknastofnunarinnar aukin á fjárlögum til að styrkja stöðir útibúanna á Ísafirði og Ólafsvík. Í töflunni hér að neðan er yfirlit yfir fjölda starfsmanna í útibúum stofnunarinnar, en heildarfjöldi starfsmanna stofnunarinnar er um 170 manns.

<i>Starfsmenn</i>	<i>Ólafsvík</i>	<i>Ísafjörður</i>	<i>Akureyri</i>	<i>Hornafjörður</i>	<i>Vestmannaeyjar</i>
<i>Útibússtjóri</i>	1	1	0,5	1	1
<i>Sérfræðingar</i>		0,5	0,5		
<i>Rannsóknamenn</i>	1	1	1,5		0,5
<i>Alls</i>	2	2,5	2,5	1	1,5

Útibússtjóri Akureyrarútibúsins er að hálfu í starfi við HA og prófessor í hagfræði við HA er að hálfu starfsmaður Hafrannsóknastofnunarinnar.

Ábyrgð á framkvæmd

Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands, Rannsókn- og fræðasetur Vestmannaeyja, Hafrannsóknastofnunin.

Aðrir þátttakendur

Sjávarútvegsráðuneytið

Tímaáætlun

Gert er ráð fyrir að ráða í eitt og hálf stöðugildi á árinu 2006 og stöðugildi sérfræðings árið 2007.

Kostnaðaráætlun

8 milljónir 2006 og árið 2007 yrði kostnaður kominn í 16 milljónir á ári.

6. Surtseyjarstofa

Tillaga

Stofnun og rekstur Surtseyjarstofu í Vestmannaeyjum.

Markmið

Ráðinn verður starfsmaður/landvörður sem hefur umsjón með Surtseyjarstofu og eftirlit með Surtsey. Markmið stofunnar er að veita almenningi, skólahópum, ferða- og fræðimönnum fræðslu um Surtsey og kynna og skipuleggja skoðunarferðir umhverfis eyjuna. Vísindaferðir í Surtsey verða skipulagðar í samráði við Surtseyjarstofu. Í Surtseyjarstofu munu liggja fyrir upplýsingar um rannsóknir í Surtsey sem og myndir og annar fróðleikur. Stefnt er að því að á stofunni verði allar helstu upplýsingar um niðurstöður rannsókna sem gerðar hafa verið í Surtsey. Jafnframt verður þar hægt að fá innsýn í þær rannsóknir sem eru í gangi hverju sinni. Ætlunin er að færa Surtsey nær Heimaey í óeiginlegri merkingu og auka skilning almennings á mikilvægi rannsókna sem þar fara fram.

Rök

Surtsey myndaðist við eldsumbrot á árunum 1963 til 1967. Hún hefur verið lokuð almenningi vegna rannsókna á landnámi og jafnframt hefur verið fylgst með mótun landsins, ekki síst myndun móbergs og niðurbroti eyjarinnar. Mikilvægt er að kynna fyrir almenningi niðurstöður rannsókna sem gerðar hafa verið og þær rannsóknir sem í gangi eru í Surtsey hverju sinni. Innan alþjóða náttúrufræði- og náttúruverndarsamfélaga er Surtsey einna best þekkti staðurinn á Íslandi, ekki síst vegna hinnar ströngu friðunar og þeirra rannsókna sem þar eru í gangi.

Með markvissri markaðssetningu og betra aðgengi að upplýsingum um Surtsey er nokkuð ljóst að áhugi bæði innlendra og erlendra ferðamanna mun aukast á því að koma til Vestmannaeyja.

Ábyrgð á framkvæmd

Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands, Umhverfisstofnun, Vestmannaeyjabær, Náttúrustofa Suðurlands, Markaðs- og menningarfulltrúi Vestmannaeyjarbæjar.

Aðrir þátttakendur

Náttúrufræðistofnun Íslands, Surtseyjarfélagið, Fiska- og náttúrugripasafnið í Vestmannaeyjum og Rannsókn- og fræðasetur Vestmannaeyja.

Tímaáætlun

Formleg opnun 5. júní 2007 þegar 40 ár eru frá goslokum í Surtsey.

Kostnaðaráætlun

80 milljónir.

7. Náttúrugripa- og fiskasafn Vestmannaeyja

Tillaga

Gerðar verða endurbætur á Náttúrugripa- og fiskasafni Vestmannaeyja, starfsemi þess útvíkkuð og sett upp aðstaða fyrir rannsóknir og fræðslu í tengslum við Rannsókn- og fræðasetur Vestmannaeyja.

Markmið

Að efla og endurbæta sýningaraðstöðu Náttúrugripa- og fiskasafnsins í Vestmannaeyjum sem starfað hefur óslitið síðan árið 1964. Að auðvelda miðlun upplýsinga um náttúru Íslands og Vestmannaeyja til námsmanna, vísindamanna og almennings. Að skapa aðstöðu til rannsókna á sjávardýrum og tengja saman starfsemi safnsins og Rannsókn- og fræðaseturs Vestmannaeyja með öflugum rannsókn- og fræðastarfi jafnt fyrir vísindamenn og almenning.

Rök

Náttúrugripa- og fiskasafn Vestmannaeyja hefur verið óbreytt frá árinu 1964 og undanfarin ár hefur aðstöðuleysi hamlað starfsemi og komið í veg fyrir stækkun og eflingu starfseminnar. Í samningi milli menntamálaráðuneytisins og Vestmannaeyjabæjar um byggingu menningarhúss í Vestmannaeyjum (mars 2003) er gert ráð fyrir sérstakri fjárveitingu upp á 100 milljónir króna úr ríkissjóði til uppbyggingar Náttúru- og sædýrasafns í Vestmannaeyjum.

Endurbætur og útvíkkun starfseminnar fer vel saman við eflingu Rannsókn- og fræðaseturs Vestmannaeyja. Sérlega hefur vantað tilraunaaðstöðu til að vinna með lifandi sjávardýr og eldi á þeim. Með því að koma upp myndarlegri og fullkominni rannsóknaraðstöðu við safnið skapast möguleikar á auknu samstarfi þessara aðila. Safn með lifandi sjávardýrum krefst góðs aðgengis að sjó án mikils tilkostnaðar. Samnyting á aðstöðu fyrir rannsóknir á lifandi dýrum gæti þannig sparað stórar upphæðir. Í Vestmannaeyjum eru víða til staðar borholur sem gefa af sér mikið magn af hentugum sjó til þessara nota.

Ábyrgð á framkvæmd

Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands, Vestmannaeyjabær, Rannsókn- og fræðasetur Vestmannaeyja, Markaðs- og menningarfulltrúi Vestmannaeyjabæjar.

Aðrir þátttakendur

Menntamálaráðuneytið, umhverfisráðuneytið, sjávarútvegsráðuneytið, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Hafrannsóknastofnunin og Háskóli Íslands.

Tímaáætlun

Ekki er búið að setja upp tímaáætlun fyrir verkefnið.

Kostnaðaráætlun

Nákvæm kostnaðaráætlun er ekki til staðar en framlag ríkisins er áætlað 100 milljónir í safnahlutann og reikna má með því að það sem bætist við vegna tilraunaaðstöðunnar verði á bilinu 10 til 30 milljónir.

Ferðaþjónusta og menning

Um langt árabíl miðaðist markaðssetning Íslands erlendis á vegum íslenskra og erlendra ferðaskrifstofa fyrst og fremst við Reykjavík, Suðurland og Suðvesturland. Það var á sínum tíma eðlilegt, enda fjölsóttustu náttúruperlur landsins flestar á Suðurlandi svo sem Gullfoss, Geysir, Þingvellir og svo má lengi telja. Suðurland hefur verið allra landshluta mikilvægast í móttöku ferðamanna utan Reykjavíkur, enda nýtur svæðið nálægðar við höfuðborgina og alþjóðaflugvöllinn í Keflavík. Mikið framboð er af afþreyingu af ýmsu tagi, en það hefur sýnt sig að vera að minnsta kosti jafn mikilvægt og góð hótél og veitingastaðir.

Suðurland er ríkt af menningu, sem auðvelt er að kynna fyrir ferðamönnum og hafa sprottið upp ýmis fyrirtæki og söfn sem gera ferðamönnum auðvelt að kynna sér sögu og menningu landshlutans fyrir og síðar. Það kunna ferðamenn vel að meta. Það er skoðun skýrsluhöfunda að ennþá glitti þó einungis í toppinn á ísjakanum, þegar horft er til vaxtar ferðaþjónustu á Suðurlandi í framtíðinni.

8. Markaðsstofa ferða- og kynningarmála Suðurlands

Tillaga

Komið verði á fót Markaðsstofu Suðurlands sem standi fyrir markaðs- og kynningarmálum fyrir Suðurland í heild. Undir Markaðsstofu falli starfsemi upplýsingamiðstöðva á svæðinu og gert er ráð fyrir að stofan vinni í nánú samstarfi við ferðamálafulltrúa á svæðinu.

Markmið

Að samræma markaðs- og kynningarmál sunnlenskrar ferðaþjónustu í heild og sækja á jafnt innanlands sem utanlands. Að samhæfa og samþætta það starf sem unnið er í ferðamálum til að nýta betur það fjármagn sem fyrirtæki, sveitarfélög og aðrir á svæðinu veita til málaflokksins.

Rök

Stórbrotnustu og fjölsóttustu náttúruperlur landsins eru flestar á Suðurlandi og fjöldi ferðamanna á svæðinu fer sífellt vaxandi. Stærstu og fjölmennustu sumarhúsabyggðir á landinu eru á Suðurlandi. Mikil eftirspurn er eftir afþreyingu af öllu tagi. Markaðs- og kynningarstarf á sviði ferðamála skiptir því gríðarlegu máli fyrir svæðið. Upplýsingastöðvar eru afar mikilvægur þáttur í slíku starfi og því eðlilegt að þær falli undir starfsemi Markaðsstofunnar. Sama má segja um mikilvægi starfa ferðamálafulltrúa á svæðinu og því er nauðsynlegt að þeir vinni í nánú samstarfi við Markaðsstofuna. Ferðaþjónusta er mikilvæg atvinnugrein og þar er að finna helstu vaxtarsprotu í atvinnu- og byggðapróun, sérstaklega á það við í dreifbýli. Fyrirtæki í greininni eru fjölmörg en flest smá og hafa því litla getu til að takast hvert og eitt á við markaðsstarf og því er afar brýnt að með þeim takist víðtækt samstarf.

Miðað er við að Markaðsstofa Suðurlands komi fram fyrir hönd ferðaþjónustunnar í heild á Suðurlandi.

Ábyrgð á framkvæmd

Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands, fyrirtækin í ferðaþjónustunni, Ferðamálasamtök Suðurlands, sveitarfélög á Suðurlandi og Markaðs- og menningarfulltrúi Vestmannaeyjarbæjar.

Aðrir þátttakendur

Samgönguráðuneyti, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

Tímaáætlun

Framkvæmd undirbúin í upphafi árs 2006. Stofnun Markaðsstofu verði eigi síðar en á vormánuðum 2006.

Kostnaðaráætlun

Miðað er við eftirfarandi forsendur:

Rekstur: Gert er ráð fyrir að rekstur verði einkum fjármagnaður af ferðaþjónustuaðilum, sveitarfélögum og ríki. Miðað er við að samþætta rekstur Markaðsstofu við rekstur Upplýsingamiðstöðvar Suðurlands sem er nú þegar styrkt m.a. af ríki og sveitarfélögum.

Markaðsmál: Kostnaður vegna kynningarmála, viðhald vefsíðu, bæklingagerðar, auglýsinga o.fl., fjármagnað af ferðaþjónustuaðilum.

Hér á eftir koma undirtillögur sem falla undir ofangreinda megingtillögu:

Kóngsvegur 1907 - 2007.

Endurvakning sögulegrar reiðleiðar tengdri Íslandsheimsókn Friðriks Danakonungs 1907. Reiðleiðinni er ætlað að styrkja ferðaþjónustu á svæðinu, sérstaklega hvað varðar tengsl svæðisins við sögu og menningu.

Kvikmynda- og auglýsingagerð á Suðurlandi.

Búin verði til formleg umgjörð í formi klasasamstarfs utan um reynslu, þekkingu og hæfni sunnlenskra ferðaþjónustuaðila og annarra sem koma að auglýsinga- og kvikmyndagerð. Að auka veg Suðurlands sem ákjósanlegs svæðis til auglýsinga- og kvikmyndagerðar og efla markaðssókn gagnvart fyrirtækjum í þeirri atvinnugrein. Suðurland hefur náð miklu og góðu forskoti á þessu sviði, þar sem fer saman hæfni heimamanna, ægifagurt náttúrulegt umhverfi í hentugri nálægð við höfuðborgarsvæðið og orðspor af góðri reynslu.

Uppbygging ferðamannaleiða í Mýrdal.

Komið verði af stað verkefni sem felur í sér skipulagningu, merkingu og kynningu gönguleiða um afrétti og heiðarlönd í Mýrdal og uppbyggingu á útivistartengdri þjónustu í kringum það einstaka landslag sem er milli sjávar og jökuls.

Að tryggja að við skipulagningu og uppbyggingu verði tekið fullt tillit til hinnar einstæðu náttúru sem einkennir svæðið samhliða því að gönguleiðir verði vandaðar og öruggar og áningarstaðir skynsamlega valdir. Með þessu verði stutt við ferðaþjónustuna á svæðinu. Samhliða merkingu gönguleiða verði komið upp upplýsingaskiltum sem bæði upplýsi um náttúrufar og leiðbeini um viðbrögð ferðamanna við náttúruvá, en svæðið er í næsta nágrenni Mýrdalsjökuls og viss svæði geta verið órugg verði eldsumbrot í jöklinum.

Náttúrufegurð í Mýrdal er einstök og hægt er að útbúa fjöldann allan af gönguleiðum við allra hæfi. Heiðarlönd Mýrdalsins eru mjög gilskorin og sumstaðar illfær ókunnugum. Ásókn í gönguleiðir eykst hratt og vegna þess hvernig landslagið er, er nauðsynlegt að merkja leiðirnar vandlega og kortleggja. Eins er þörf á að koma upp nokkrum göngubrúum hér og þar um svæðið. Nú þegar hefur verið hafist handa við að merkja leiðir en setja þarf mun meiri kraft í þá vinnu og vanda til verka. Ferðaþjónusta í sveitarfélaginu er vaxandi og kemur m.a. í stað hefðbundins búskapar sem hefur dregist saman. Mikil þörf er á fleiri afþreyingarmöguleikum og ganga og útivist nýtur ört vaxandi vinsælda.¹²

Alþjóðlegar skólabúðir á Suðurlandi og í Vestmannaeyjum.

Komið verði á fót samstarfsverkefni um alþjóðlegar skólabúðir á Suðurlandi og í Vestmannaeyjum til að auka fjölbreytni í ferðaþjónustu og lengja ferðamannatímabilið.

Ferðaþjónustuaðilar á svæðinu hafa viðskiptasambönd við erlenda aðila sem flytja fjöldann allan af skólanemendum vítt og breitt um heiminn. Skólabúðirnar geta verið sóknarfæri til að fá fleiri unglinga hingað til lands með því að bjóða upp á sérhæfðari ferðir í tengslum við t.d. heilsu, sögu, menningu, íþróttir, rannsóknir og almenna fræðslu.

Hvataferðir til Vestmannaeyja.

Samstarf ferðaþjónustuaðila um skipulagningu hvataferða til Vestmannaeyja.

9. Menningarsamningur við Suðurland

Tillaga

Gerður verði samningur á milli sveitarfélaga á Suðurlandi annars vegar og menntamálaráðuneytis og samgönguráðuneytis hins vegar um menningarmál á Suðurlandi í samræmi við fyrirbyggjandi stefnu sunnlenskra sveitarfélaga í menningarmálum og drög að samningi sveitarfélaga og ríkis annars vegar og drög að samstarfssamningi allra sveitarfélaganna á Suðurlandi.

Markmið

Tilgangur samningsins er að efla menningarstarf á Suðurlandi og menningartengda ferðaþjónustu og beina stuðningi ríkis og sveitarfélaga á Suðurlandi við slíkt starf í einn farveg.

Rök

Gerð slíks menningarsamnings er í samræmi við markaða stefnu stjórnvalda. Gerðir hafa verið menningarsamningar við sveitarfélög á Austurlandi, Vesturlandi og við Akureyrarbæ. Drög að samningi voru samin á vettvangi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga árið 2003 en voru endurskoðuð á árinu 2005 og sveitarfélögin hafa náð samkomulagi sín á milli um málið. Strandað hefur á fjárveitingu frá ríki.

Ábyrgð á framkvæmd

Sveitarfélög á Suðurlandi, menntamálaráðuneyti, samgönguráðuneyti, Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands.

Tímaáætlun

Menningarsamningur verði undirritaður fyrir árlök 2006 og komi til framkvæmda árið 2007.

Kostnaðaráætlun

Áætlað er að samningurinn kosti um 40 millj. króna árlega.

10. Efling þróunartækifæra í nálægð þjóðgarða og verndarsvæða

Tillaga

Að nýta tækifæri til atvinnuuppbyggingar í og við þjóðgarða og verndarsvæði.

Markmið

Efla byggð og nýta tækifæri til atvinnusköpunar á svæðinu í tengslum við þjóðgarða og verndarsvæði. Að fjölga erlendum ferðamönnum á Íslandi og bjóða Íslendingum upp á bætt aðgengi að náttúru landsins.

Rök

Á Suðurlandi eru margar helstu náttúruperlur landsins, þjóðgarðar á Þingvöllum og í Skaftafelli, verndarsvæði víða um landshlutann og svæði sem hafa sérstöðu í náttúrufræði- og umhverfislegu tilliti. Sambúð manns og náttúru er einn mikilvægasti þáttur búsetu í dreifðum byggðum og mikilvægt að jafnvægi ríki þar á milli. Verkefnið miðar að því að finna tækifæri í nábyli við náttúruperlur af ýmsum toga, s.s. til menntunar og fræðslu á sviði náttúruupplifunar, efnahagslegs ávinnings á svæðinu og myndun nýrra viðskiptatækifæra, náttúrufræðirannsókna, sagnfræði- og fornleifarannsókna.

Í gangi er NPP verkefni sem lýtur að nýtingu tækifæra í nálægð við þjóðgarða og verndarsvæði; "NEST" tengt Vatnajökulsþjóðgarði og eru aðilar að því sveitarfélögin Skaftárhreppur og Hornafjörður auk atvinnuþróunarfélaganna á Suður- og Austurlandi, ásamt rannsóknasetri Háskóla Íslands á Hornafirði. Auk Íslendinga eru Finnar, Svíar, og Skotar þátttakendur í verkefninu.

Verkefninu er skipt í fjóra hluta og skipta þáttökupjóðirnar með sér verkum með stjórnun á hlutunum. Íslenski hlutinn lýtur að fræðslumálum og stefnt er að því að koma á fót náttúruskóla í nálægð við fyrirhugaðan Vatnajökulsþjóðgarð. Uppbygging öflugrs rannsókna- og fræðaseturs á Kirkjubæjarklaustri mun styrkja þessa framkvæmd og greiða leið uppbyggingarinnar. Um er að ræða nokkurs konar framlengingu NPP verkefnisins, þ.e. yfirfærslu á þekkingu og reynslu úr verkefninu til nýrra svæða á Suðurlandi.

Ábyrgð á framkvæmd

NPP, sveitarfélögin Skaftárhreppur og Hornafjörður, Háskóli Íslands rannsóknasetur á Hornafirði, Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands, Markaðsstofa Suðurlands, ferðamálaaðilar á Suðurlandi.

Aðrir þátttakendur

Umhverfisstofnun, menntamálaráðuneytið.

Tímaáætlun

2005 – 2008.

Kostnaðaráætlun

Þegar hefur fengist fjárstuðningur frá ESB, auk framlags frá þátttakendum. Viðbótarkostnaður tengist samræmingu og yfirfærslu hugmyndar á önnur verndarsvæði í landshlutanum. Gerð kynningarefnis og miðlun þekkingar fyrst og fremst.

Hér á eftir eru tillögur sem falla undir ofangreinda tillögu um Þróunartækifæri í nálægð við þjóðgarða:

Vatnajökulsþjóðgarður – Gestastofa á Kirkjubæjarklaustri.

Reist verði gestastofa fyrir Vatnajökulsþjóðgarð á Kirkjubæjarklaustri sem hlið þjóðgarðsins úr vestri, í þeim tilgangi að fjölga ferðamönnum og efla upplýsingagjöf til þeirra sem fara um þjóðgarðinn. Æskilegt er að gestastofan standi í þjóðbraut og tengist almennri upplýsingagjöf til ferðamanna á svæðinu.

Vatnajökulsþjóðgarður – Þjóðvegur að Lakagígum

Lagður verði nýr vegur frá Þjóðvegi 1 við Þverá að Lakagígasvæðinu sem skilgreindur verði sem þjóðgarðsvegur. Markmið verkefnisins er að bæta aðgengi ferðamanna að þjóðgarðinum og þeim náttúruverðmætum sem þar er að finna, í þeim tilgangi að byggja upp atvinnustarfsemi og efla byggð á svæðinu.

11. Ferða- og fræðasetur á Suðurlandi

Tillaga

Að koma á fót samstarfsneti fræðasetra á Suðurlandi sem byggja á menningarlegum verðmætum svæðisins og þjóðarinnar í heild. Hugtakið fræðasetur hefur hér skírskotun til menningar- og uppákomutengdrar ferðaþjónustu og tengjist mjög ákveðið sýningarhaldi á fræðasetrunum. Byggt er á svokallaðri “klasa”-hugmyndafræði eins og hún er kynnt í Vaxtarsamningi Suðurlands.

Markmið

Að renna styrkari stoðum undir starfsemi núverandi fræðasetra á Suðurlandi og hlúa þannig betur að þeim merku sögu-, menningar- og náttúrufræðilegu verðmætum sem þar er að finna, rannsaka þau og miðla til almennings og ferðafólks með sýningarhaldi, þeim til fræðslu og ánægjuauka. Einnig að koma á fót nýjum fræðasetrum sem byggja á sömu verðmætum.

Rök

Á Suðurlandi öllu er að finna fjöldann allan af áhugaverðum fræðasetrum, sem hvert og eitt byggir á sérstæðum og afmörkuðum verðmætum. Með öflugum samstarfsneti má efla fræðasetrin og það fræðastarf sem þar er unnið og auka styrk til að takast á við ný verkefni eða til að koma á fót nýjum fræðasetrum.

Ábyrgð á framkvæmd

Fræðasetrin á Suðurlandi, Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands og menntamálaráðuneyti.

Aðrir þátttakendur

Sveitarfélög á Suðurlandi og stofnanir sem tengjast setrunum.

Tímaáætlun

2006 – 2009.

Kostnaðaráætlun

Einkum ráðgjöf og sérfræðivinna. Fellur undir væntanlegan vaxtarsamning Suðurlands.

Hér á eftir koma nokkrar undirtillögur sem falla undir ofangreinda megingtillögu.

Þjóðfræðasetur í Odda í Rangárvallasýslu.

Að halda við og rannsaka sögu og náttúrufræði staðarins, en hann er sögufrægur og landfræðilega hentugur vegna staðsetningar sinnar.

Uppbygging á Keldum á Rangárvöllum.

Að byggja upp og gera aðgengilega áhugafólki sögu og menningu staðarins og sérstakar byggingar sem þar eru.

Sögusetur á Hvolsvelli, rannsókn- og fræðasetur.

Að sögusetrið verði þungamiðja í fræðimennsku í miðaldafræðum og –bókmenntum, þætti þeirra í menningu og ímynd þjóðarinnar.

Fræðasetur og markaðsstofa hálendisins.

Að koma á fót fræðasetri og markaðsstofu hálendisins í Hrauneyjum, þar sem gerð yrði grein fyrir sérstöðu hálendis Íslands, s.s. varðandi nýtingu fallvatna, jarðfræði, náttúrufar, nytjar, sögu og menningu, með alhliða markaðssetningu.

12. Menningar- og sýningarsetur Hrunamannahrepps

Tillaga;

Mjög merkilegt safn er í Gröf við Flúðir í Hrunamannahreppi. Þar safnaði Emil Ásgeirsson saman ýmsum merkilegum gripum sem tengjast atvinnu- og menningarsögu Árnassýslu og reyndar landsins alls. Guðjón Emilsson, sonur Emils, tók safnið að sér eftir lát föður síns. Þessir merkilegu munir eru varðveittir í gömlu fjósi og hlöðu í Gröf. Um nokkurt skeið hefur áhugahópur unnið að stofnun sjálfseignarstofnunar um safnið í nánu samstarfi við Byggðasafn Árnassýslu. Áform eru um byggingu Menningar- og sýningarseturs um þetta safn og tengja það einnig sögu Fjalla Eyvindar Jónssonar frá Hlíð í Hrunamannahreppi og Höllu konu hans.

Markmið:

Þetta safn er fyrst og fremst ætlað að sýna og varðveita muni og um leið heimild um merkilega atvinnu- og menningarsögu í héraði. Þá er einnig markmið setursins að varðveita sögu útilegumanna. Gert er ráð fyrir að skólafólk geti unnið verkefni er tengjast sögunni. Einnig að handverksfólk eigi möguleika á að selja framleiðsluvöru sína.

Rök:

Uppsveitir Árnassýslu eru eitt fjölsóttasta ferðamannasvæði landsins. Þá eru einnig á svæðinu einar mestu frístundabyggðir landsins. Menningar- og sýningarsetur sem þetta yrði hluti af menningartengdri ferðaþjónustu og þeirri afþreyingu sem er hluti af nútíma ferðaþjónustu. Listamaðurinn Einar Jónsson er frá Galtafelli í Hrunamannahreppi og hefur hann gert fjölmörg listaverk, eitt þeirra nefnist einmitt Útlaginn en afsteypa af því myndi sóma sér vel á safninu.

Ábyrgð á framkvæmd:

Sveitarfélag á Suðurlandi, Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands og einstaklingar.

Aðrir þátttakendur:

Ljóst er að nokkur fyrirtæki og stofnanir á Suðurlandi eru tilbúin að leggja stofnfé til þessa verkefnis. Auk þess hefur Alþingi veitt fé til safnsins um nokkurt skeið.

13. Sóknarfæri í uppsveitum Árnessýslu

Tillaga

Að nýta tækifæri til atvinnuuppbyggingar í ferðaþjónustu, afþreyingu og skyldri starfsemi.

Markmið

Að efla byggð á svæðinu og auka fjölbreytni í atvinnulífínu og beita nýstofnuðu Þróunarfélagi til þess að nýta betur tækifæri til atvinnusköpunar á sviðum þar sem sóknarfæri eru helst. Gert er ráð fyrir, til að byrja með, að félagið stýri verkefninu og skipuleggi. Einnig þarf að greina betur þau sóknarfæri sem til staðar eru, tengja saman þá aðila í ferðaþjónustu og annarri atvinnustarfsemi, sem á svæðinu eru og skapa með þeim hætti öflugri einingar til sóknar. Ennfremur að fjölga erlendum ferðamönnum á svæðinu og bjóða þeim fjölbreytta afþreyingu og gistaðstöðu á þeim svæðum sem sóknarfæri eru fyrir hendi. Með auknum fjölda ferðamanna verður hægt að lengja þjónstutímamann bæði vor og haust og skapa þannig enn fleiri færi til sóknar. Auka ánægju og vellíðan ferðamanna og annarra með því að bjóða upp á bætt aðgengi að náttúru héraðsins t.d. með nýjum og vel merktum gönguleiðum og þeim tækifærum sem það hefur upp á að bjóða.

Rök

Ljóst er öllum sem til þekkja að fleiri möguleika skortir fyrir ferðamenn á svæðinu og þó nokkuð hefur borið á því að ferðamenn lýsi því að afþreyingarmöguleika vanti. Ásókn ferðamanna á vinsæla staði er oft á tíðum umtalsvert meiri en viðtökustaðirnir geta annað. Um þrír af hverjum fjórum erlendum ferðamönnum sem til landsins koma heimsækja uppsveitirnar, en þeir sækja tiltölulega fáa staði. En möguleika skortir til að taka móti þeim og sinna eins og þörf er á. Með því að fjölga viðtökustöðum og auka fjölbreytni má dreifa álagi, bjóða upp á meiri fjölbreytni og þ.a.l meiri ánægju með aðbúnaðinn.

Bæta þarf þjónustuna og verður hún að uppfylla nútímakröfur um aðgengi fyrir fatlaða, m.a. þjónstu, frágang og skil á sorpi og endurvinnanlegum afurðum, aðgengi að tölvuþjónustu o.fl. Þó svo að nokkrir aðilar starfi á ýmsum sviðum skortir samhæfingu milli þeirra og kynningu á þeim möguleikum sem bjóðast. Slíkt samstarf myndi síðan leiða af sér betri nýtingu á þeim tækifærum sem þegar eru fyrir hendi.

Í uppsveitum Árnessýslu er veðursældin rómuð, gott rými er fyrir ferðamenn og samgöngur greiðar megin hluta ársins. Ásókn í frístundahúsi í eigu starfsmannafélaga utan háannatímans er að aukast. Þá mun fyrirhuguð brú yfir Hvítá á allra næstu árum færa frístundabyggð í nágrennabyggðum nær þeirri þjónustu sem boðið verður upp á. Mikill ónýttur jarðvarmi er á svæðinu sem gefur mikla möguleika til afþreyingar og upphitunar.

Stutt er í helstu náttúruperlur Suðurlands, hvort sem er á hálendinu, austan Þjórsár eða vestan Hvítár. Nýstaðfest aðalskipulag Hrunamannahrepps gerir ráð fyrir nýju og miklu svæði fyrir tjaldsvæði og uppbyggingu á þjónustu fyrir ferðamenn. Áhugi er meðal íbúa svæðisins á frekari þróun í þessa átt. Svæðið er því tilvalið til áframhaldandi uppbyggingar og þróunar.

Með þessum tillögum er stefnt að því að lengja hinn hefðbundna ferðamannatíma og bjóða upp á fleiri valkosti í gistinu og afþreyingu.

Ábyrgð á framkvæmd

Þróunarfélag Hrunamanna, ásamt Hrunamannahreppi og Atvinnuþróunarsjóði Suðurlands.

Aðrir þátttakendur

Impra, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, ferðamálafulltrúi uppsveita Árnessýslu, einkaaðilar í ferðaþjónustu

Tímaáætlun

Áætlað er að ýta verði helstu verkefnum úr vör á tímabilinu 2005 – 2008, en að framhald verði á þessari vinnu og umfangið aukist þegar frá líður.

Kostnaðaráætlun

Eitt stöðugildi starfsmanns Þróunarfélagsins og rekstur skrifstofu. Séfræðikostnaður, ráðgjöf og kynning. Gerð kynningarefnis og miðlun þekkingar fyrst og fremst. Heildarkostnaður um 20 m.kr.

14. Fræðasetur í íslenskri þjóðmenningu, Skógum

Tillaga

Koma á fót fræðasetri í íslenskri þjóðmenningu til að styðja við áframhaldandi uppbyggingu og þróun Byggðasafnsins í Skógum. Að minjavörður Suðurlands verði staðsettur í Skógum.

Markmið

Að koma á fót fræðasetri á sviði íslenskrar þjóðmenningar í Skógum í nánnum tengslum við Byggðasafnið í Skógum og í samstarfi við menntastofnanir, menntamálaráðuneyti og aðra aðila er áhuga hafa og tengjast þessu sviði.

Rök

Byggðasafnið í Skógum er löngu landsþekkt stofnun og eitt merkasta safn landsins á sviði þjóðháttá og þjóðmenningar. Eigendur safnsins eru héraðsnefndir Rangárvallasýslu og V-Skaftafellssýslu. Safnið varðveitir um 12 þúsund muni er flestir tengjast hinu gamla bændasamfélagi. Byggðasafnið í Skógum er stærsta safn landsins af atvinnutækjum landbúnaðar fram að atvinnubyltingu 20. aldar. Það er og stærsta safn atvinnutækja frá sjávarútvegi á Suðurlandi, jafnt hvað varðar gömul fiskiskip og öll áhöld tengd sjávarútvegi fram að því að útgerð frá brimsöndum Suðurlands lagðist niður. Samgöngusafnið í Skógum er einstakt, tekur yfir 200 ára tímabil (1800-2000). Í Skógum er annað stærsta handritasafn landsins hvað varðar landbúnaðarhætti, safn Þórðar Tómassonar, sem myndi koma að notum fræðasetri í Skógum ef upp yrði sett. Byggðasafn og Héraðsskjalasafn í Skógum eiga markvert safn handrita, bóka og skjala sem nýtast myndi slíkri stofnun. Bókasafn Þórðar Tómassonar á og margt markverðra handbóka í þjóðháttáfræði. Rannsóknir varðandi byggðasögu yrðu mjög ráðandi á fræðasetri í Skógum. Tómas Birgir Magnússon hefur staðsett meira en 50 yfirgefin bæjarstæði undir Eyjafjöllum, sum þeirra þekkti aðeins einn maður. Þetta er starf sem þyrfti að ná yfir allt Suðurland.

Skógasafn fær 35 þúsund gesti á ári. Meirihluti þeirra eða um 2/3 eru erlendir ferðamenn, en Íslendingum fer þó fjölgandi. Safnið rekur kaffihús og safnverslun. Rekstur safnsins fellur því undir það sem kallað er menningartengd ferðaþjónusta enda fær það megnið af rekstrartekjum sínum af aðgangseyri og ferðaþjónustu. Beinir rekstrarstyrkir nema einungis um 1/20 af tekjum safnsins og koma frá ríki og þeim sveitarfélögum sem eiga safnið. Skógar eru gamalt menningarsetur. Þar var rekinn héraðsskóli, síðar framhaldsskóli, í 50 ár. Skólahúsnæðið stendur að mestu tómt yfir veturinn en er nýtt sem Edduhótel á sumrin. Það er í eigu ríkisins. Þetta húsnæði myndi henta vel til að hýsa fræðasetur sem rekið væri í samstarfi við Skógasafn. Fornleifavernd ríkisins hefur ákveðið að Minjavörður Suðurlands verði staðsettur í Skógum þegar það embætti verður sett á laggirnar. Skógasafn hefur boðið fram aðstöðu (húsnæði og skrifstofuaðstöðu) fyrir minjavörðinn.

Ábyrgð á framkvæmd

Menntamálaráðuneyti, Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands og Skógasafn.

Aðrir þátttakendur

Tilkoma fræðaseturs myndi efla starfsemi Héraðsskjalasafns og Minjavarðar Suðurlands. Sveitarfélög á Suðurlandi, Háskóli Íslands, Þjóðminjasafnið, Fornleifavernd ríkisins, fyrirtæki og stofnanir.

Tímaáætlun

2006-2008.

Kostnaðaráætlun

Um það bil tvö stöðugildi rannsókn- og fræðimanna; miðlun og fræðsla, gestafyrirlesarar 1 – 1,5 ársverk, auk reksturs húsnæðis.

15. Jarðeldasýning á Kirkjubæjarklaustri

Tillaga

Að koma á fót varanlegri jarðeldasýningu á Kirkjubæjarklaustri, í raun nokkurs konar eldfjallamiðstöð. Við sýninguna má hugsa sér að tengja aðrar sýningar til skemmri og lengri tíma, s.s. í tengslum við Gestastofu fyrir Þjóðgarð og t.d. sögusýningu Sláturfélags Suðurlands.

Markmið

Á Jarðeldasýningu á Kirkjubæjarklaustri verði gefin eins heildstæð mynd og kostur er af sögu og eðli jarðelda sem orðið hafa innan héraðsins.

Rök

Kirkjubæjarklaustur er í miðju héraði mestu náttúruhamfara á Íslandi þar sem sagan og umhverfið talar svo skýru máli við hvert fót. Verði þegar í byrjun sýningar lögð áhersla á skýra og áhrifamikla framsetningu og uppbyggingu sem byggist á bestu fánlegu þekkingu og tækni, þannig að þeir sem á sýninguna koma fái með sjón, heyrn og tilfinningu sem raunverulegasta mynd og skynjun af þessum hamförum og afleiðingum þeirra á náttúru og mannlíf. Jafnframt því sem gestir geti þannig fengið í stuttri heimsókn sem skýrasta mynd af áhrifum og afleiðingum jarðelda fyrir land og þjóð þá verði þar fánlegur sem mestur fróðleikur fyrir þá sem dýpra vilja kafa enda náttúran utan dyra hvarvetna opin kennslubók. Til þess að byggja upp þetta umfangsmikla verkefni er nauðsynlegt að fá samvinnu margra stofnana og fyrirtækja til að leggja fram þekkingu, tækni og fjármagn, þar sem hið fámenna hérað hefur fyrst og fremst hinn nauðsynlega grundvöll til að byggja á, þ.e. hið rétta umhverfi og aðra aðstöðu.

Ábyrgð á framkvæmd

Kirkjubæjarstofa, Háskóli Íslands, Skaftárhreppur, Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands, menntamálaráðuneytið, Umhverfisstofnun, Sláturfélag Suðurlands, fagstofnanir sem málið heyrir undir.

Aðrir þátttakendur

Þjóðgarðurinn í Skaftafelli, umhverfisráðuneytið, háskólar, íslenskir og erlendir, Náttúrufræðistofnun, Orkustofnun, Ríkisútvarpið, Vegagerðin, Landsvirkjun, Orkuveita Reykjavíkur, fjármálastofnanir, jarðfræðingar, kvikmyndagerðarmenn, áhugaaðilar, einstaklingar, fyrirtæki og stofnanir.

Tímaáætlun

2005 – 2007.

Kostnaðaráætlun

Horft hefur verið til þess að vista sýninguna í húsnæði Sláturfélags Suðurlands á Kirkjubæjarklaustri. Ekki er á þessu stigi ljóst hver kostnaður er við breytingar á húsnæðinu en gera má ráð fyrir að hönnunarkostnaður sé á bilinu 6-7 mkr. og niðurstaða af þeirri vinnu sé heildarhönnun, heildarkostnaðar- og markaðsáætlun. Starfsmannahald gæti mögulega verið sameiginlega á herðum þeirra aðila sem að verkefninu koma, s.s. Kirkjubæjarstofu, Gestastofu og hugsanlega SS.

16. Tilgátuklaustur á Kirkjubæjarklaustri

Tillaga

Reist verði tilgátuklaustur á Kirkjubæjarklaustri sem næst upprunalegri mynd skv. niðurstöðum fornleifarannsóknna undangenginna ára.

Markmið

Að draga fram einstaka sögu staðarins með ápreifanlegum hætti, auka afþreyingu fyrir ferðamenn og auka líkurnar á að þeir dvelji lengur á Kirkjubæjarklaustri. Með þessu móti er fólki gert kleift að komast í beina snertingu við söguna.

Rök

Aðdráttarafli fyrir ferðamenn þar sem stunduð verður fræðamennska og menning og saga svæðisins frá upphafi byggðar verður kynnt. Áhersla verður lögð á veitingarekstur í anda byggingarinnar og að sá rekstur verði á höndum einkaaðila.

Kirkjubæjarklaustur er í þjóðbraut og mikill fjöldi ferðamanna fer þar um. Saga nunnuklaustursins á Kirkjubæ og nunnanna er sérstaða sem staðurinn hefur byggt á og undanfarin ár hefur verið unnið að rannsóknum á klaustursrústunum. Að gefa ferðamönnum kost á "raunverulegri" upplifun á klausturslífinu mun hafa aðdráttarafli og gefa rannsóknarvinnunni nýjan tilgang. Sú staðreynd að ferðamenn kalla í auknum mæli eftir afþreyingu og að á Kirkjubæjarklaustri hefur fremur verið skortur á afþreyingu styður þörfina fyrir þessari framkvæmd. Staðurinn styrkti gamlar hefðir í matargerð og veitingarekstur þar yrði í anda gamalla hefða og jafnvel mætti hugsa sér þar fram borinn sérframleiddan Klaustursbjór.

Ábyrgð á framkvæmd

Kirkjubæjarstofa, Skaftárhreppur, dóms- og kirkjumálaráðuneytið, menntamálaráðuneytið, Umhverfisstofnun og Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands.

Aðrir þátttakendur

Kapólska kirkjan á Íslandi, áhugaaðilar, einstaklingar, fyrirtæki og stofnanir.

Tímaáætlun

2007 – 2010.

Kostnaðaráætlun

Ógjörningur er að meta kostnað við framkvæmdina fyrr en vinna við rústarannsóknir klaustursins er lengra á veg komin. Starfsmannahald yrði hugsað í höndum veitingarekstraraðila en rannsókn- og fræðavinna öll í höndum Kirkjubæjarstofu.

17. Strandsögusafn Íslands í Vík

Tillaga

Komið verði á fót Strandsögusafni Íslands í Vík í tengslum við þann safnagrunn sem fyrir er á staðnum, þ.e. Brydebúð o.fl. (Skaftfellingur, Halldórsverslun, björgunarsafn Landsbjargar)

Markmið

Fjölga afþreyingartækifærum á landsbyggðinni ásamt því að viðhalda menningarlegum þáttum í sögu þjóðarinnar.

Rök

Brydebúð á mikla möguleika. Nú þegar hefur verið lyft Grettistaki varðandi uppbyggingu hússins og framganga Menningarfélags um Brydebúð í þeim málum hefur verið til mikillar fyrirmyndar. Nú er húsið að mestu fulluppgert. En betur má ef duga skal. Til þess að skapa húsinu fastan rekstrargrundvöll þarf að móta stefnu þess og framtíðarsýn. Brydebúð glímir við harða samkeppni á sviði menningarferðaþjónustu og þarf því að skapa sér ákveðna sérstöðu til að laða að aukinn fjölda ferðamanna og auka samkeppnishæfni sína.

Nú þegar hefur sýningin „Gott strand eða vont . . . “ vakið mikla athygli þeirra sem hana sækja. Sú vinna sem þar hefur verið unnin er góður grunnur fyrir frekari úrvinnslu. Hugmyndin er sú að víkka út þá sýningu frekar og hafa landið allt sem viðfangsefni - að Brydebúð verði gerð að Strandsögusafni Íslands. Stefnt verði einnig að því að reisa fleiri minningarsteina um sjómenn sem fórust eins og verið hefur í umræðunni og komast þannig í nánari tengsl við erlenda aðila sem málið varðar.

Ábyrgð á framkvæmd

Samgönguráðuneyti, sjávarútvegsráðuneyti og Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands.

Aðrir þátttakendur

Háskóli Íslands, Mýrdalshreppur.

Tímaáætlun

2006-2008.

18. Uppbygging safns á Hólmi í Landbroti

Tillaga

Koma á fót lifandi safni byggt á þeirri merku starfsemi sem fram fór í Hólmi á öndverðri 20. öld, en þar var vagma rafvæðingar á Íslandi og fyrsti verknámsskólinn. Endurbæta járnsmiðju og Smíðaskólann í Hólmi.

Markmið

Varðveita stórmerkar menningarminjar og bjarga þeim frá glötun. Skapa afþreyingarkost fyrir ferðafólk.

Rök

Frumkvöðlar að rafvæðingu íslenskra sveita voru skaftfellskir bændur með Bjarna Runólfsson í Hólmi í fararbroddi. Í Hólmi voru smíðaðar hátt á annað hundrað túrbínur, sem Bjarni og lærisveinar hans settu upp út um allt land. Smíðaefnið var járn úr strönduðum skipum, sem túrbínusmiðirnir hlutuðu niður og fluttu til byggða. Járnsmiðja Bjarna er uppistandandi í Hólmi með öllum verkfærum og er nær allt dhreyft frá því Bjarni féll frá fyrir tæpum 70 árum.

Smíðaskólinn í Hólmi var stofnsettur árið 1945 og var fyrsti verknámsskólinn á Íslandi. Búnaðarfélag Íslands, sem fengið hafði Hólmi að gjöf frá ekkju Bjarna, stóð að stofnun skólans og rekstri hans. Nemendur skólans komu alls staðar að af landinu og nutu hagnýtrar kennslu í ýmis konar smíði ásamt bóklegu námi. Flest verkfæra skólans eru enn til, en húsakynni og búnaður liggur fyrir skemmdum verði ekki við brugðist.

Mikill skortur er á afþreyingu fyrir ferðafólk á svæðinu. Framtíð yrði þannig til styrktar ferðaþjónustu svæðisins auk þess að bjarga, að flestra mati, ómetanlegum menningarverðmætum frá glötun. Í Hólmi er einstök náttúrufegurð og sögufrægir staðir allt um kring, svo sem Eldmessutangi, Systrastapi ofl. Staðurinn hefur því allt til að bera til að standa undir nafni sem áhugaverður staður fyrir ferðafólk framtíðarinnar.

Framkvæmdin þarf að vera í góðri samvinnu allra hlutaðeigandi aðila og í sátt ábúanda og eigenda jarðarinnar Hólms.

Ábyrgð á framkvæmd

Þjóðminjasafn Íslands, Skaftárhreppur og eigendur jarðarinnar Hólms.

Aðrir þátttakendur

Iðnaðarráðuneytið, menntamálaráðuneytið, orkufyrirtæki, Búnaðarfélag Íslands og aðrir hugsanlegir styrktaraðilar.

Tímaáætlun

2005 - 2010

Kostnaðaráætlun

Byggir á skoðun og mati ábyrgðaraðila. Hugsanlegt að tengja megi starfsmannahald eldvirknisafni og starfsemi Kirkjubæjarstofu.

19. Alþjóðlegur köfunarskóli í Klettsvík

Tillaga

Nýta fyrrum vistarverur hvalsins Keikó sem vettvangsstöð fyrir alþjóðlegan köfunarskóla. Stofnaður verður Köfunarskóli Suðurlands með aðstöðu í Klettsvík, Vestmannaeyjum.

Markmið

Laða að áhugafólk um köfun og líffræðinga sem vilja læra aðferðafræði við rannsóknir neðansjávar. Með köfunarskólanum opnast alveg nýr og áhugaverður vettvangur bæði í kennslu og afþreyingu í Eyjum. Um er að ræða stóran markhóp um víða veröld og er Ísland mjög framandi og spennandi kostur fyrir þennan hóp ferðamanna. Markmið Köfunarskólans er að mennta sportkafara, kenna aðferðafræði í rannsóknarköfun og að skipuleggja köfunarferðir fyrir ferðamenn.

Rök

Keikóstofnunin lét á sínum tíma reisa íburðarmikla kví í Klettsvíkinni þar sem hvalurinn Keikó hafðist við á meðan unnið var að því að búa hann undir frelsi úti á heimshöfunum. Uppsetning kvíarinnar var kostnaðarsöm enda var vandað til verksins í frágangi hennar. Eftir að Keikó hvarf á braut keyptu athafnamenn hér í Eyjum kvína og hófu tilraunir með áframeldi á þorski. Þeirri starfsemi lauk árið 2003 og hefur kvíin verið verkefnalaus síðan. Kvíin er kjörin til þess að nota sem vettvangsstöð fyrir alþjóðlegan köfunarskóla. Með lítils háttar breytingum á kvínni er hægt að setja upp aðstöðu fyrir verklega kennslu um meðferð og umgengni á köfunarbúnaði og öðrum sértækari búnaði.

Nemendur munu síðan fara í fjölbreyttar köfunarferðir út frá kvínni. Klettsvíkin, og Vestmannaeyjar allar, bjóða upp á fjölbreytta möguleika fyrir sportkafara. Þar má nefna þverhnipta klettaveggi, fjölbreytt dýralíf, þaraskóga og hella. Í Vestmannaeyjum búa og starfa nú þegar reyndir kafarar með öll tilskilin kennsluréttindi. Með tilkomu kafaraskólans yrðu til eitt til tvö störf fyrir kafara í fjóra til fimm mánuði á ári. Þar fyrir utan nyti ferðapjónustan öll góðs af því að þjónusta köfunarnemana með húsnæði, fæði og annarri þjónustu.

Ábyrgð á framkvæmd

Sætak ehf., Rannsókn- og fræðasetur Vestmannaeyja, ferða- og markaðsfulltrúi Vestmannaeyja, Kví ehf., kafarar í Eyjum, Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands og Markaðs- og menningarfulltrúi Vestmannaeyjarbæjar.

Aðrir þátttakendur

Ferðamálaráð Íslands og Sportkafarafélagið.

Tímaáætlun

Nauðsynlegar framkvæmdir fara fram á tímabilinu febrúar – maí 2007. Starfsemi köfunarskólans hæfist í maí 2007.

Kostnaðaráætlun

Breytingar og endurbætur á kvínni kr. 2 milljónir. Loftpressa og búnaður fyrir fimm til átta kafara kr. 2,5 millj. Stofnkostnaður er því samtals um 4,5 milljónir. Kvíin verður tekin á leigu með skilmála um forkaupsrétt og bátur verður einnig tekinn á leigu.

20. Uppgröftur gosminja – Pompei Norðursins

Tillaga

Uppgröftur gosminja úr gosösku frá Heimaeyjargosinu 1973.

Markmið

Grafa upp allt að tíu húsum sem hulin hafa verið ösku síðan í Vestmannaeyjargosinu 1973. Í fyllingu tímans mun rísa þorp minninganna eða "Pompei Norðursins" sem gera mun gossöguna sýnilegri og áþreifanlegri og auka aðdráttarafl Vestmannaeyja sem ferðamannastaðar.

Rök

Eldgosið í Vestmannaeyjum árið 1973 telst án efa til stærri náttúruhamfara Íslandssögunnar. Gosið hófst þann 23. janúar 1973 á Heimaey, einu byggðu eyjunni í Vestmannaeyjaklasanum. Það stóð yfir í rúmlega fimm mánuði og á tímabili var mikil óvissa um það hvort nokkurn tímann yrði aftur mannbyggð í Eyjum. Fregnir af gosinu, sem eyðilagði hluta byggðarinnar og breytti landslaginu í Vestmannaeyjum svo um munaði, fóru um heimsbyggðina og þegar því lauk flykkust ferðamenn og vísindamenn alls staðar að úr heiminum á staðinn til þess að sjá með eigin augum hvers náttúruöflin eru megnug.

Nú eru liðin rúm 30 ár frá gosinu og minningin sem og ummerki hinna gífurlegu spjalla, sem það vann á eigum Eyjabúa, eru smám saman að mást út. Hraun og aska gossins grófu undir sig á fjórða hundrað hús og byggingar.

Verkefnið sem fengið hefur "vinnuheitið" Pompei Norðursins er hugsað til þess að hlúa að gosminjunum og gera þær sýnilegri. Segja má að hér sé á ferðinni einstakt verkefni í nútíma fornleifauppgreftri, sem á sér fáar, ef einhverjar hliðstæður. Framkvæmdir hófust sl. sumar, en þetta er vandasamt og metnaðarfullt verkefni sem unnið verður að næstu árin. Nú þegar er farið að sjást í fyrsta húsið sem stóð við Suðurveg 25 og næsta skref er að grafa niður á Suðurveg og meðfram götunni. Stefnt er að því að í fyllingu tímans rísi eins konar þorp minninganna, sem sýni á áhrifamikinn hátt hvernig náttúruöflin fóru með heimili fólks. Verkefnið er nú þegar farið að vekja mikinn áhuga fjölmíðla, ferðamanna og vísindamanna hérlendis og erlendis. Það þykir einstök upplifun að fylgjast með rísi Pompei á norðurslóðum, á öllum stigum verkefnisins. Pompei verkefnið skapar tíu störf í fimm mánuði næstu fimm árin og þar eftir tvö til þrjú heilsársstörf.

Ábyrgð á framkvæmd

Vestmannaeyjabær, Markaðsfulltrúi Vestmannaeyjabæjar, Menningar- og tómstundaráð Vestmannaeyjabæjar, Umhverfis og skipulagssvið Vestmannaeyja og Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands og Markaðs- og menningarfulltrúi Vestmannaeyjabæjar.

Tímaáætlun

Stefnt er að verklokum haustið 2010.

21. Endurbygging Herjólfsbæjar í Herjólfsdal

Tillaga

Byggja upp langhús og gripahús í anda bæja landnámsaldar. Fyrirmyndin að húsgerðinni er 10. aldar bær úr rústabyrpingu Herjólfsbæjar í Herjólfsdal sem grafnar voru upp 1924 og 1981.

Markmið

Herjólfur Bárðarson, sem rústirnar eru kenndar við og bjó þar, var fyrsti landnámsmaður í Vestmannaeyjum. Markmiðið er að byggja upp eftirlíkingu af bænum í þeim tilgangi að varðveita þessa merku sögulegu heimild og um leið auka aðdráttarafli Eyjanna, ekki bara fyrir ferðamenn, heldur einnig fyrir námsmenn. Herjólfsbærinn mun vafalaust nýtast vel til að kynna betur sögu Eyjanna fyrir skólabörnum í Eyjum sem og annars staðar.

Rök

Vestmannaeyjar hafa verið byggðar allt frá viðurkenndu landnámi Íslands og einnig eru kenningar um byggð í Herjólfsdal um 100 árum fyrr. Allt of lítið er til af sjáanlegum heimildum frá upphafi Íslandsbyggðar og í raun hafa aðeins tveir bæir verið byggðir í stíl þessa tímabils á undan Herjólfsbænum, þ.e. bærinn á Stöng í Þjórsárdal og Eiríksbærinn í Haukadal í Dalasýslu. Um alllangt skeið var bæði tíma og peningum varið í að rannsaka minjar í Herjólfsdal. Allar endurbyggingar bæja frá upphafi Íslandsbyggðar eru tilgátuhús, byggðar ýmist eftir ákveðnum rústmálum eða í anda kunnra rústa frá þessu skeiði byggingar. Nýi Herjólfsbærinn byggir að útliti og lögun á rústum í Herjólfsbæjabyrpingunni frá 10. öld, en er stækkaður til þess að hann nýtist sem best sem sýningahús um upphaf Íslandsbyggðar og til nota sem kunna að fylgja slíkum húsum. Nýta má Herjólfsbæ á ýmsan hátt, en sérstök áhersla verður lögð á að þar verði lífleg starfsemi á sviði sagna, leiklistar og tónlistar.

Ábyrgð á framkvæmd

Herjólfsbæjarfélagið.

Aðrir þátttakaendur

Ræktunarsamband Flóa og Skeiða, Gámaþjónusta Suðurlands, Samskip.

Tímaáætlun

Framkvæmdir hófust í október 2005 og ljúka í júlí 2006.

Kostnaðaráætlun

24 milljónir með framlögum og styrkjum í ýmist fjármagni eða vinnuframlagi. Þar af eru til í sjóði 6.5 milljónir, en með veglegum styrk nokkurra verktaka verður öllum vegghleðslum lokið fyrir næsta vor innan þess fjármagns sem til er. Þá er eftir timburvirki og þakfrágangur.

Sótt er um styrk til fjárlaganefndar fyrir árið 2006 til seinni áfanga verkefnisins.

Áætlað er að um 18 millj.kr. vanti til verksins til þess að ljúka því að fullu.

22. Tyrkjaránið, sögusetur og safn

Tillaga

Stofnað verður sögusetur með sýningaraðstöðu fyrir safnmuni og leikverk frá Tyrkjaráninu. Nú þegar er vísur að slíku setri í Dalabúinu í Vestmannaeyjum og mun setrið byggja á þeirri aðstöðu sem er þar fyrir.

Markmið

Að skapa Tyrkjaráninu, einum átakanlegasta kafla í sögu Vestmannaeyja, viðeigandi vettvang með safni og sögusetri í Dalabúi. Saga Tyrkjaránsins og fórnarlamba þess verður rakin og sviðsett með listaverkum, munum, frásögnum, leikmyndum og leikritum. Skapað verður aðlaðandi umhverfi í kringum Dalabúið og auk safnsins sjálfs verður í húsinu veitingastaður sem sérhæfir sig í austurlensku kaffi og smáréttum.

Rök

Söguslóðir Tyrkjaránsins fara ekki framhjá neinum ferðamanni sem kemur til Vestmanneyja, því þeir eru margir staðirnir þar sem hinir illræmdu sjóræningjar skildu eftir sig blóðuga og sviðna jörð. Ræningjarnir myrtu 36 manns og tóku 242 til fanga og seldu á þrælumörkuðum í Algeirsborg. En þó sögustaðirnir séu margir hefur vantað einn stað þar sem að sagan öll er sögð og stílfærð. Hvaða fólk var þetta? Hverjir voru myrtir? Hverjir fluttir á brott? Hver urðu örlög þeirra sem seldir voru í ánauð? Í Dalabúinu er hægt að gera fullkomna aðstöðu til að leyfa ferðamönnum og öðru söguáhugafólki að skyggjast inni þennan heim. Nú þegar hefur áhugafólk búið til leikmyndir í Dalabúinu og settar hafa verið upp smærri sýningar þar sem sögur fórnarlambanna eru rifjaðar upp í einni álmu hússins. Með því að ljúka nauðsynlegum framkvæmdum á húsinu er hægt að fara þangað með allar minjar sem til eru um Tyrkjaránið. Þar með opnast nýr og aðlaðandi viðkomustaður í Eyjum.

Ábyrgð á framkvæmd

Áhugamannafélag um Tyrkjaránssafnið í Dalabúi og Byggðasafn Vestmannaeyja og Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands og Markaðs- og menningarfulltrúi Vestmannaeyjarbæjar.

Aðrir þátttakendur

Leikfélag Vestmannaeyja, Upplýsingamiðstöð ferðamanna í Vestmanneyjum, Ferðamálaráð Íslands, Ferðaþjónustan í Vestmannaeyjum.

Tímaáætlun

Fyrsta áfanga hússins má opna vorið 2006. Endanleg verklok vorið 2007.

Kostnaðaráætlun

70 milljónir.

Matvælaframleiðsla og sjávarútvegur

Sú umræða sem nú er í gangi um mikilvægi klasa er sennilega ekki eins ný fyrir Íslendinga eins og fyrir íbúa margra annarra landa Evrópu. Um áratugaskeið voru stór og voldug fyrirtæki á Íslandi sem byggðu á svipaðri hugmyndafræði, enda þótt þau væru ekki kallaðir klasar. Dæmi um þau eru fyrirtæki eins og SÍF, SH og fleiri í svipuðum rekstri og jafnvel mætti nefna kaupfélögin og SÍS, en þau voru þó formlega byggð á hugmyndafræði samvinnustefnunnar, sem var nokkuð útbreidd um hluta Evrópu á sínum tíma. Nokkur stór og sterk fyrirtæki eru ennþá starfandi á Suðurlandi, sem byggjast á svipaðri hugmyndafræði og klasakenningar nútímans. Þar má nefna MS á Selfossi og SS á Selfossi, sem bæði bera höfuð og herðar yfir önnur fyrirtæki í svipuðum rekstri hérlendis.

Við undirbúning vaxtarsamnings fyrir Suðurland hefur þess vegna ekki komið á óvart, að minni þörf og minni áhugi er á klasasamstarfi í matvælageiranum en t.d. í ferðaþjónustu, enda eru framleiðendur og fyrirtæki í matvælageiranum í sterku samstarfi fyrir.

Rétt er þó að geta þess, að engin stærðarmörk eru talin á hugsanlegu klasasamstarfi fyrirtækja. Því kann vel að vera að hin stóru fyrirtæki, sem fyrir eru á markaðnum í dag, sjái sér hag í því að taka upp þess háttar samstarf við önnur fyrirtæki þegar fram líða stundir. Þannig samstarf er sjálfsgagt til staðar í dag. Í sjávarútveginum er dálítið sérstök staða í landshlutanum. Það eru örfá stór fyrirtæki og vitanlega nokkur minni. Þau hafa sýnt áhuga á því að nýta sér hugmyndafræði klasans til að taka upp markvisst samstarf um útflutning. Það er vissulega áhugaverð hugmynd. Fyrri samstarf á því sviði hérlendis reyndist hagkvæmt og heilladrjúgt og vel má vera að komið sé að kaflaskiptum á ný og klasasamstarf á sviði útflutnings fiskafurða af Suðurlandi geti orðið hagkvæmt.

23. Tilbúnir réttir fyrir fyrirtækja- og stofnanamarkað

Tillaga

Komið verði á fót verkefni sem lýtur að þróun og rannsóknum á fyrirtækja- og stofnanamarkaði á tilbúnum réttum, þ.e. grunnskólum, leikskólum, mótuneytum o.þ.h.

Markmið

Að samræma rannsóknar- og þróunarstarf í sunnlenskum matvælaíðnaði fyrir tilbúna rétti til stórneytenda. Að leita leiða til að veita heildarlausnir í framleiðslu og framreiðslu slíkra rétta. Að Suðurland og sunnlenskir matvælaframleiðendur verði leiðandi í framleiðslu, þróun og lausnum á sviði tilbúinna rétta. Að auka veg sunnlenskrar matvælaframleiðslu.

Rök

Á Suðurlandi eru nokkur stærstu fyrirtæki landsins á sviði matvælaframleiðslu, s.s Sláturfélag Suðurlands, Reykjagarður, MS hf. Þykkvabæjarkartöflur, Flúðasveppir, Kjörís, fiskframleiðendur á Suðurlandi, mörg bakarí, auk ýmissa smærra fyrirtækja vítt og breitt um Suðurland. Ekkert samstarf er í gangi milli þessara fjölmörgu fyrirtækja í þeim tilgangi að þróa heildarlausnir í tilbúnum réttum. Kröfur stórnotenda í tilbúnum réttum eru miklar, s.s. kröfur um stöðuga þróun, sífellt aukna fjölbreytni og betur útfærðar heildarlausnir. Útvegum hráefnis, eldun matar, flutningur, skömmun, uppvask, gæðaeftirlit, næringarútreikningar, innheimta, útvegum á leirtaui ofl. eru meðal krafna viðskiptavina. Heildarlausnin felur í sér samstarf margra aðila og mætti útvíkka í klasasamstarf.

Verkefnið gæti leitt til aukinnar sérhæfingar í landbúnaði, stækkunar og sérhæfingar í mjólkurframleiðslu og jafnvel sauðfjárrækt. Einnig til aukinnar tæknivæðingar í atvinnugreininni.

Einnig mætti auka menntunarstig í matvælaíðnaði og úrvinnslu landbúnaðarafurða í kjölfar verkefnisins.

Ábyrgð á framkvæmd

Fyrirtæki í matvælavinnslu á Suðurlandi, hráefnisframleiðendur á Suðurlandi og aðilar sem tengjast verkefninu.

Aðrir þátttakendur

Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands, landbúnaðarráðuneyti, sjávarútvegsráðuneyti, menntamálaráðuneyti, sveitarfélög og aðilar sem tengjast matvælaíðnaði.

Tímaáætlun

Verkefninu verði komið á fót 2006. Markmið verkefnisins er að koma á fót samstarfi þátttakenda.

Kostnaðaráætlun

Miðað er við laun eins starfsmanns, sérfræðings á sviði matvælaframleiðslu sem stýrði samræmingu og klasasamstarfi þátttakenda verkefnisins. Heildarkostnaður um 10 mkr. á ári.

24. Þróun samstarfs til eflingar bleikjuframleiðslu

Tillaga

Efling bleikjuframleiðslu meðal annars með starfrækslu klak- og seiðaeldisstöðvar í Skaftárhreppi.

Markmið

Að í Skaftárhreppi verði áfram ræktuð bleikja á heimsmælikvarða, til manneldis og að allir ferlar framleiðslunnar verði á svæðinu.

Rök

Fyrirtækið Glæðir ehf. er vaxandi fyrirtæki sem framleiðir bleikjuafurðir undir vörumerkinu Klausturbleikja, sem orðið er landsþekkt fyrir gæði og hefur vakið mikla athygli víða um heim enda skilyrði til bleikjueldis líklega þau bestu sem þekkjast í heiminum. Seiði til framleiðslunnar hefur fyrirtækið sótt út fyrir sveitarfélagið því seiðaframleiðsla hefur ekki verið um langt skeið á svæðinu. Helstu ástæður fyrir því að seiði eru ekki ræktuð á svæðinu er sú að heitt vatn eða mikið rafmagn þarf til framleiðslunnar. Hitaveita er ekki á svæðinu og rafmagn er dýrt. Horfur eru á því að innan fárra ára verði hitaveita að raunveruleika á svæðinu og jafnframt hefur seiðaeldisstöðin í Tungu í Landbroti verið endurbyggð og unnið er að endurbótum á rafstöð í Tungulæk, sem í framtíð mun sjá stöðinni fyrir ódýrri raforku til slíkrar framleiðslu. Áhugavert væri að sjá klasasamstarf myndast milli Hólaskóla, sem fremstir eru í framleiðslu bleikjuseiða á Íslandi, Tungulax ehf. og Glæðis ehf. sem stuðlað gæti að útflutningi hágæðaframleiðslu bleikjuafurða.

Ábyrgð á framkvæmd

Skaftárhreppur og Glæðir ehf. og Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands.

Aðrir þátttakendur

Tungulax ehf. og Háskólinn á Hólum.

Tímaáætlun

2007 - 2009

Kostnaðaráætlun

Gert er ráð fyrir tveggja ára tilraunatímabili og einu heilsársstarfi. Heildarkostnaður gæti verið um 12 mkr.

25. Eldi á óhefðbundnum sjávardýrum

Tillaga

Setja upp aðstöðu fyrir tilraunaeldi á óhefðbundnum sjávardýrum, í samstarfi við Náttúrugripa- og fiskasafn Vestmannaeyja.

Markmið

Að koma upp aðstöðu fyrir eldistilraunir á óhefðbundnum tegundum. Markmiðið með aðstöðunni er að stuðla að nýjungum í eldistækni, kanna möguleikann á ræktun óhefðbundinna tegunda og styðja við starfsemi Náttúrugripa- og fiskasafns Vestmannaeyja. Aðstaðan mun einnig nýtast til kennslu og fyrir háskólanema í rannsóknatengdu framhaldsnámi.

Rök

Í Rannsókn- og fræðasetrinu í Vestmannaeyjum er til staðar mikil þekking á líffræði sjávardýra og eldi almennt en aðstöðu hefur skort til þess að ala og framkvæma tilraunir með lifandi sjávardýr. Náttúru- og sædyrasafnið í Vestmannaeyjum hefur einnig búið við þröngan kost og vantað aðstöðu bæði til sýninga og geymslu á lifandi sjávardýrum. Uppbygging slíkrar tilraunaaðstöðu myndi því geta nýst báðum þessum aðilum vel.

Skilyrði til eldis sjávardýra eru góð í Vestmannaeyjum þar sem sjávarhiti er meiri en víðast hvar við strendur Íslands og aðgengi að sjó úr borholum er gott. Einnig er til staðar nægt húsnæði og orka til dælingar. Hugmyndir eru þegar í gangi um eldi á bæði leturhumri (*Nephrops norvegicus*) og Evrópuhumri (*Homarus gammarus*). Þá gefur nálægðin við gjöful humarmið úti fyrir Suðurlandi t.d. möguleika á hafbeit af ýmsu tagi, hvort sem er til styrkingar stofninum eða í hagnaðarskyni. Sömu rök gilda flest varðandi eldi á ígulkerum, sæeyrum og fleiri óhefðbundnum tegundum.

Ábyrgð á framkvæmd

Rannsókn- og fræðasetrið í Vestmannaeyjum, Náttúrugripa- og fiskasafn Vestmannaeyja og Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands.

Aðrir þátttakendur

Vinnslustöðin hf., Ísfélag Vestmannaeyja hf., Rannsóknþjónusta Vestmannaeyja ehf.

Tímaáætlun

Hægt er að hefja starfsemi árið 2006 og vera kominn í fullan rekstur árið 2012.

Kostnaður

Ef aðstaðan er byggð upp sem hluti af aðstöðu Náttúrugripa- og fiskasafns Vestmannaeyja - 30 milljónir.

26. Þróunar-, markaðs- og sölumiðstöð sjávarafurða í Vestmannaeyjum

Tillaga

Uppbygging þróunar-, markaðs- og sölumiðstöðvar sjávarafurða í Vestmannaeyjum.

Markmið

Að auka vinnslustig og virðisauka sjávarafurða. Að kortleggja veiðar og vinnslu sjávarafurða í Vestmannaeyjum og möguleika til nýtingar á þeim tegundum og aukaafurðum sem falla til við vinnsluna. Að kortleggja og kanna markaði fyrir óhefðbundnar tegundir, afurðir og aukaafurðir. Að nálgast markaði fyrir sjávarafurðir frá Vestmannaeyjum með beinum hætti og stuðla þannig að hraðari upplýsingaskiptum milli framleiðenda og markaðar. Að þróa framleiðslu á hráefni (s.s. marning) og tilbúnum heilsuréttum úr sjávarfangi á neytendamarkað innanlands og erlendis. Að auka neyslu Íslendinga á hollum fiskréttum og stuðla að hollu mataræði.

Rök

Í Vestmannaeyjum er til staðar gríðarleg þekking á veiðum og vinnslu sjávarafurða. Þrátt fyrir það fer stærstur hluti landaðs afla úr landi á frumvinnslustigum (ferskur eða frosinn). Það er því mjög mikilvægt fyrir sjávarútveginn að auka verðmæti afurðanna með bættri nýtingu og auknu vinnslustigi.

Manneldisráð hefur lagt til að landsmenn neyti fisksmáltilfíða tvisvar til þrisvar í viku. Fiskneysla Íslendinga hefur í raun minnkað verulega undanfarin ár og er neyslan í dag lítið meiri en í mörgum nágrannaríkjum okkar. Það er því mjög mikilvægt að auka framboð á næringarríkum, spennandi, einföldum og fljótlegum fiskréttum, hvort sem er kældum eða frystum.

Vörumerkið “Grímur Kokkur” er orðið nokkuð þekkt innanlands og framleiðir vörur sem hafa verið þróaðar sem heilsuvörur í samvinnu við Manneldisráð og hafa notið mikilla vinsælda. Sem dæmi má nefna að á s.l. ári voru framleidd um 90 tonn af fullunnum vörum á neytendamarkað undir vörumerkinu. Nýlega hafa opnast möguleikar á útflutningi á fullunnum réttum undir vörumerkinu “Grímur Kokkur” og er verið er að kanna markaðsaðstæður og kaupendur í Skandinavíu. Náist samningar um útflutning gæti verið um að ræða töluvert magn og til þess að tryggja nægt hráefni til framleiðslunnar þarf að koma til samstarf bæði hráefnisaðila og framleiðenda.

Hugmyndir hafa verið uppi um að hefja framleiðslu á marningi úr kolmunna og gulllaxi til notkunar sem hráefni við frekari vinnslu og til útflutnings. Fortilraunir þar að lútandi skiluðu góðum árangri. Víða, eins og t.d. í Asíu (Japan, Kína, Kóreu) eru markaðir fyrir afurðir, sem við erum að miklum hluta að henda í dag, s.s. svil, fiskmagar, roð ofl. Norskar rannsóknir sýna að fjárhagslegur ávinningur norskra fiskverkenda af hagnýtingu aukaafurða til manneldis getur numið á bilinu 2,5-10% af veltu fyrirtækjanna.

Ábyrgð á framkvæmd

Vinnslustöðin hf., Ísfélag Vestmannaeyja hf., Grímur Kokkur ehf., Rannsóknþjónustan í Vestmannaeyjum, Manneldisráð, Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands.

Aðrir þátttakendur

Önnur sjávarútvegsfyrirtæki, Vestmannaeyjabær.

Tímaáætlun

Gert er ráð fyrir að starfsemi geti hafist í ársbyrjun 2006.

Kostnaður

Gert er ráð fyrir að stofnkostnaður sé um 10 milljónir króna og er þar um að ræða skrifstofu og húsnæði sem hentar til tilraunaframleiðslu auk nauðsynlegs tækjabúnaðar. Auk þess er gert ráð fyrir tveimur nýjum stöðugildum og er áætlaður kostnaður við hvort um 6 milljónir króna á ári.

27. Vinnsla aukaafurða úr sjávarfangi

Tillaga

Uppbygging rannsóknamiðstöðvar á vinnslu aukaafurða, meðafla og vannýtttra tegunda.

Markmið

Að Vestmannaeyjar verði í fremstu röð í rannsóknum, þróun og markaðssetningu á verðmætum vörum úr aukaafurðum, meðafla og vannýttum tegundum í sjávarútvegi. Að byggja upp rannsóknáæðstöðu í samstarfi við sjávarútvegsfyrirtæki, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, annarra rannsóknastofnana og bæjaryfirvalda í Vestmannaeyjum til að sinna grunnrannsóknum á aukaafurðum, s.s. slógi, afskurði og bræðslufiski, vöruþróun á grunni þeirra rannsókna og markaðsrannsóknum og markaðssetningu afurðanna. Að nýta niðurstöður rannsókna við atvinnuuppbyggingu. Að tvöfalda útflutningstekjur af sjávarafurðum á næstu 5-10 árum.

Rök

Í Eyjum er gríðarleg reynsla og þekking á veiðum og vinnslu sjávarafurða og Eyjamenn hafa yfir að ráða um 10 prósentum aflaheimilda þjóðarinnar. Á undanförunum árum hefur störfum í sjávarútvegi fækkað mikið og er þar einkum um að ræða störf í landi. Ýmsir ytri þættir valda þessari þróun, m.a. markaður fyrir ferskar, lítið unnar afurðir og samkeppni frá löndum með ódýrara vinnuafli. Því er hæpið að ætla að störfum muni fjölga í hefðbundinni fiskvinnslu í Eyjum. Sjávarútvegur í Vestmannaeyjum snýst því að miklu leyti um hráefnisöflun og er hann þannig staðsettur neðst í virðiskeðju sjávarafurða. Sóknarfæri Eyjamanna liggja í að komast ofar í virðiskeðjunni. Það er hægt með markvissum rannsóknum, vöruþróun og markaðsstarfi. Á síðustu árum hafa vísindamenn í auknum mæli þróað verðmætar vörur úr aukaafurðum með afla og hefur Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins skipað sér þar í fremstu röð. Mikilvægt er að Vestmannaeyjar verði með í forystu á þessu sviði til að tryggja að sú þekking og reynsla sem Eyjamenn hafa á sviði sjávarútvegs nýtist við að þróa atvinnugreinina úr hráefnisöflun í hátækniðnað.

Árið 2001 voru heildarútflutningstekjur af sjávarafurðum rúmlega 130 milljarðar króna. Því má áætla að hlutur Vestmannaeyja sé um 13 milljarðar. Af þessum 130 milljörðum voru tekjur af aukaafurðum á borð við lýsi, hausa og hrogn aðeins um 6 milljarðar, eða tæplega 5%, og tekjur af líftækni, s.s. ensímum og próteinum aðeins um 300 milljónir, eða 0,2%. Í skýrslu stýrihóps sjávarútvegsráðherra, um aukið verðmæti sjávarfangs, svokallaðri AVS skýrslu, sem kom út árið 2002, er gert ráð fyrir að innan tíu ára hafi útflutningstekjur af aukaafurðum aukist um 400%, í 24 milljarða og um 4000% í líftækni, í 11 milljarða.

Nái Vestmannaeyjar til sín fjórðungi þessa vaxtar þýðir það aukningu útflutningstekna um rúmlega 7 milljarða á ári. Að auki er gert ráð fyrir að slíkar rannsóknir skili auknum verðmætum í hefðbundnari vörum. Þarna yrði um að ræða hreina viðbót við núverandi útflutning frá Eyjum og því lætur nærri að hægt væri að tvöfalda útflutningstekjur Eyjamanna með því einu að nýta betur þann afla sem þegar kemur að landi. Margfeldisáhrifin yrðu gífurleg og fjölgun starfa umtalsverð.

Ábyrgð og framkvæmd

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins ber ábyrgð á skipulagi og framkvæmd verkefnisins í samstarfi við aðrar stofnanir og fyrirtæki innan Rannsókn- og fræðaseturs Vestmannaeyja, sjávarútvegsfyrirtæki og bæjaryfirvöld í Vestmannaeyjum og Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands.

Tímaáætlun

Gert er ráð fyrir að viðskiptaáætlun fyrir miðstöðina verði tilbúin í lok árs 2005. Starfsemi getur hafist í ársbyrjun 2006 og gert er ráð fyrir að hún standi undir rekstri með styrkfé og sólu afurða árið 2009.

Kostnaðaráætlun

Áætlaður stofnkostnaður er 15-20 milljónir króna. Um er að ræða húsnæði sem hentar undir tilraunaframleiðslu auk nauðsynlegs tækjabúnaðar. Gert er ráð fyrir tveimur nýjum stöðugildum til viðbótar þeim sérfræðingum innan Rannsókn- og fræðaseturs Vestmannaeyja sem koma að verkefninu. Áætlaður kostnaður við hvert stöðugildi er um 8 milljónir króna á ári.

Samgöngur

Aukin alþjóðavæðing og aukin samkeppni krefst í auknum mæli samkeppnishæfra starfsskilyrða fyrir atvinnulíf – m.a. hvað innri gerð þjóðfélagsins varðar s.s. varðandi greiðfærar samgöngur allt árið um kring innan sem og á milli þéttbýliskjarna og til hinna einstöku landshluta. Staðsetning útflutningshafna og alþjóðaflugvalla dregur taum þeirra svæða sem eru í nágrenni þeirra og vinnur þar með að nokkru leyti óhjákvæmilega gegn landfræðilegri dreifingu atvinnugreinar s.s. fiskvinnslu.

Þessi áhrif hafa orðið sterkari á síðari árum eftir því sem sérhæfing í fiskvinnslu og áhersla á ferskfiskmarkaði hefur aukist. Með auknum landflutningum hafa vegir mun meiri áhrif á samkeppnishæfni svæða en áður og því afar mikilvægt að til staðar séu góðar heilsársamgöngur til hinna einstöku svæða.

Skýr áhrif bættra samgangna má t.d. sjá af áhrifum Hvalfjarðarganga sem stuðlað hafa að verulegri hækkun fasteignaverðs á Vesturlandi. Ávinningur góðra samgangna er ekki bara ávinningur íbúa viðkomandi svæðis, heldur og ekki síður allra þeirra sem um það svæði fara, íbúa þéttbýlis sem dreifbýlis.

Auknir landflutningar og mikil og vaxandi ferðaþjónusta um allt land gerir á sama tíma kröfur um “samkeppnishæfa” heilsársvegi til og innan hinna einstöku svæða. Skilvirkt samgöngukerfi er því ein af meginforsendum fyrir samkeppnishæfu atvinnulífi sem og hagvexti viðkomandi svæða og þar með landsins alls.

Mikilvægi samgangna hefur vaxið gríðarlega á undanförunum árum og kemur þar margt til, stóru auknir vöruflutningar, fjölgun ferðamanna, stækkun atvinnusvæða o.fl. Atvinnulífið hefur breyst verulega og krefst þess að möguleikar á að fara á milli staða með skjótum og öruggum hætti séu fyrir hendi. Einnig er augljóst að góðar samgöngur hafa mikla þýðingu fyrir þróun byggðar í landinu og mikilvægt er að verja fjármunum til að bæta samgöngur til staða sem gegna mikilvægu efnahagslegu hlutverki fyrir þjóðfélagið í heild.

Þá eru úrbætur í samgöngumálum ekki síst mikilvægar til að tryggja aukið umferðaröryggi. Samgönguframkvæmdir eru þegar á heildina er litið hagkvæmar fyrir þjóðfélagið og draga þegar allt kemur til alls úr rekstrarútgjöldum hins opinbera, fyrirtækja og almennings.

Með hliðsjón af því gríðarlega aukna álagi sem færsla á vöruflutningum frá sjóflutningum til landflutninga hafði, vakna oft spurningar hvort fjárveitingar til samgöngumála - hvort sem er í dreifbýli eða þéttbýli endurspegli þetta gríðarlega aukna álag af vöruflutningum, aukinni bifreiðaeign, sem og ferðamannastraumi. Þetta verulega aukna álag kemur m.a. skýrt fram í umferð til Suðurlands frá höfuðborgarsvæðinu, þar sem Suðurland er í mörgum tilvikum eins og úthverfi höfuðborgarsvæðisins. Tillögur nefndarinnar endurspeglar þessar áherslur og þróun.

28. Samgöngubætur milli Reykjavíkur og Selfoss

Tillaga

Lagður verði fjögurra akreina vegur milli Selfoss og Reykjavíkur.

Markmið

Að vegtenging við höfuðborgarsvæðið anni þeirri umferð sem til staðar er og geti mætt þeirri auknu umferð sem vísbendingar eru um að verði. Að bæta umferðaröryggi á leiðinni. Að greiða fyrir umferð og stytta ferðatíma á milli svæðanna. Að auka samkeppnishæfni svæðisins í samkeppni við önnur vaxtarsvæði sem liggja að höfuðborgarsvæðinu.

Rök

Færa má rök fyrir því að Selfoss og Hveragerði með nálægu þéttbýlissvæði tilheyri sameiginlegu atvinnu- og búsetusvæði höfuðborgarinnar. Algengt er hjá sambúðarfólki að annar aðilinn sækji vinnu til höfuðborgarinnar, eldri börn sækji þangað framhalds- eða háskólanám. Menning er oft sótt til höfuðborgarinnar og ýmis verslun og þjónusta sömuleiðis. Reikna má með að á annað þúsund manns ferðist daglega á milli svæðanna í tengslum við vinnu og menntun eða afþreyingu.

Landflutningar hafa aukist stórlega í tengslum við að strandflutningar hafa lagst af. Stórframkvæmdir í tengslum við virkjanir hafa hafist með tilheyrandi umferðarþunga. Akstur flutningabíla og þungaflutningar hafa aukið mjög álag á vegakerfið og slit þess. Því er áriðandi að hafist verði handa við framkvæmdir án tafar.

Frístundahúsum í eigu höfuðborgarbúa hefur fjölgað umtalsvert síðustu árin á Suðurlandi og ferðum fjölgað mikið í tengslum við þau. Suðurland er fjölsóttasta ferðamannasvæðið á landinu utan höfuðborgarinnar með flesta fjölsóttustu áfangastaðina.

Rétt er að benda á að úrbætur á Suðurlandsvegi milli Reykjavíkur og Selfoss koma öllum landsmönnum til góða.

Ábyrgð á framkvæmd

Vegagerðin, Alþingi, samgönguráðuneyti.

Aðrir þátttakendur

Sveitarfélög.

Tímaáætlun

Framkvæmdum verði lokið fyrir árið 2009.

Kostnaðaráætlun

Sjá m.a. úttekt Vegagerðarinnar.

Undirtillaga

Ölfusárbrú.

Að hafinn verði undirbúningur að byggingu nýrrar brúar yfir Ölfusá við Selfoss, með það að markmiði að sú brú anni þeirri umferð sem til staðar er og verður um hana í framtíðinni

29. Efnahagsleg áhrif bættra samgangna við Vestmannaeyjar, með áherslu á Bakkafjöru

Tillaga

Að vinna að úttekt á efnahagslegum áhrifum á Suðurlandi við gerð ferjulægis í Bakkafjöru sem gera siglingar milli Vestmannaeyja og Bakka mögulegar.

Markmið

Að meta áhrif ferjulægis í Bakkafjöru á búsetuskilyrði og byggðapróun almennt á Suðurlandi.

Rök

Samgöngutengingum við Vestmannaeyjar er verulega ábótavant. Góðar samgöngur milli Vestmannaeyja og Suðurlands er ein af megin forsendum jákvæðrar byggðapróunar á svæðinu. Á undanförunum árum hafa komið upp ýmsar hugmyndir um úrbætur á samgöngum milli lands og Eyja. Aukin þekking á hafnargerð í sandfjörum auk jákvæðra niðurstaðna úr rannsóknum á þessum möguleika hefur leitt í ljós að sennilegt er að í nánustu framtíð verði ráðist í slíka framkvæmd. Þegar slíkt verður að veruleika er ljóst að efnahagsleg áhrif framkvæmdarinnar í Eyjum og á Suðurlandi eru allnokkur. Mikilvægt er að kortleggja þessi áhrif sem nákvæmast til að hægt verði að ná hámarks arðsemi af framkvæmdunum og auðvelda sveitarfélögum og fyrirtækjum að aðlaga sig að þeim breyttu aðstæðum sem þessar samgönguúrbætur hafa í för með sér.

Ábyrgð á framkvæmd

Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands.

Aðrir þátttakendur

Iðnaðarráðuneyti, samgönguráðuneyti og sveitarfélög á Suðurlandi.

Tímaáætlun

2006- 2007.

Kostnaðaráætlun

6,5 mkr.

30. Uppbygging Kjalveggar – tenging Norður- og Suðurlands

Tillaga

Að leggja heilsársveg um Kjöl, sem tengir saman Suður- og Norðurland.

Markmið

Bæta samgöngur milli Suður- og Norðurlands og stytta ferðatíma milli landsfjórðunganna. Efla tengsl á milli landssvæðanna varðandi skipulagsmál, mennta- og menningarmál, samstarf ferðaþjónustuaðila norðan og sunnanlands og auka framboð á valkostum í ferðaþjónustu.

Rök

Kjalvegur hefur verið að byggjast upp á síðustu árum, og nú vantar aðeins um 86 km. kafla af bundnu slitlagi til að tengja Norður- og Suðurland beint saman, þannig að samgöngur verði sem auðveldastar þar á milli. Vegurinn yrði annar valkostur við þjóðveg 1 um Vesturland. Kjalvegur myndi opna auðveldan aðgang að hálendi landsins og náttúruperlum þar. Ekki er um nýja vegalagningu að ræða heldur vegabætur á núverandi vegastæði, en þar með væri náttúru- og umhverfisverndarsjónarmiða gætt.

Ábyrgð á framkvæmd

Norðurvegur ehf., samgönguráðuneyti og Vegagerðin.

Aðrir þátttakendur

Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands, sveitarfélög á Suðurlandi og Norðurlandi, ferðaþjónustuaðilar norðan- og sunnanlands.

Tímaáætlun

2006 – 2008.

Kostnaðaráætlun

Liggur ekki fyrir.

31. Jarðgöng í gegnum Reynisfjall

Tillaga

Hringvegur um Mýrdal verði lagður um jarðgöng í gegnum Reynisfjall.

Markmið

Að auðvelda samgöngur um Hringveg á Suðurlandi, auka öryggi vegfarenda, draga úr kostnaði við vetrarþjónustu og þungaflutninga og gera veginn hæfan til að taka við núverandi þungaumferð.

Rök

Úr Jarðgangaáætlun frá árinu 2000:

Á Hringveginum á Suðurlandsundirlendi má segja að Reynisfjall sé eina verulega misfellan. Snjór er þar stundum til trafala, og leiðin uppá fjallið að vestanverðu, um svonefnda Gatnabrún, er brott. Oft hefur komið til tals að einfaldast sé að fara gegnum fjallið í tiltölulega stuttum göngum. Eðlilegast væri þá að færa veginn í Mýrdalnum töluvert sunnar og fara í gegnum fjallið á mótis við Vík og svo áfram með veginn sjávarmegin byggðarinnar. Göngin yrðu um 1,2 km á lengd. Miðað við þessa færslu á veginum væri eðlilegt að fara sunnan við Geitafjall í Mýrdal, eða í göngum gegnum það við Skeiðflöt. Slík göng yrðu um 500 m löng.

Meðalumferð ársins nálgast 500 bíla á dag, þannig að óvarlegt er að reikna með öðru en tvíbreiðum göngum. Bergið er blanda af móbergi og basalti, og aðstæður líklega eitthvað undir meðallagi. Kostnaður við göng í Reynisfjalli er áætlaður um 800 m.kr. með forskálum og stuttum vegtengingum. Ef bæði göngin eru tekin með og nýr vegur milli þeirra er heildarkostnaður áætlaður 1,3 milljarðar og stytting 3 km.

Skv. skýrslu Vegagerðarinnar *Hættulegar beygjur á þjóðvegi 1*, útg. í sept. 2002 er beygjan í Gatnabrún, þar sem núverandi Hringvegur liggur upp á Reynisfjall, ein af sex hættulegustu beygjum á Hringveginum og flokkast þar sem stórhættuleg. Þetta er þrátt fyrir að töluverðir fjármunir hafi verið lagðir í að lagfæra veginn á undanförunum árum. Þá er einsýnt að núverandi Hringvegur, þar sem hann liggur um Mýrdal, þolir ekki þungaflutninga sem um hann fara í dag og þyrfti styrkingar og endurnýjunar við ef ekki verður farið í gerð nýs vegar og jarðganga. Sveitarstjórn Mýrdalshrepps hefur ákveðið að setja jarðgöng um Reynisfjall á tillögu að aðalskipulagi sem nú er unnið að.

Ábyrgð á framkvæmd

Samgönguráðuneyti, Vegagerðin.

Aðrir þátttakendur

Sveitastjórn Mýrdalshrepps.

Tímaáætlun

2007 – 2008.

Kostnaðaráætlun

0,8 - 1,3 milljarðar skv. Jarðgangaáætlun frá árinu 2000.

32. Farsímavæðing við stofnvegi og á helstu ferðamannastöðum

Tillaga

GSM dreifikerfi verði eftt verulega þannig að það geti komið í stað NMT kerfis sem fyrir liggur að verði lagt niður. GSM kerfið nái til allrar byggðar á Suðurlandi og helstu ferðamannstaða og leiða.

Markmið

Að treysta fjarskipti á Suðurlandi til að auka öryggi og þægindi íbúa á Suðurlandi, ferðafólks og annarra vegfarenda.

Rök

Í nútímasamfélagi eru öflug fjarskipti nauðsynleg forsenda lífvænlegrar byggðar og í raun jafn mikilvæg og greiðar hefðbundnar samgöngur. Mikilvægt er að jafnrétti ríki í aðgengi að grunnnetinu á samkeppnishæfu verði og að þjónusta verði aðgengileg sem flestum óháð búsetu og að stjórnvöld tryggi það með framlögum til uppbyggingar dreifikerfisins.

Einn mikilvægasti öryggisþáttur í dreifbýli er aðgangur að farsímakerfum. Útbreiðsla GSM kerfisins er takmörkuð og fyrir liggur að Síminn mun taka NMT farsímakerfið niður innan tveggja til þriggja ára. Því er nauðsynlegt að byggja upp GSM dreifikerfi, sem nýtir langdrægari senda en þá sem nú eru í notkun, til að ráða bót á þessum annmörkum. Við uppbyggingu þess verður einnig að gæta þess að það dugi ef náttúruvá kveður að dyrum.

Ábyrgð á framkvæmd

Póst- og fjarskiptastofnun, samgönguráðuneyti.

Aðrir þátttakendur

Síma- og fjarskiptafyrirtæki, sveitarfélög.

Tímaáætlun

Hefja verður verkefnið sem fyrst og ljúka því sem hraðast.

33. Uppbygging tengivega á Suðurlandi

Tillaga

Gert verði áttak í uppbyggingu tengivega á Suðurlandi.

Markmið

Að uppbyggingu megin hluta þeirra verði lokið á ekki lengri tíma en næstu 15 árum.

Rök

Tengivegir eru hlutfallslega stór hluti vegakerfis á Suðurlandi og eru í mörgum tilvikum forsenda eðlilegrar byggðapróunar, ekki síst á jaðarsvæðum. Ástand þessara vega er víða í engu samræmi við umferðarþunga. Þessir vegir gegna æ stærra hlutverki með sívaxandi umferð, sem fylgir breytingum á atvinnulífi er kalla á daglega umferð íbúa um þessa vegi, og stóru aukinni umferð ferðamanna, en á Suðurlandi eru fjölsóttustu ferðamannastaðir á Íslandi. Tengivegir eru samtals um 1000 kílómetrar að lengd á Suðurlandi og hafa um 300 km verið byggðir upp og lagðir bundnu slitlagi.

Ábyrgð á framkvæmd

Alþingi, samgönguráðuneyti, Vegagerðin.

Tímaáætlun

Átakið standi til ársins 2020. Við forgangsröðun verði tekið tillit til byggðasjónarmiða og átakið nýtt til að bæta veika samkeppnisstöðu jaðarbyggða með tilliti til möguleika til daglegrar atvinnusóknar til þéttbýliskjarna og uppbyggingar ferðaþjónustu á jaðarsvæðum.

Kostnaðaráætlun

Samkvæmt kostnaðartölum Vegagerðarinnar kostar um 11 milljarða króna að ljúka uppbyggingu alls tengivegakerfisins á Suðurlandi.

34. Úrbætur á samgöngum við Vestmannaeyjar

Tillaga

Að koma Vestmannaeyjum í „þjóðbraut“ og styrkja um leið byggð og mannlíf í Vestmannaeyjum með varanlegum úrbótum á samgöngum til Eyja.

Markmið

Ljúka þeim rannsóknum sem nauðsynlegar eru svo að hægt sé að taka ákvörðun um framtíðarlausn í samgöngum til Vestmannaeyja, hvort sem um ræðir ferjuhöfn í Bakkafjöru eða jarðgöng. Á meðan á rannsóknum og framkvæmdum stendur verða bæði flugsamgöngur og ferjusiglingar Herjólfss styrktar með fjölgun ferða og niðurgreiðslu fargjalda.

Rök

Á undanförmum árum hefur fólki fækkað í Vestmannaeyjum og ferðamönnum sem leggja þangað leið sína sömuleiðis. Þetta hefur gerst þrátt fyrir margs konar kosti sem Vestmannaeyjar hafa, s.s hátt þjónustustig, öflugt mannlíf, mikla náttúrufegurð, gjöful fiskimið í nágrenninu og margt fleira. Skýringarnar eru eflaust margvíslegar, en takmarkaðar samgöngur eru án efa ein meginskýringin. Það er því mikilvægt að klára rannsóknir svo hægt sé að taka ákvörðun um framtíðar fyrirkomulag samgangna til Eyja en til þess að brúa bilið þangað til þarf að veita meira fjármagni í þær samgöngur sem notast er við í dag.

Ljóst er að miklir möguleikar felast í ferðamannþjónustu í Vestmannaeyjum, en forsenda vaxtar eru betri samgöngur við eyjarnar. Bættar samgöngur myndu raunar styrkja stöðu Vestmannaeyja á öllum sviðum, s.s í atvinnulífi og búsetu fólks.

Ábyrgð á framkvæmd

Samgönguráðuneytið, Vegagerðin.

Tímaáætlun

Heildstæð tímasett áætlun um aðgerðir í samgöngumálum Vestmannaeyja verði gerð fyrir árslok 2006.

Aðrar tillögur

35. Orkufrekur iðnaður á Suðurlandi

Tillaga

Að leita tækifæra varðandi orkufrekan iðnað á Suðurlandi.

Markmið

Að á Suðurlandi verði byggður upp orkufrekur iðnaður sem nýti orku og aðstæður á Suðurlandi, í því skyni að verða viðbót við atvinnuflóru svæðisins og renna þannig styrkari stoðum undir öflugra mannlíf og betri byggð á svæðinu almennt.

Rök

Megnið af orkuframleiðslu landsins verður til á Suðurlandi, þar er þó engin starfsemi í orkufrekum iðnaði. Hafnarbætur síðustu ára í Þorlákshöfn opna möguleika varðandi orkufrekan iðnað, þó ekki sé beinlínis horft til risaálvera. Þungamálmaframleiðsla eða sérhæfð orkufrek framleiðsla gæti átt framtíð fyrir sér, en þarfnast skoðunar. Nauðsynlegt er að koma á fót vinnuhóp eða ráða framkvæmdastjóra sem vinnur kerfisbundið að því að leita tækifæra varðandi orkufrekan iðnað á Suðurlandi. Þegar hefur verið haldin ráðstefna um orkufrekan iðnað á Suðurlandi og í framhaldi hennar stofnaður vinnuhópur sveitarfélaga á Suðurlandi og fulltrúa atvinnulífsins á svæðinu. Vinna áhugaaðila er þegar farin af stað. Stjórnvöld þurfa í framtíðinni að koma myndarlega að málinu og leggja til vinnu og fjármagn til að skoða betur og styrkja þær hugmyndir sem munu koma fram.

Ábyrgð á framkvæmd

Orku- og stóriðjunefnd SASS.

Aðrir þátttakendur

Hagsmunaaðilar s.s. orkusalar, iðnrekendur, fjárfestar auk iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis.

Tímaáætlun

2005 – 2009.

Kostnaðaráætlun

Liggur ekki fyrir.

36. Kötluvikur, Vík í Mýrdal

Tillaga

Skoða þarf hvort hagkvæmt geti verið að nýta Kötluvikur með aðkomu hins opinbera og þeirra aðila sem að fyrirtækinu standa. Stefna þarf að markvissum undirbúningi verkefnisins með ráðningu starfsmanns, með markaðsrannsókn og markaðssetningu í huga.

Markmið

Markmið með vinnslu vikurs á Mýrdalssandi er að skapa störf í sveitarfélaginu með vinnslu á vikri til útflutnings eða innanlandsnota. Að skapa verðmæti úr náttúruauðlind á svæðinu. Unnið hefur verið að verkefninu með það að markmiði annað hvort að þenja vikurinn og selja þaninn til útlanda eða aðeins forþurrka og flokka hann.

Rök

Allmikil rannsóknarvinna hefur nú þegar farið fram um hugsanlega nýtingu á Kötluvikri. Nauðsynlegt er að í framhaldinu komi stjórnvöld að málinu og leggi til vinnu og fjármagn til að skoða betur raunhæfi þeirra hugmynda sem hafa verið á borðinu. Megin rannsóknarvinna sem fram hefur farið og niðurstöður hennar eru afar jákvæðar.

Ábyrgð á framkvæmd

Kötluvikur ehf.

Aðrir þátttakendur

Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands, Mýrdalshreppur og iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

Tímaáætlun

2006 – 2007. Gert er ráð fyrir að vinna við markaðsrannsókn og markaðssetningu á Kötluvikri taki um eitt ár.

Kostnaðaráætlun

Kostnaður við verkefnið, laun starfsmanns og rekstur samtals 20 mkr.

37. Umhverfissvottað fyrirmyndarsamfélag

Tillaga

Byggðasamlag um Green Globe 21 í Rangárvalla- og Skaftafellssýslum, vinnur að því sameiginlega markmiði sveitarfélaganna frá Þjórsár til Hornafjarðar, að fá vottun Green Globe 21 fyrir vottað sjálfbært samfélag. Sveitarfélögin ríða þar með á vaðið, og gerast fyrirmynd fyrir íbúana í umhverfismálum og taka skrefið alla leið, þ.e. gerast aðili að Green Globe 21 og þurfa þar með að standast árlega viðmið þau sem Green Globe 21 setur.

Markmið

Að vinna að því að koma á fót sjálfbæru samfélagi sem samanstendur af sveitarfélögunum frá Þjórsá til Hornafjarðar og fá umhverfissvottun *Green Globe 21* í framhaldi af því. Með því myndu sveitarfélögin sem hlut eiga að máli gerast fyrirmynd annarra svæða í umhverfismálum og öðrum málum sem tengjast sjálfbæru samfélagi. Að gera samfélagið í heild vænlegra til búsetu fyrir íbúa og fyrirtæki í sveitarfélögunum sem að verkefninu standa. Að bæta samkeppnisstöðu fyrirtækja á svæðinu og byggja upp ímynd sem hefði markaðslegan ávinning.

Rök

Umhverfismálin eru vafalaust framtíðin, og munu verða ofar og ofar á verkefnalista hins opinbera, sem og íbúa landsins. Sveitarfélögin gerast fyrirmynd íbúanna og kalla þar með fram umræðu og áhuga íbúanna á umhverfismálum. Gott fyrir þau fyrirtæki sem eru starfandi á svæðinu. Þau geta haldið því fram að þeirra framleiðsla sé framleidd í vottuðu samfélagi, td. matvælafyrirtækin, ferðaþjónustan, hrossaræktarbóndinn, kjötframleiðandinn og mjólkurframleiðandinn. Rekstrarlegur hagnaður. Alþjóðleg auglýsing og ódýr markaðskypping, enda myndi svæðið verða meðal þeirra fyrstu sem fá þessa vottun á Norðurhveli jarðar.

Ábyrgð á framkvæmd

Atvinnuþróunarsjóður og Byggðasamlag um Green Globe 21 í Rangárvalla- og Skaftafellssýslum.

Aðrir þátttakendur

Ferðamálafélög, stofnanir, fyrirtæki og einstaklingar á starfssvæðinu.

Tímaáætlun

Fullnaðarvottun Green Globe 21 árið 2007.

Kostnaðaráætlun

Eitt stöðugildi, stjórnarlaun og akstur stjórnarmanna. Aðkeypt ráðgjöf. Samtals 3,8 mkr. á fyrsta ári.

38. Fjölgun starfa og flutningur opinberra stofnana til Suðurlands

Tillaga

Að fjölga störfum á vegum ríkisins á Suðurlandi með sérstakri áherslu á jaðarsvæði. Að settur verður á ákveðinn starfshópur á vegum Vestmannaeyjabæjar, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins og Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands til að útfæra þessa tillögu betur og finna út hvaða opinberu störf henta á Suðurlandi.

Markmið

Að störfum í opinberri þjónustu á Suðurlandi, sérstaklega á jaðarsvæðum, fjölgi og hlutfall íbúa bak við hvert starf verði til jafns við höfuðborgarsvæðið með því að efla útbú ríkistofnana sem fyrir eru. Einnig með því að flytja hluta af eða með öllu starfsemi annarra ríkisstofnana sem ekki eru fyrir í landshlutanum. Lagt er til að ríkið standi við þá fyrirætlun sína að nýta þá starfsemi sem er fyrir á stöðunum þegar verið er að bæta við störfum hjá hinu opinbera. Þannig verði nýtt sú þekking og aðstaða sem til er á Suðurlandi og stofnanir þar eflar með fleiri verkefnum frá ríkinu.

Rök

Aukin umsvif opinberra stofnana á landsbyggðinni hafa lengi verið í deiglu. Í þessu sambandi samþykkti Ríkisstjórn Íslands þingsályktunartillögu þann 3. maí 2002 um byggðaaætlun 2002 – 2005, þar sem m.a. segir um opinbera þjónustu:

„Í mörgum nágrannalöndum hefur verið tekið tillit til byggðasjónarmiða við uppbyggingu opinberrar þjónustu. Þannig hefur stofnunum sem þjóna öllu landinu verið valinn staður annars staðar en í höfuðborginni. Þessari aðferð þarf að beita hér á landi í meira mæli en gert hefur verið. Í því sambandi skyldi fyrst og fremst horft til helstu byggðakjarna á landsbyggðinni.“

Í opinberri þjónustu yrði lögð áhersla á að störfum og verkefnum verði fjölgað utan höfuðborgarsvæðisins með markvissu átaki og að stofnunum sem þjóna eigi öllu landinu yrði valinn staður í helstu byggðarkjörnum á landsbyggðinni. Með því að fjölga opinberum störfum á landinu styrkir það bæjar- og sveitarfélög utan höfuðborgarsvæðisins og húsnæði og aðstaða sem fyrir er á stöðunum nýtist betur. Einnig þarf að líta á þetta frá jafnréttisgrundvelli sem er að tryggja að hlutfall íbúa á hverju svæði á landinu á bak við hvert opinbert starf sé svipað alls staðar á öllu landinu. Hlutfall íbúa á bak við hvert starf í Vestmannaeyjum er 30,5 á móts við 14,6 á höfuðborgarsvæðinu. Starfsemi margra opinberra stofnana og ráðuneyta má vinna hvar sem er á landinu og í mörgum tilfellum væri jafnvel hentugra að opinber þjónusta væri staðsett á tilteknum stað utan höfuðborgarsvæðisins. Fyrir því er fjöldi fordæma.

Dæmi um þau opinberu störf sem gætu verið staðsett í Vestmannaeyjum er t.d. í stoðgreinum í fiskveiðum og fiskvinnslu, sbr. Hafrannsóknarstofnun. Einnig má athuga hvort einhver hluti af starfsemi Seðlabankans og Hagstofunnar gæti verið staðsettur í Vestmannaeyjum. Auk þess mætti skoða hvort flytja mætti alfarið starfsemi opinberra stofnana til Vestmannaeyja eins og Siglingamálastofnun og skrifstofu rannsóknastofnanna atvinnuveganna.

Ábyrgð á framkvæmd

Forsætisráðuneyti, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Vestmannaeyjabær.

Aðrir þátttakendur

Önnur ráðuneyti og ríkisstofnanir, Atvinnuþróunarfélag Suðurlands.

Tímaáætlun

Mikilvægt að hrinda þessu í framkvæmd sem fyrst.

Kostnaðaráætlun

Á ekki við.

39. Efling nýsköpunar og atvinnuþróunar í Vestmannaeyjum

Tillaga

Efla ráðgjöf og aðstoð til fyrirtækja og stofnanna til að bregðast við fækkun starfa og auka fjölbreytni atvinnulífsins. Til að sinna þessari ráðgjöf og aðstoð verður starfsmaður frá Impru staðsettur í Vestmannaeyjum.

Markmið

Stuðla að breytingum í atvinnulífi og atvinnuþróun í Vestmannaeyjum með aukinni nýsköpun og fjölgun úrræða í atvinnusköpun sem mun leiða til eflingar byggðar og traustara samfélags. Í tillögum að vaxtarsamningi fyrir Suðurland er gert ráð fyrir eflingu rannsókna, eflingu þróunarstarfs, markaðsstarfs og eflingu háskólanáms í Vestmannaeyjum. Allt eru þetta aðgerðir sem munu fæða af sér nýjar hugmyndir sem þarf að útfæra til þess að þær leiði af sér ný og arðvænleg störf. Markmiðið er að geta brugðist við og veitt þessum hugmyndum brautargengi með góðu aðgengi að ráðgjöf á sviði nýsköpunar og markaðsmála í Vestmannaeyjum. Efling á starfsemi stofnana á þessu sviði styður einnig markmið um eflingu bæjarsamfélagsins.

Rök

Sveitarfélögin í Vestmannaeyjum og Vestur-Skaftafellssýslu glíma við fólksfækkun og tiltölulega einhæft atvinnulíf og til að mæta þeirri þróun þarf að skapa leiðir til að efla atvinnuþróun- og nýsköpun á svæðunum. Einfaldasta leiðin að því marki er að auka framboð og aðgengi að ráðgjöf og fræðslu á fyrrnefndum sviðum. Sveigjanleiki og aðlögun að umhverfi og aðstæðum skiptir miklu til að mæta fjölbreyttum verkefnum sem upp geta komið. Ráðgjöf og fræðsla þarf að vera aðgengileg íbúum til átaksverkefna og óvæntra verkefna sem geta komið upp og langtímaverkefna.

Einnig þarf að hlúa að þekkingu og reynslu aðila innan svæðisins og til að nýta sem best yfirburðaþekkingu og færni í atvinnu- og byggðarráðgjöf. Dæmi um slíkar sérstakar lausnir eru aðgerðir Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands í tengslum við mótvægisáðgerðir til að tryggja vöxt og viðgang byggðar í Skaftárhreppi eftir lokun sláturhúss SS á Kirkjubæjarklaustri 2005.

Ábyrgð á framkvæmd

Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands, IMPRA/Iðntæknistofnun og Vestmannaeyjarbær, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

Aðrir þátttakendur

Byggðastofnun, Nýsköpunarsjóður og Vestmannaeyjabær

Tímaáætlun

Einu stöðugildi verði komið upp á árinu 2006 og tveimur á árinu 2007.

Kostnaðaráætlun

Kostnaður við hvert stöðugildi er áætlaður um 6 m.kr., er þá tekið tillit til kostnaðar vegna ferða og samskipta innan Suðurlands. Við fjármögnun verði horft til framkvæmdaraðila og gildandi byggðaaætlunar hvers tíma.

40. Fjarkennsla til meginlandsins

Tillaga

Samvinna um stofnun fjarnámsdeildar við Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum, með sérstakri áherslu á Rangárþing.

Markmið

Markmiðið er að gera nemendum í Rangárþingi kleift að stunda nám við Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum með sem minnstri fyrirhöfn og kostnaði, án þess að þurfa að flytjast að heiman. Nemendum yrði gert kleift að stunda námið í gegnum blöndu af fjarnámi og staðbundinni kennslu í kennslulotum. Jafnframt myndu þessir nemendur fá aðgang að íþróttafélögum og öðrum tómstundartilboðum í Vestmannaeyjum í gegnum námslotur og gagnkvæmar heimsóknir.

Rök

Í Vestmannaeyjum er rekin öflugur framhaldsskóli sem getur þjónustað mun stærra svæði en hann gerir í dag. Menntunarstig kennara er gott og metnaður til aukinnar starfsemi. Í Rangárþingi er ekki í boði framhaldsskólakennsla og þurfa nemendur að leita á Selfoss eftir þjónustu og stór hluti þarf að flytja að heiman. Á sama hátt er íþróttalíf í miklum blóma í Vestmannaeyjum en þörf er á fleiri iðkendum. Í Rangárþingi er hinsvegar lítið um efriflokka til að mynda í handbolta og fótbolta en öflugt starf í yngriflokkum og vilji til samvinnu á þessu sviði.

Ábyrgð á framkvæmd

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum.

Aðrir þátttakendur

Rangárþing, Vestmannaeyjabær, ÍBV íþróttafélag, Hvolskóli, menntamálaráðuneytið, Flugfélag Vestmannaeyja

Tímaáætlun

Kennsla hefst til tilraunar vor 2007

Kostnaðaráætlun

Gera má ráð fyrir stofnkostnaði upp á 6 - 8 milljónir. Eftir að stofnkostnaður hefur verið greiddur og hefð kemst á kennsluna kemur til með að draga úr kostnaði. Áætlaður rekstrarkostnaður eftir það ræðst af fjölda nemenda rétt eins og er með aðra kennslu.

41. Íþróttta- og ólympíumiðstöð á Laugarvatni

Tillaga

Íþróttta- og ólympíumiðstöð Íslands verði komið á stofn á Laugarvatni í samræmi við tillögu starfshóps sem menntamálaráðherra skipaði árið 2004. Miðstöðin verði þjónustustofnun og mennta- og rannsóknasetur fyrir íþróttastarfsemi í landinu.

Markmið

Að efla íþróttastarf með sérstakri áherslu á æfingabúðir fyrir afreksíþróttir og þjálfara, svo og að efla námskeiðastarf á sviði íþróttta og útivistar og stuðla þannig að betra íþróttastarfi á Íslandi. Jafnframt að treysta Laugarvatn í sessi sem miðstöð menntunar og rannsókna í íþrótttafræðum á Íslandi.

Rök

Fyrir liggja tillögur starfshóps á vegum menntamálaráðuneytisins frá árinu 2004 um framtíðarskipulag og starfsemi miðstöðvarinnar. Þá hafa sveitarfélög á Suðurlandi samþykkt að leggja fram stofnfé til miðstöðvarinnar. Ekki hafa fengist nægileg framlög frá ríkinu til að geta hrint málinu í framkvæmd.

Ábyrgð á framkvæmd

Menntamálaráðuneyti.

Aðrir þátttakendur

Sveitarfélög á Suðurlandi.

Tímaáætlun

Stofnunin hefji starfsemi 2006.

42. Heilsusamfélag Suðurlands

Tillaga

Að koma á fót Heilsusamfélagi Suðurlands, þ.e. klasa af þjónustu á sviði forvarna, endurhæfingar og lækninga sem einbeittu sér að því að vinna að þverfaglegum meðferðum og nota til þess blöndu af meðferðarformum sem kallaðar hafa verið hefðbundnar og óhefðbundnar lækningar. Þar yrði einnig lögð áhersla á menntun og fræðslu á þessu sviði, íþróttir og hreyfingu, hollan og lífrænt ræktaðan mat, ómengað svæði og frið og ró. Heilsusamfélagið byggði á grunni Heilsustofnunar NLFÍ í Hveragerði.

Markmið

Að koma á fót svokölluðu heilsusamfélagi á Suðurlandi, sem byggði á því forskoti sunnlendinga varðandi reynslu og þekkingu á heilsueflingu. Í heilsusamfélaginu færu saman hefðbundnar lækningar og óhefðbundnar leiðir til heilsueflingar. Að Heilsustofnun NLFÍ verði lækninga- og fræðasetur sem miði að samþættingu hefðbundinna og óhefðbundinna lækninga. Að boðið verði upp á eftirmeðferð, líkamsrækt, affreyningu og aðrar tengdar meðferðir fyrir þá sem vilja efla heilsu sína og auka heilbrigði.

Rök

Áhugi fyrir samþættingu hefðbundinna og óhefðbundinna lækninga vex stöðugt og árangur af slíkri meðferð verður sífellt sýnilegri. Heilbriggt mataræði, friðsæld, rými, andrúmsloft og umhverfi skipta máli í tengslum við heilsueflingu. Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði hefur upp á þetta að bjóða og byggir á langri og góðri reynslu og hefur afar jákvæða ímynd hér á landi.

Verkefnið þarf að tengjast fyrirtækjum í heilsugeiranum sem áhuga hafa á breytingum í heilbrigðismálum.

Samþætting hefðbundinna og óhefðbundinna lækninga er af mörgum talin verða ein helsta lækningaáhersla framtíðarinnar. Hugmyndir um samþættingu þessa eru einna lengst komnar í Bandaríkjunum og mið- Evrópulöndunum.

Ábyrgð á framkvæmd

HNLFI, Háskóli Íslands, Landspítalinn, Lýðheilsustöð og heilbrigðisráðuneytið.

Aðrir þátttakendur

Fyrirtæki í heilsugeiranum s.s. ferðaþjónustufyrirtæki, líkamsræktar- og heilsuræktarstöðvar og lyfjafyrirtæki, Landlæknir auk annarra fag- og áhugaaðila sem málinu tengjast, Hveragerðisbær, önnur sveitarfélög á Suðurlandi og Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands.

Tímaáætlun

Stefnt er að því að verkefnið hefjist 2006.

Kostnaðaráætlun

Um er að ræða launa- og rekstarkostnað umsjónarmanns verkefnisins ásamt ferðakostnaði.

43. Hestamennska og hrossarækt á Suðurlandi

Tillaga

Að koma á fót tengslaneti þeirra aðila sem koma að hestamennsku og hrossarækt til að auka faglegan stuðning við atvinnugreinina.

Markmið

Að auka faglegan stuðning við hestamennsku og hrossarækt með tengslaneti stoðkerfis landbúnaðarins og annarra stofnana sem tengjast greininni. Að auka um leið efnahagslegan ávinning af greininni og efla ímynd hestamennsku og hrossaræktar innanlands sem utanlands.

Rök

Suðurland hefur markað sér stöðu sem fremsta og öflugasta hrossaræktarsvæði landsins, með mestan fjölda hrossa og flest hrossabú á landinu. Öll aðstaða til hestamennsku og hrossaræktar er fjölbreyttari, meiri og betri en annars staðar á landinu. Einnig er mikil og hröð uppbygging í gangi á svæðinu í tengslum við hrossarækt og hestamennsku. Mikill áhugi er innan greinarinnar að auka fagmennsku og sérfræðisþekkingu á öllum sviðum hennar. Rannsóknir, upplýsingasöfnun og greining af ýmsu tagi eru mikilvægir þættir í eflingu fagmennsku innan greinarinnar.

Aukin fagmennska eykur efnahagslegan ávinning og tekjur í greininni.

Ábyrgð á framkvæmd

Búnaðarsamband Suðurlands, Landbúnaðarstofnun og Landbúnaðarháskólinn.

Aðrir þátttakendur

Hestamannafélög á Suðurlandi, félög tamningamanna, önnur félög og áhugaaðilar sem tengjast málinu.

Tímaáætlun

Stefnt er að því að verkefnið hefjist haustið 2006 og standi áfram.

Kostnaðaráætlun

Aðallega er gert ráð fyrir kostnaði við myndun tengslanets, þ.e. kostnaði umsjónaraðila. Gera má ráð fyrir því að kostnaður falli beint undir rekstur Vaxtarsamnings.

44. Ungmenna- og tómstundabúðir í Skógum undir Eyjafjöllum

Tillaga

Að koma á fót ungmenna- og tómstundabúðum í Skógum undir Eyjafjöllum sem ætlaðar yrðu grunnskólanemendum. Starfsemin yrði rekin á vegum Ungmennafélags Íslands í húsnæði Héraðsskólans í Skógum.

Markmið

Að skapa ungu fólki tækifæri til menntunar, íþróttaiðkunar og félagsstarfa, á þeim forsendum að allir séu velkomnir til starfa út frá eigin getu og hæfileikum. Miðað er við þátttöku nemenda 8. bekkja grunnskóla landsins.

Ungmenna- og tómstundabúðirnar verða reknar í anda hugmyndafræði UMFÍ, þar sem áhersla verður lögð á tómstundir sem lífsstíl og sem mikilvægan þátt í forvarnarstarfi. Rík áhersla verður lögð á að námið í búðunum nýtist þegar heim er komið.

Annað markmið verkefnisins er að koma starfsemi á fót í húsnæði héraðsskólans í Skógum og skapa um leið atvinnu í tengslum við ýmis konar þjónustu við verkefnið. Stefnt er að því að um 10 – 12 störf geti orðið til í tengslum við verkefnið.

Rök

Rannsóknir hafa sýnt fram á að þátttaka barna og unglinga í íþrótt- og æskulýðsstarfi hefur mikilvægt forvarnargildi. Mikil eftirspurn er eftir fólki í samfélaginu sem býr yfir þekkingu á félagsstörfum.

Ungmenna- og tómstundabúðir efla sjálfstraust, samvinnu og tillitssemi og hvetja til sjálfstæðra vinnubragða. Þar kynnast þátttakendur heimavistarlífi, fræðast um söguslóðir, landið og umhverfið, læra að vera þátttakendur í félagsstarfi og fræðast um mikilvægi forvarna. Þar er unnið markvisst gegn einelti og þar kynnast þátttakendur mikilvægi hollra lífnaðarháttanna.

Aðstaða í Skógum er öll hin ákjósanlegasta fyrir búðir sem þessar. Aðaláhersla búðanna í Skógum verða listsköpun, heilsa, saga og útivera. Náttúran og umhverfið í Skógum býður upp á útivist af fjölbreyttu tagi, þar er eitt áhugaverðasta minjasafn landsins sem nýtt verður til uppfræðslu um forna atvinnu- og lífnaðarhætti. Njáluslóðir eru í næsta nágrenni og í samstarfi við bændur á svæðinu verður farið í heimsóknir á nýtískubú og nútímasveitastörf verða kynnt. Auk þess verða íþróttir og leikir sem stuðla að samvinnu nemenda við lausnir á verkefnum.

UMFÍ rekur nú þegar sambærilegar ungmenna- og tómstundabúðir á Laugum í Sælingsdal með góðum árangri. Horft verður til þeirrar reynslu við undirbúning, uppbyggingu og rekstur skólabúða í Skógum.

Ábyrgð á framkvæmd

UMFÍ, sveitarfélagið Rangárþing Eystra.

Aðrir þátttakendur

Menntamálaráðuneyti, Minjasafnið í Skógum, Sögusetrið Hvolsvelli og bændur í nágrenninu.

Tímaáætlun

Stefnt er að því að verkefnið hefjist haustið 2006.

Kostnaðaráætlun

Rekstarkostnaður á ári er áætlaður verða um 60 milljónir króna. Stefnt er að framlagi frá opinberum aðilum að upphæð 30 mkr. á ári.

Viðauki I

Kynningarfundur um

Vaxtarsamning Suðurlands

- Umfjöllun um áherslur og tillögur -

Hótel Selfossi

Miðvikudaginn 5. október n.k., kl. 12:45 - 17:30

Dagskrá

12:45 Skráning	14:30 Háskólastarf og hagvöxtur svæða <i>Karl Benediktsson, dósent HI</i> <i>Orri Hlööversson, bæjarstjóri, Hveragerði</i>
13:00 Setning <i>Elin Einarsdóttir, oddvili Myrdalshrepps, Vik</i>	14:50 Áherslur í starfi nefndarinnar - Drög að tillögum <i>Baldur Pétursson, formaður verkefnisstjórnar</i> <i>Róbert Jónsson, Órn Þórðarson, Almannuþróunarsjóði Suðurlands</i> <i>Páll Márvin Jónsson, Háskólaári Vestmannaeyja</i>
13:05 Ávarp <i>Valgerður Sveinisdóttir, lónaðar- og viðskiptaráðgjafi</i>	15:05 Kaffi og starf einstakra hópa <i>Sjúkuváttvegur og malvæði, Guðrún Erlingsdóttir fulltrúi bæjarst. Vestmannaeyja</i> <i>Munnitun og rannsóknir, Þorsteinn I. Siglússon, prófessor HI.</i> <i>Ferðatjónusta og menning, Friðrik Pálsson, Hótel Rangá</i> <i>Samgöngur og óxkur mátt, Eyjólfur Ámi Rafnsson, framkvæmdastjóri Hönnunar, Reykjavík</i>
13:15 Alþjóðavæðing og klasar <i>Ása Hanson, forseti The Competitiveness Institute og The Cluster Practitioners Network í Bandaríkjunum. Ráðgjafi samtakanna The Economic Competitiveness Group. Hefur m.a. starfað fyrir World Bank og International Monetary Fund.</i>	16:30 Áherslur einstakra hópa
13:55 Vaxtarsamningar - hvað svo? <i>Bjarni Jónsson, framkvæmdastjóri Vaxtarsamnings Eyjafélags</i>	17:00 Almennar umræður
14:10 Alþjóðlegt netsamstarf - Norðurlóða áætlunin (NPP) <i>Þórarinn Sölmundarson, ráðgjafi, Byggðastofnun</i> Destination Viking Sagalands <i>Rágnvaldur Guðmundsson, verkefnisstjóri og</i> <i>Ásberg Ampórsdóttir, ferðamálafulltrúi</i>	17:30 Samantekt og fundarlok

Fundarstjóri: Orri Hlööversson, bæjarstjóri í Hveragerði

Tilgangur fundarinnar er að fjalla um væntanlegar tillögur og áherslur í starfi nefndar um Vaxtarsamning Suðurlands. Fundurinn er öllum opin. Fundargestir eru beðnir um að skrá sig hjá Atvinnuþróunarsjóði Suðurlands í síma 482 2419 - og taka fram starfshóp sem viðkomandi vill taka þátt í.

Verkefnisstjórn um byggðapróun og Vaxtarsamning Suðurlands
lónaðar- og viðskiptaráðuneytið
Vestmannaeyjabær og sveitarfélög á Suðurlandi



